SJÓARINN

1. TÖLUBLAÐ | 41. ÁRGANGUR | 31. MAÍ 2024

MANNLÍF

ÓKEYPIS EINTAK

BJARGVÆTTURINN Í HÁLOFTUNUM

Benóný Ásgrímsson vann um árabil sem sjómaður, meðal annars hjá Landhelgisgæslunni, og síðar sem þyrluflugmaður á hennar vegum.

„ÉG VAR ALDREI MIKILL FLUGMAÐUR Í MÉR“

„ÉG HEF ALLTAF VERIÐ LOFTHRÆDDUR“

LEIKHÚSGAGNRÝNI • UPPSKRIFTIN • ÚTIVIST • PISTLAR • VIÐTÖL • SAMFÉLAGSMÁL • NEYTANDINN

Iceland Hotel Collection BY BERJAYA

Gjöfin er

dásamlegt dekur, hugguleg hótelgisting eða dýrindis máltíð

Hjá okkur færð þú gistingu, mat eða dekur á ellefu hótelum, níu veitingastöðum og þremur heilsulindum. Bókaðu endurnærandi ánægjustund eða pantaðu gjafabréf sem veitir þér og þínum, eða samstarfsfólkinu, ógleymanlega upplifun.








Iceland Parliament Hotel · Hilton Reykjavik Nordica · Berjaya Iceland Hotels · Alda Hotel Reykjavik · Konsúlat Hotel Reykjavik · canopy Reykjavik City Centre · Parliament Spa · natura spa · Hilton Reykjavik Spa

Vox Brasserie & Bar · Geiri Smart Restaurant · satt · aurora Restaurant & Bar · Hjá Jóni restaurant · Slippbarinn Restaurant - Bar · Konsúlat Wine Room · Lyng Restaurant · mylla Restaurant

Kynntu þér úrval gjafabréfa hjá Iceland Hotel Collection by Berjaya

icelandhotelcollection.is
Hafðu samband við sales@icehotels.is og fáðu tilboð



Við óskum sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn

Um leið viljum við vekja athygli á **kostum séreignarsparnaðar**. Tryggðu þér **2% launahækkun** með séreignarsparnaði hjá Gildi eða auktu framlag í tilgreinda séreign án þess að greiða meira.

Nánari upplýsingar á **gildi.is**

GILDI Lífeyrissjóður www.gildi.is

EFNISYFIRLIT

Í góðum málum / slæmum málum 3
Leiðarinn 4
Leikhúsgagnrýni 6
Pistill – Ég er landkrabbi 8
Neytendamál 8
Sakamál – Ómakleg örlög aðmírálsins 10
Kynning – Brim 14
Viðtal – Kristján Loftsson 18
Viðtal – Þorsteinn K. Ingimarsson 22
Viðtal – Vigfús Markússon 24
Forsíðuviðtal – Benóný Ásgrímsson 28
Viðtal – Steingrímur Helgu Jóhannesson 38
Kynning – Kreativ Dental 72
Viðtal – Böðvar Þorsteinsson 46
Viðtal – Axel Jónsson 48
Útivist – Í félagsskap hvala og rostungs 50
Umfjöllun – Fiskeldi á Íslandi á mannamáli 54
Kynning – Sjómannadagsráð 58
Pistill – Blóðpylsa og bjór í Murmansk 64
Stækkunarglerið – Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir 68
Uppskriftin 70
Síðast, en ekki síst 74

MANNLÍF **Útgáfufélag:** Sólartún ehf.

Ábyrgðarmaður: Reynir Traustason
Ritstjóri: Kolbeinn Þorsteinsson
Útgáfu- og auglýsingastjóri: Valdís Samúelsdóttir
Ljósmyndari: Þráinn Kolbeinsson
Forsíðumynd: Þráinn Kolbeinsson
Blaðamenn: Kolbeinn Þorsteinsson, Björgvin Gunnarsson, Brynjar Birgisson, Svanur Már Snorrason, Svava Jónsdóttir
Umbrot og hönnun: Mannlif

prentmet Oddi heildarlausnir í prentun

Í góðum málum




Samsæriskenningasmiðir eru góðum málum. Aldrei hefur verið auðveldara fyrir fólk að koma einhvers konar rugli á framfæri og fá einhvern til að hlusta. Eitt af því sem hefur breyst við samsæriskenningasmiði Íslands á 21. öldinni er fólkið á bak við kenningarnar. Þetta voru yfirleitt útúrreyktir, vinstrisinnaðir menntskælingar, sem fáir tóku mark á, að röfla um CIA og 11. september. Núna virðast helstu talsmenn samsæriskenninga vera öfgahægrimenn á fertugs- og fimmtugsaldri. En helsti munurinn núna og fyrir 20 árum er að núna fá þessir menn pláss í fjölmiðlum og auðvitað leika samfélagsmiðlar risastórt hlutverk. Sumir þessara einstaklinga hafa gegnt mikilvægum hlutverkum í íslensku samfélagi. Fyrrverandi ráðherrar, dómarar, framhaldsskólakennarar, hjúkrunarfræðingar og fjölmiðlamenn tjá sig reglulega með hætti sem hefði valdið útskúfun frá fjölskylduboðum fyrir 20 árum, en þessum einstaklingum er þess í stað hampað.

Í slæmum málum

Menning í Reykjavík er í slæmum málum. Það er fátt sem Íslendingum finnst skemmtilegra en að lesa og fara í sund. Hægt er að segja þessir tveir hlutir séu lykilþáttur í íslenskri menningu og hefur sundmenning á Íslandi náð slíku hámæli að hún var nýlega tilnefnd á skrá UNESCO yfir óáþreifanlegan menningararf mannkyns og skipar sér þar í hóp með sánamenningu Finnlands og hinu franska baguette-brauði. Meirihlutinn í Reykjavík hefur af sinni miklu visku ákveðið að stytta opnunartíma sundlauga í Reykjavík til þess að spara örfáar krónur í stað þess að setja bremsur á hin ýmsu gæluverkefni sem fáir borgarbúar munu nýta. Þá hefur einnig verið tilkynnt að bókasöfnum Reykjavíkur muni verða lokað í þrjár vikur í sumar til þess að hagræða um 40 milljónir króna. Vissulega gerir margt smátt eitt stórt, en þegar það verið að stinga íslenska menningu í bakið og ávinningurinn dugir ekki til þess að kaupa íbúð í Grafarvogi, þá veltir maður fyrir sér hvort að fólkið sem ræður sé hvort tveggja ólæst og ósynt.



Hetjur hafsins
þurfa hetjur háloftanna



Kolbeinn Þorsteinsson, ritstjóri
kolbeinn@mannlif.is

Í forsíðuviðtali Sjóarans stiklar Benóný Ásgrímsson, þyrluflugmaður Landhelgisgæslunnar með meiru, á stóru um feril sinn og rætur. Örlögin höguðu því þannig til að fyrstu spor hans á sjónum urðu hjá Landhelgisgæslunni, þegar Gæslan var til þess að gera enn ung að árum. Benóný munstraði sig sem messa um borð í gamla Ægi þegar hann var fjórtán ára.

Auk þess sem hann var viðloðandi varðskipin íslensku næstu árin, drap hann niður fæti í sænska kaupskipaflotanum og að sjálfsögðu hjá íslensku skipafélögunum Eimskipum og Ríkisskipum. Síðar varð hann þátttakandi í þyrluvæðingu Gæslunnar þegar sú hugmynd kviknaði að hafa litlar þyrlur um borð í skipunum. Hann varð einn þriggja stýrimanna sem boðið var að þjálfa sig sem þyrluflugmenn með því að fljúga þyrlum á frívöktum. Lendingin varð þó sú að mennirnir unnu í landi á meðan þeir voru í flugnámi. Hvað sem því öllu leið þá var svo komið að þyrlur urðu mikilvægur þáttur í öryggi sjómanna á hafinu í kringum landið.

Síðan eru liðin mörg ár og ítrekað hafa þyrlur Landhelgisgæslunnar sannað mikilvægi sitt, hvort heldur er við björgun á láði eða legi. Slíkt hið sama má að sjálfsögðu segja um skip Landhelgisgæslunnar.

Þrátt fyrir að hafa komið að fjölda björgunaraðgerða þar sem um var að ræða menn í háska, annaðhvort á sjó eða landi, þá er ein björgunaraðgerð Benóný minnisstæðari en margar aðrar. Í það skiptið var um að ræða kvígur sem orðnar voru aðfram komnar sökum hungurs, búnar að rótnaga gras í gljúfri við Stóru-Laxá. Kvígurnar hreyfðu engum mótmælum þegar þær voru settar í björgunarnet og hífðar, ein á fætur annarri, upp úr gljúfrinu.

Umrædd björgun sýnir svo ekki verður um villst að verkefni þyrlusveitar Landhelgisgæslunnar geta verið af ýmsum toga og átt sér stað við alls konar aðstæður. Því er brýnt, svo ekki sé dýpra tekið í árinni, að vel sé staðið að rekstri stofnunarinnar í öllu tilliti. Það er með öllu ófært að stofnunin sé svo fjársvelt að hún þurfi að leigja skip eða þyrlur til verkefna langt frá ströndum landsins, enda mikilvægt að farartæki og mannskapur Gæslunnar sé tiltækur allt árið um kring. Verkefnin snúast ekki eingöngu um björgun fólks eða ferfætlinga, heldur ekki síður um eftirlit á miðunum í kringum landið; umgengni um þessa stærstu auðlind íslensku þjóðarinnar af hálfu skipa, erlendra eða innlendra.



Landhelgisgæslan, skip hennar og þyrlur, er ekki eitthvað sem hampa á á tyllidögum, skreyta með merkjaflöggum frá stefni og aftur á skut, en svelta þess á milli. Fyrr mætti skera niður mannskap á Alþingi um helming en að draga saman seglin í þeim fjármunum sem eyrnamerktir eru Gæslunni.

Lítill vafi leikur á því að fjöldi fólks hugsar með þakklæti til áhafna varðskipa og þyrla Landhelgisgæslunnar og er nærtækast að nefna björgunarafrek þyrlusveitar Gæslunnar þegar Dísarfell, flutningaskip Samskipa, sökk milli Íslands og Færeyja. Þar hefðu málalyktir getað orðið miklu sorglegri, en ella, ef ekki hefði verið fyrir vaska björgunarsveit Landhelgisgæslunnar, góðan tækjakost og góða þjálfun þeirra sem að björgun stóðu.

„Það var svo erfitt fyrir sigmanninn að athafna sig. Hann var búinn eftir þrjá til fjóra og varð að hvíla sig. Við settum í staðinn tvær lykkjur niður og krossuðum fingur. En við vissum líka sem betur fer að það voru flestir sjómenn búnir að fara í gegnum Slysavarnaskóla sjómanna. Og þeir þekktu þetta," segir Benóný Ásgrímsson þyrluflugmaður um það þrekvirki sem þar var unnið. Benóný segir að því fari fjarri að hann sé með stáltaugar, og bætir við að það sé „nauðsynlegt að vera hræddur í svona starfi."

Allt fyrir hljóðvistina

3D hljóðdeyfiklæðningar í úrvali



Byggingavöruverslun

Þ. Þorgrímsson & Co

Ármúli 29 • 108 Rvk • 512-3360 • korkur.is

Texti / Björgvin Gunnarsson Mynd / Aðsend

Eitruð lítil pilla

- Vísitölufjölskylda í vanda

Í lok febrúar fór ég á frumsýningu Borgarleikhússins á rokksöngleiknum Eitruð lítil pilla í leikstjórn Álfrúnar Helgu Örnólfsdóttur, en lögin í sýningunni eru öll eftir kanadísku söngkonuna Alanis Morissette sem skaust upp á stjörnuhimininn með látum á tíunda áratug síðustu aldar. Söngleikurinn er saminn af þeim Alanis Morissette og Diablo Cody og var fyrst frumsýndur á Broadway árið 2019 og sló rækilega í gegn.

Ég var mjög spenntur fyrir sýningunni, en Alanis á sérstakan stað í hjarta mér og ég hlustaði oftar á Jagget Little Pill-plötu hennar en eðilegt gæti talist. Ég á líka gríðarlega margar minningar sem tengjast lögum hennar. Ég missti til dæmis sveindóminn á meðan Jagget Little Pill var á fóninum. Þá lét vinkona mín frá Akureyri og síðar kærasta mín, mig vita að hún væri hrifin af mér með því að senda mér jólakort með texta úr laginu Head Over Feet, en þar segir meðal annars:

„You've already won me over
In spite of me
And don't be alarmed if I fall
Head over feet
And don't be surprised if I love you
For all that you are
I couldn't help it
It's all your fault"

Ekki vantar rómantíkina!

En sem sagt, þarna var ég kominn til að sjá söngleik byggðan á lögum Alanis Morissette. Söguþráðurinn er eins „woke" og hægt er og gæti það pirrað einhverja en ekki hann mig. Fjallar söngleikurinn um vísitölufjölskyldu þar sem í fyrstu virðist allt í sóma. Kemur svo á daginn að svo er aldeilis ekki, pabbinn, sem leikinn er af Vali Frey Einarssyni, er háður klámi, mamman, sem leikin er af Jóhönnu Vigdísi Arnardóttur, er háð Oxycontin-töflum, dóttirin, sem leikin er af Aldísi Amah Hamilton, á í vandræðum í ástalífinu og sonurinn, sem leikinn er af Sigurði Ingvarssyni, varð vitni að nauðgun en gerði ekkert til að stöðva hana. Sem sagt, allt í hakki.




Stjarnan sem skein hvað bjartast var Jóhanna Vigdís Arnardóttir í hlutverki fyrirmyndarmóðurinnar Mary Jane.

Í byrjun átti ég nokkuð erfitt með að hrista af mér kjánahrollinn þegar ég heyrði fyrstu lögin sungin á íslensku. Í raun skemmdi það í fyrstu fortíðarþrá fyrir mér, en svo komst ég yfir það. Eftir tvö til þrjú lög var ég búinn að sætta mig við að þau væru á íslensku og gat notið mín að fullu. Söngurinn var einfaldlega frábær, en sú sem stjarnan sem skein hvað bjartast var Jóhanna Vigdís Arnardóttir í hlutverki fyrirmyndarmóðurinnar Mary Jane, en hún sneri aftur á svið eftir talsvert hlé. Atriðið með henni rétt fyrir hlé framkallaði meira að segja tár á hvarmi. Elín Hall var einnig stórgóð í hlutverki sínu sem Bella, en sönghæfileikar hennar fengu aldeilis að njóta sín í sýningunni. Þá var Íris Tanja Flygenring frábær í hlutverki Jo og kröftug söngrödd hennar bókstaflega fyllti salinn þegar hún hóf upp raustina. Aðrir leikarar skiluðu sínu af myndarbrag, eins og Aldís Amah Hamilton í hlutverki Frankie, tvíkynhneigðrar dóttur þeirra Mary Jane og Steve, sem komst vel frá hlutverki sínu og Sigurður Ingvarsson í hlutverki Nicks, bróður Frankie, og greinilegt að hann hefur lært margt af föður sínum, Ingvari E. Sigurðssyni. Danskóreógrafían í söngleiknum var mjög flott, en Saga Sigurðardóttir á heiðurinn af henni. Þýðingin var í höndum þeirra Matthíasar Tryggva Haraldssonar og Ingólfs Eiríkssonar, hún var fín á köflum en alls ekki alltaf. Stundum fannst mér sem textinn væri svolítið þvingaður, en í heildina var þetta ágætt.

> *Eftir tvö til þrjú lög var ég búinn að sætta mig við að þau væru á íslensku og gat notið mín að fullu.*

Þegar tjaldið féll í lok söngleiksins vildi ég meira og það segir ýmislegt um upplifun mína. Sýningin er stórskemmtileg, hún er „relevant", svo maður sletti aðeins, tekur á málum sem brenna á samfélaginu, nándarleysi í samböndum, kynhneigð, rasisma, fíknisjúkdómum, nauðgunarmenningunni og fleiru sem vert er að skoða í kjölinn. Lögin eru frábær, söngurinn stórkostlegur, leikurinn góður og sviðsmyndin geggjuð. Ef ég ætti að gefa sýningunni stjörnur myndi ég gefa henni 4 af 5.




04:39
SIEMENS
GRANÍT
STEINAR

Texti / Brynjar Birgisson Mynd / Smári McCarthy

Ég er landkrabbi

Ég er landkrabbi, það er ekki flóknara en svo. Ég ætla ekki segja að ég óttist sjóinn, en ég get heldur ekki sagt að ég óttist hann ekki. Ætli sé ekki hægt að segja að ég beri óttablandna virðingu fyrir hafinu. Í þau skipti sem ég hef neyðst til að stíga um borð í skip hefur það verið á forsendum foreldra minna eða grunnskóla. Yfirleitt hefur það verið til þess að sigla út í einhverja eyju eða skoða hvali. Ég get ekki sagt að ég hafi notið mín sérstaklega án þess þó að hafa verið síælandi. Ferðirnar þá skil ég ekki af hverju við fórum til Vestmannaeyja því að allt djammið var inni á hótelinu. En það er hvorki hér né þar.

Ég man þegar ég sá gamla Herjólf í fyrsta skipti. „Er þetta Herjólfur?“ sagði ég upphátt við sjálfan mig, en mér fannst þetta vera algjör dallur. Þegar ég gekk um borð með Jónasi og Mikael áttaði ég mig á því að ég hafði gert þau mistök að gleyma að borða. Ég var of spenntur til að muna það. Þeir félagar sögðu mér að hafa litlar áhyggjur af því. Í Herjólfi væri að finna nóg



> *Þegar ég gekk um borð með Jónasi og Mikael áttaði ég mig á því að ég hafði gert þau mistök að gleyma að borða.*

hafa satt best að segja verið hálfleiðinlegar. Allar nema ein. Þá var ég 16 ára gamall og var nemandi við Fjölbrautaskólann í Breiðholti. Ég tók þá ákvörðun að skrá mig í „skíðaferð“ til Vestmannaeyja, en sú ferð var á vegum nemendafélags FB. Ég var mjög spenntur fyrir ferðinni, en ég almennt séð naut mín mikið í ferðum á vegum nemendafélagsins og var virkur þátttakandi í ýmsum nefndum meðan ég var við í nám í skólanum. Ég hafði hins vegar aldrei komið til Vestmannaeyja áður. Ég fékk far til Þorlákshafnar með Jónasi og Mikael, samnemendum mínum, sem voru miklir djammarar, en sjálfur var ég varla byrjaður að smakka áfengi þó að hin raunverulegi tilgangur ferðarinnar hafi verið að drekka áfengi í miklu magni. Í óhófi jafnvel. Þegar ég hugsa til baka af góðum mat. Enn í dag velti ég fyrir mér hvort þeir hafi verið að ljúga að mér. Ég pantaði mér hamborgara og gott ef þetta var ekki beikonborgari. Ég borðaði hann með bestu lyst og var Herjólfur ekki lagður á stað úr höfn þegar ég var búinn að háma borgarann í mig.

En þegar Herjólfur hóf siglingu sína breyttist veðrið eins og hendi væri veifað. Ég hef ekki séð annað eins veður nema í kvikmyndum á borð við The Perfect Storm. Kannski eru það ýkjur. Ég varð svo fljótt sjóveikur að ég dauðskammast mín. Allt hringsnerist fyrir augum mínum og ég gekk um eins og ég væri dauðadrukkinn, í háum hælum á skautasvelli. Mér leið þó betur þegar ég var úti á dekki og fékk kaldan vindinn og sjóinn í andlitið en gallinn á gjöf Njarðar var sá að hljóp út til að æla var kona sem stóð einhverjum tíu metrum frá ælustað mínum og horfði á öldurnar rísa og síga. Hún var greinilega öllu vön.

Þá gerðist það.

Ælan mín fauk beint í andlit hennar í þeim mikla vindi sem við vorum að sigla upp í. Þetta hefur sennilega verið eins og ef Ólafur Stefánsson hefði kastað ælunni, slíkur var krafturinn.

Ég hef aldrei á ævi minni heyrt annað eins óp og þegar konan áttaði sig á sig hvað hafði gerst. Svo hljóp hún inn í skipið og ég sá hana aldrei aftur. Ég lifði ferðina af, þótt tæpt hafi verið og ég skemmti mér konunglega í Vestmannaeyjum.

Ég hugsa reglulega um þessa konu næstum 20 árum síðar.

Neytendamál

Texti / Brynjar Birgisson

Þeir fiska sem róa

Sagan segir að þeir fiski sem róa, en það er fátt sem Íslendingar eru betri í en að fiska og róa. Mannlíf vildi vita hversu háa upphæð fiskbúðir á Ísland rukkuðu fyrir eitt kíló af ýsu. Þá var einnig reynt að fá verð hjá fiskbúðum á landsbyggðinni og virðist sem ýsan sé dýrari á höfuðborgarsvæðinu en öðrum stöðum á landinu. Kjöt & fiskbúð Austurlands býður upp á kíló af ýsu á 2.550 krónur meðan Hafið og Fiskbúð Fúsa, sem eru einmitt staðsettar á höfuðborgarsvæðinu, rukka 1.140 krónum meira fyrir þeirra kíló af ýsu.



Kjöt- og fiskbúð Austurlands – **2.550 kr.**

Litla fiskbúðin – **2.590 kr.**

Fisk Kompaní – **2.990 kr.**

Fiskbúð Sjávarfangs – „um **3.000 kr.** krónur“

Fiskbúð Fjallabyggðar – **3.190 kr.**

Fiskikóngurinn – **3.300 kr.**

Fisk & Kjötbúð Reykjaness – **3.390 kr.**

Fiskbúðin Hafberg – **3.500 kr.**

Fiskbúð Hólmgeirs – **3.580 kr.**

Fiskverslun Suðurlands – **3.590 kr.**

Hafið – **3.690 kr.**

Fiskbúð Fúsa – **3.690 kr.**

Verðkönnunin var framkvæmd daganna 8. - 12. apríl

spánar heimili
Pitt annað heimili



Til hamingju
með daginn kæru sjómenn og fjölskyldur

Við stígum ölduna með ykkur alla leið . . .

KAUP
spánar heimili – Pitt annað heimili

LEIGA
Sumarhús á Spáni.is

AKSTUR
LEGGJUM SPÁN AÐ FÓTUM ÞÉR

DEILIBÍLAR
SPÁNARBÍLAR

GISTING & GOLF
Costa blanca

COSTABLANCA OPEN
Costa blanca

VILDARKLÚBBUR
Vildarklúbbur spánar heimili – Pitt annað heimili

LÖGFRÆÐI ÞJÓNUSTA
Spánar Lögmenn

KAUPENDA ÞJÓNUSTA
spánar heimili – Pitt annað heimili

GOLFKLÚBBUR ÍSLENDINGA Á SPÁNI
GÍS

FASTEIGNA UMSJÓN
spánar heimili – Pitt annað heimili

FRÍAR SKOÐUNARFERÐIR
spánar heimili – Pitt annað heimili

www.spann.is



Ómakleg örlög aðmírálsins

Maður er nefndur **John Byng**. Hann fæddist í Southill Park í Southillsókn í Bedfordshire á Englandi og var skírður 29. október árið 1704. Faðir Johns, George Byng, var enginn meðaljón. George hafði stutt William III til valda árið 1689 og allar götur þaðan í frá hafði vegsemd hans aukist hratt og stöðugt. George Byng var hæfileikaríkur skipstjórnandi og hafði haft sigur í fjölmörgum sjóorrustum. Hann var mikils metinn af þeim þjóðhöfðingjum sem hann þjónaði og árið 1721 umbunaði George I Englandskonungur George Byng með því að gera hann að vísigreifa af Torrington. En víkjum nú sögunni að syninum, John Byng, og atburðum þeim sem síðar leiddu til meinlegra örlaga hans á skipsfjöl.

Snemma beygðist krókurinn

John Byng fetaði í fótspor föður síns og gekk í sjóherinn aðeins þrettán ára að aldri. Hann hlaut kannski sína eldskírn þegar hann tók þátt í Cape Passaro-orrustunni árið 1718, en í henni var breski flotinn einmitt undir stjórn föður hans og hafði sigur gegn Spánverjum. Næstu þrjátíu árin gat hann sér orð sem traustur sjóliðsforingi og var hækkaður í tign og fékk stöðu varaaðmíráls árið 1747. Til að byrja með var John Byng viðloðandi hin ýmsu verkefni við Miðjarðarhafið og var tilveran að mestu tíðindalítil. Árið 1742 var hann sendur til bresku nýlendunnar á Nýfundnalandi þar sem verk hans fólst í að veita vernd árlegum skipalestum breskra fiskimanna sem vor hvert lögðu upp frá Englandi til fiskimiðanna við Nýfundnaland. Einnig var John Byng þingmaður, fyrir Rochester, frá árinu 1751 til dauðadags, sem kom fyrr en hann sennilega hugði.

Frakkar steyta görn

Árið 1756 dró til tíðinda á Miðjarðarhafi, en þá var skip Johns Byng við eftirlit á Ermarsundi. Franski sjóherinn var eitthvað að steyta görn á þeim slóðum.

Um þá atburðarás sem nú verður lýst hefur ekki verið deilt en upphaf hennar má rekja til þess að síðla árs 1755 komust Bretar að því að innrásarher hefði safnast saman í Suður-Frakklandi. Þegar þar var komið sögu hafði hvorki Bretland né Frakkland lýst stríði á hendur hvort öðru. Hvert markmið frönsku herjanna var, lá ekki ljóst fyrir, en þó var talið sennilegast að Frakkar beindu sjónum sínum að eyjunni Minorca sem var aðeins í 200 sjómílna fjarlægð frá flotastöð Frakka við Toulon. Á Minorca var Miðjarðarhafsflotadeild Breta staðsett.

Ýmsir möguleikar í stöðunni fyrir Frakka

Frökkum hugnaðist afar vel að ná yfirráðum á Minorca, því án eyjunnar áttu Bretar erfitt um vik að standa fyrir einhverjum hömlum hvað skipaferðir til Toulon áhrærði. Einnig gætu Frakkar notað eyjuna sem skiptimynt og afhent hana fyrri eigendum, Spánverjum, og fengið þá í bandalag gegn Bretum í stríði sem þá var í farvatninu. Í versta falli gætu Frakkar notað eyjuna í einhvers konar braski öðru.

Einnig var einfaldlega í boði auðunninn sigur því varnir Breta á Minorca voru ekki burðugar; nokkur lítil skip og örfáar freigátur.

Kapphlaup við tímann

Snemma árs 1756 höfðu Bretar komist að þeirri niðurstöðu að vissulega væri Minorca skotmark Frakka. Byng fékk þá skipun um að undirbúa flotadeild til að koma í veg fyrir áform Frakka. En hægt gekk að afhenda Byng skip til fararinnar og ekki síst að útvega reynda sjómenn, sem var víst almennt vandamál á þeim tíma.

Byng sigldi loks frá Portsmouth á Englandi þann 6. apríl og átti þá fyrir höndum 1.700 sjómílna siglingu, en andstæðingur hans, Roland-Michel de la Galissonière aðmíráll, létti úr höfn í Toulon með flota sinn fjórum dögum síðar, en átti eingöngu fyrir höndum 200 sjómílna siglingu til Minorca.

Frakkar gengu á land á vesturenda Minorca, sem var lítt varinn ef nokkuð, á páskadag 18. apríl, 1756. Setulið Breta átti fljótlega í vök að verjast, enda fáliðað, og bjó um sig innan virkisveggja í St. Philip í Port Mahon á austurenda eyjunnar. Þann 22. apríl var virkið umsetið að fullu og öllu.

Áhyggjufullur aðmíráll

Þann 6. apríl, 1756, var allt klappað og klárt til brottfarar flota Byng frá Englandi. Landfestum var sleppt og lagt úr höfn og Byng kom til Gíbraltar þann 2. maí. Þar var haldið til í sex daga en síðan látið úr höfn, eftir að deild léttvopnaðra fótgönguliða hafði verið skipt út fyrir hermenn þá sem styrkja áttu varnir í St. Philip. Bréfaskrif Johns Byng til flotamálaráðuneytisins sýna að hann hafði efasemdir um ágæti aðgerðanna. Hann taldi að hann væri of fáliðaður og að virkið gæti ekki staðist árás Frakka eins og í pottinn var búið. Flotamálaráðuneytið hafnaði beiðni Johns Byng um fleiri hermenn og hann lagði úr höfn á Gíbraltar 8. maí. Áður en hann náði höfn á Minorca, þann 19. maí, höfðu 15.000 franskir hermenn dreift sér um alla eyjuna. Skip Byng voru úti fyrir auströndinni og þaðan reyndi hann að koma á samskiptum við landa sína í virkinu.

Farið til Gibraltar

Í stuttu máli urðu málalyktir orrustunnar, 20. maí 1756, á milli Frakka og Breta þær að hvorugur aðili missti skip og fjöldi særðra og fallinna var svipaður; Bretar misstu 43 sjóliða og 168 særðust, en Frakkar misstu 38 og 175 særðust. Breski flotinn hélt sig í grennd við Minorca en náði hvorki sambandi við virki Breta né sá til Frakka. Eftir um þriggja tíma orrustu kallaði Byng til fundar við sig skipstjóra hinna skipanna. Þar lýsti hann þeirri skoðun sinni að Minorca væri glötuð og það besta í stöðunni væri að snúa til Gíbraltar og láta gera við skipin. Skipstjórar hinna skipanna, sem lutu yfirstjórn Johns Byng, voru honum sammála og komu skipin til Gíbraltar 19. júní. Þar bættust fjögur skip í flotann, viðgerðir fóru fram og vistir teknar.


> ***Frakkar gengu á land á vesturenda Minorca, sem var lítt varinn ef nokkuð, á páskadag 18. apríl, 1756.***

Uppgjöf með skilmálum


Áður en floti Byng gat haldið úr höfn á ný kom skip frá Englandi með frekari fyrirmæli. Byng var sviptur stjórn og honum gert að snúa heim til Englands. Þegar Byng kom til Englands var hann hnepptur í varðhald. Fyrir kaldhæðni örlaganna hafði honum verið veitt yfirstjórn flotans (e. full admiral) 1. júní, í kjölfar orrustunnar við Minorca en áður en tíðindi bárust af málalyktum þar. Hermenn í virkinu gátu staðist umsátur Frakka til 29. júní en neyddust þá til að gefast upp sem þeir gerðu með skilmálum. Samkvæmt skilmálunum gátu breskir hermenn farið óáreittir til Englands og Minorca féll Frökkum í skaut.

Byng úthúðað

Aftur að John Byng. Að Byng hefði mistekist að frelsa virkið á Minorca fór fyrir brjóstið á kollegum hans heima fyrir, og reyndar almenningi einnig. Honum var gert að standa skil á aðgerðum sínum frammi fyrir herdómstól, sem vel að merkja hafði þá nýlega í kjölfar endurskoðunar, öðlast heimild til að beita dauðarefsingu. Ein lög skyldu gilda fyrir alla og skyldu innibera dauðadóm yfir hverjum yfirmanni, án tillits til tignar, sem ekki gerði sitt allra besta gegn óvini í orrustu eða eftirför. Þetta leit ekki vel út fyrir John Byng og herdómstóll kom saman þann 28. desember, 1756, um borð í gömlu 96 fallbyssna skipi, HMS St. George, í höfninni í Portsmouth.



Setrið sem Byng lét byggja í Hertfordshire.



Vasaklúturinn fellur. Sex sjóliðar tóku Byng af lífi um borð í HMS Monarch.

Ekki heigull

Eðli málsins samkvæmt voru það kollegar Johns Byng sem skipuðu herdómstólinn; fjórir aðmírálar og níu skipstjórar. Niðurstaðan lá fyrir fjórum vikum síðar, 27. janúar, 1757, og var útlistuð í lýsingu á atburðarás í orrustunni við Minorca og túlkun á aðgerðum og ákvörðunum Johns Byng. John Byng var sýknaður af ákæru um heigulshátt, en í megindráttum var niðurstaðan sú að honum hefði mistekist að halda flota sínum saman í orrustunni við Frakka, skotið hefði verið úr of mikilli fjarlægð og að hann hefði átt að halda áfram aðgerðum til að frelsa virkið í stað þess að snúa til Gíbraltar. John Byng hafði sem sagt ekki gert „sitt allra besta“ í að takast á við óvininn og þannig gerst brotlegur við áðurnefnda viðbót herlaga þess tíma.

> ***Klukkan tólf var hr. Byng skotinn til bana af sex sjóliðum og lík hans sett í kistu.***

Beðið um mildun

Fátt var í stöðunni hjá herdómstólnum annað en dæma John Byng til dauða og gerði hann það, en einróma var þó mælst til þess að lávarðarnir í flotamálaráðuneytinu færu þess á leit við Georg II Englandskonung að hann nýtti forréttindi sín og mildaði dóminn. Það kom í hlut aðmírals að nafni John Forbes í flotamálaráðuneytinu að undirrita dauðadóminn, en hann neitaði að gera það; sagði dóminn ólöglegan og útskýrði mál sitt í löngu máli. Flotamálaráðherrann, Richard Grenville-Temple, fékk áheyrn hjá konungnum, en bón hans um miskunn til handa John Byng var hafnað í frekar reiðilegum tón.

Byng fær stuðning

Þaðan í frá, þrátt fyrir að hver maðurinn af öðrum reyndi að tala máli Byng, tóku stjórnmálin við – þrátt fyrir að ljóst væri að flotamálaráðuneytið bæri að minnsta kosti hluta ábyrgðar á óförunum við Minorca. Það kvisaðist að flotamálaráðuneytið hefði reynt að firra sig sök með því að kasta John Byng fyrir úlfana og stuðningur við hann jókst hvort tveggja innan sjóhersins og meðal landsmanna almennt, sem höfðu þó áður sýnt annan lit, og Englandskonungur beitti ekki forréttindum sínum

Vasaklúturinn fellur

Frá því að dómur var kveðinn upp hafði John Byng verið í haldi um borð í HMS Monarch (Monarque, skipi sem tekið var herfangi af Frökkum) á Solent-sundi. Þann 14. mars, 1757, var John Byng færður upp á afturþilfar og tekinn af lífi að allri áhöfn skipsins, og áhöfnum annarra nærliggjandi skipa, viðstaddri. John Byng aðmíráll kraup með hnén á púða og gaf til kynna að hann væri reiðubúinn með því að láta vasaklút sinn falla. Aftökusveitin var úr röðum konunglegra sjóliða.

Í skipsdagbók HMS Monarch var ritað: „Klukkan tólf var hr. Byng skotinn til bana af sex sjóliðum og lík hans sett í kistu.“

François-Marie Arouet, franskur heimspekingur með meiru og betur þekktur sem Voltaire, hæddist að aftökunni og tilurð hennar í bók sinni, Candide. Í bókinni er söguhetjan, Candide, látin verða vitni að aftöku sjóliðsforingja í Portsmouth og er sagt við hann: „Í þessu landi er gott að drepa aðmíral endrum og sinnum, til að vekja hugrekki hjá öðrum.“

Skiptar skoðanir

Árið 2007 fóru niðjar Johns Byng þess á leit við bresku ríkisstjórnina að honum yrði veitt sakaruppgjöf. Beiðninni var hafnað þrátt fyrir að flestir sem þekkja til málsins séu þeirrar skoðunar að dauðadómurinn hafi verið óverðskuldaður, enda hefur aftakan verið sögð „versti réttarfarslegi glæpurinn í sögu þjóðarinnar.“ Þeir eru til sem telja að hvort tveggja dauðadómurinn og aftakan hefði haft áhrif á seinni tíma foringja í sjóhernum. Þeirra á meðal er sagnfræðingur að nafni N.A.M. Rodger sem segir að örlög Johns Byng hefðu skapað „menningu herskárrar staðfestu sem skildi á milli breskra foringja og útlendra kollega, og sem síðar meir veitti þeim sívaxandi sálfræðilega yfirburði.“ Ekki verður lagt mat á það hér og nú.

FLÚÐA SVEPPIR
FARMERS BISTRO

Við ræktum það sem við bjóðum uppá



Hlökkum til að taka á móti ykkur í sumar

Við erum staðsett í Flúðasveppum
– eina sveppabú landsins

Ferskt grænmeti til sölu á staðnum

www.famersbistro.is – s: 519-0808 – booking@farmersbistro.is


VIDEY RE 50



BRIM Í HJARTA BORGAR

– Starfsemi sjávarútvegstækis getur teygt sig í ýmsar áttir og snert líf borgara með ólíkum hætti.

Brim tekur virkan þátt í samfélaginu á sem víðtækastan hátt. Þó svo að fyrirtækið stundi fyrst og fremst fiskveiðar á hafi út, fiskvinnslu og sölu á afurðum um allan heim, hefur félagið og forverar þess ávallt sett sterkan á svip á bæjarlífið í Reykjavík. Sjávarútvegurinn var lengi hjartsláttur bæjarins og óhætt er að segja að saga útgerðar í Reykjavík sé samofin sögu Brims.

Brim hefur átt í farsælu samstarfi við Sjómannadagsráð og Faxaflóahafnir vegna hátíðarhalda á sjómannadeginum. Félagið vill með þeim hætti halda í heiðri starfi sjómanna og merkilegri sögu og arfleifð atvinnugreinar sem skapað hefur eftirsótt velferðarsamfélag hér norður í Atlantshafi og til að viðhalda lifandi sambandi við íbúa borgarinnar.

Starfsemi sjávarútvegsfyrirtækis eins og Brims teygir sig í ýmsar áttir og snertir líf starfsfólks og annarra borgara með ýmsum hætti eins og fram kemur hér að neðan. Brim er hluti af samfélagi og vill með starfsemi sinni styrkja það og efla.

FÓLK, FRÆÐSLA OG VERÐMÆTASKÖPUN

Hlutverk Brims er að auka verðmætasköpun í sátt við samfélag og umhverfi og skapa verðmæti og hagnað fyrir starfsfólk, viðskiptavini, hluthafa og samfélagið í heild. Hjá fyrirtækinu og dótturfélögum starfa að meðaltali um 700 manns.

Brim leggur áherslu á framúrskarandi hæfni starfsfólks og fjárfestir markvisst í fræðslu og þjálfun þess. Í notkun hjá Brimi er nýtt íslenskt fræðslukerfi, LearnCove, og hefur félagið sett upp kennslustofu í húsnæði Brims þar sem hægt er að taka allt að 15 manns í kennslustundir. Brimskólinn var settur á laggirnar haustið 2022 og er kjarni starfsþróunar og um leið verkfæri starfsfólks til þekkingarleitar. Fyrstu skref skólans voru tekin í samstarfi við Fisktækniskóla Íslands. Unnið er út frá fjölbreyttum kennsluaðferðum og boðið er upp á staðbundna



Mynd: Alli Már Halldórsson









sem og rafræna þjálfun. Á árinu 2023 útskrifuðust fimm starfsmenn frá Brimskólanum úr 60 eininga námi í gæðastjórnun.

Hjá Brimi starfar fólk frá yfir 25 löndum. Áhersla er lögð á þjálfun í íslensku og boðið upp á íslenskukennslu á vinnustaðnum. Leitað er leiða til að gera námið skemmtilegt og þannig úr garði að það styðji starfsfólk í samskiptum sín á milli og í samfélaginu. Íslenskunámskeiðin hafa verið í sífelldri þróun, m.a. hefur verið þróað starfstengt nám hjá Brimi, þar sem sérstök áhersla er lögð á að starfsfólk læri orðaforða sem tengist vinnuumhverfi þess.

SAMSTARF UM NÝSKÖPUN

Brim hefur átt í samstarfi við sprotafyrirtæki, háskóla og aðrar menntastofnanir um árabil. Dæmi um vel heppnuð nemendaverkefni á árinu 2023 eru tvö meistaraverkefni við Danmarks Tekniske Universitet (DTU) og eitt BSc-verkefni á sviði verkfræði og lokaverkefni í sjávarútvegsfræði við Háskólann á Akureyri. Öll eiga verkefnin það sameiginlegt að vera unnin í samstarfi nemenda, akademískra starfsmanna háskólanna og starfsfólks Brims og hafa að markmiði aukna verðmætasköpun og minni umhverfisáhrif tengd starfsemi Brims. Samstarfi hefur verið komið á m.a. við Listaháskólann, Háskóla Íslands og Háskólann í Reykjavík um þátttöku Brims í námskeiðum og starfsnámi, en með því gefst nemendum háskóla tækifæri á að kynna sér starfsemi framsækins sjávarútvegsfyrirtækis.

Brim er hluti af samfélagi og vill með starfsemi sinni styrkja það og efla.

Samstarf við stofnanir innanlands og utan er af ýmsum toga. Með Matís er unnið að þróun afurða og kortlagningu hráefna og með Hafrannsóknastofnun er lögð áhersla á þekkingaröflun varðandi lífríki hafsins. Með Íslandsstofu hefur verið lögð áhersla á uppbyggingu vörumerkisins Seafood from Iceland og samstarf um nýtingu gagna

ÁRIÐ 2016 ÁKVAÐ BRIM AÐ RÁÐAST Í ENDURGERÐ Á GÖMLU FISKIMJÖLSVERKSMIÐJUNNI ÚTI Í ÖRFIRISEY SEM HAFÐI LOKIÐ HLUTVERKI SÍNU. Í DAG ERU ÞAR VEITINGAHÚS OG GALLERÍ.



Mynd: Atli Már Hafsteinsson

MARSHALL-HÚSIÐ IÐAR AF LÍFI

Þegar ný og tæknilega fullkomin fiskimjölsverksmiðja var tekin í notkun í Marshall-húsinu árið 1997 var húsið mikilvægur þáttur í uppsjávarvinnslu félagsins og voru afköst hennar allt að 400 tonn á sólarhring. Síðar var sú starfsemi lögð af og flutt burt. Ráðist var í endurgerð á húsinu sem er kennt við utanríkisráðherra Bandaríkjanna um og eftir síðari heimsstyrjöld en hann beitti sér fyrir fjárhagsstuðningi við Evrópuríkin eftir hörmungar stríðsins. Naut Ísland góðs af. Í húsinu er nú aðsetur Nýlistasafnsins og listamannarekna gallerísins Kling og Bang. Einnig er þar vinnustofa og sýningarrými Ólafs Elíassonar myndlistarmanns. Á neðstu hæðinni er einn vinsælast veitingastaður landsins, La Primavera.



Myndir: Atli Már Hafsteinsson

hefur verið við matvælaráðuneytið, Fiskistofu, Matís, Hafrannsóknastofnun o.fl. Samstarf við innlendar stofnanir teygir gjarnan anga sína út fyrir landsteinana eins og lestur örmerkja á makríl og síld er dæmi um.

SJÁVARÚTVEGUR OG UNGA FÓLKIÐ

Brim stendur að starfsemi Sjávarútvegsskóla unga fólksins í Reykjavík í samráði við fleiri sjávarútvegsfyrirtæki og Sjávarútvegsmiðstöð Háskólans á Akureyri. Sjávarútvegsskólann sóttu um 70 ungmenni í vinnuskólum Reykjavíkur, Kópavogs og Seltjarnarness sumarið 2023. Kynning frá starfsfólki Brims er hluti námsins, farið er í vettvangsferðir um borð í skip og landvinnslu Brims og rætt um sögu Brims og starfsemi félagsins. Þá fræðast nemendur um sögu fiskveiða og fiskvinnslu á Íslandi, aflamarkskerfið, tegundir fiska, markaðsmál, gæðamál, öryggismál og nýsköpun. Fleiri fyrirtæki eru heimsótt og hlýtt á fyrirlestra starfsmanna þeirra. Sjávarútvegsskólinn hefur verið starfræktur frá árinu 2013 á Austurlandi, frá árinu 2017 á Norðurlandi og frá árinu 2019 í Reykjavík.



Mynd: Atli Már Hafsteinsson

ÞÚFA, LISTAVERK ÓLAFAR NORDAL, VAR VÍGT ÁRIÐ 2013 OG ER Í EIGU BRIMS. ÞÚFA ER VINSÆLL ÁNINGARSTAÐUR FERÐAMANNA OG HÖFUÐBORGARBÚA.



Mynd: Pálmi Hafþór Ingólfsson

BARA TALA - ÖÐRUVÍSI ÍSLENSKUKENNSLA

Á árinu 2023 var hrundið af stað þróunarverkefni í öflugu samstarfi við Akademias um nýja nálgun á íslenskukennslu. Hópur hjá Brimi stundaði íslenskunám í fjóra mánuði. Námið var rafrænt að verulegu leyti og nýtti Bara tala-appið. Verkefnið gengur vonum framar og er árangur þátttakenda eftirtektarverður.

Agustina A.D.S. Sigurðsson með Bara talaappið í símanum.



Mynd: Pálmi Hafþór Ingólfsson

Það var glæsilegur hópur sem útskrifaðist af íslenskunámskeiðinu „Bara tala“ í desember 2023. Á myndinni eru í efri röð frá vinstri, Jane Sigrid Bill Tambaoan, Oanh Thi Kim Nghiem, Adrian Stoenescu, Luvimin Canete Jumapao, Rodrigo Tolo Jumapao, Jeanevee Yuboc Dagbjartsson, Prescilla Prangan Nana og Pálmi Hafþór Ingólfsson, verkefnastjóri fræðslu og heilbrigðis. Í neðri röð eru Reynaldo Curato Renegado og Agustina A.D.S. Sigurðsson.

SAMSTARF UM FRÆÐSLU

Starfsfólk Brims hefur aðgang að rafrænu fræðslusafni Akademias sem nýtist til að mæta skyldufræðslu, en jafnframt til að styrkja starfsfólk í núverandi starfi og í þróun fyrir tækifæri framtíðarinnar. Brim og Akademias hafa gert með sér samstarfssamning um að skipuleggja og hanna námskeið fyrir fræðslu í sjávarútvegi. Annað hvert ár er haldið grunnnámskeið fyrir fiskvinnslufólk. Markmið þess er að auka þekkingu á vinnslu sjávarafla, efla sjálfstraust og styrkja faglega hæfni. Sjómenn fara á námskeið hjá Slysavarnaskóla sjómanna, þar sem kennt er á björgunar- og öryggisbúnað og rétt viðbrögð við áföllum.



Mynd: Árni Sæberg

SJÓARINN SÍKÁTI MÆTIR Á GRANDANN

Sjóaranum síkáta, hinum rómuðu hátíðahöldum Grindvíkinga á sjómannadaginn, hefur verið boðið að taka þátt í hátíðahöldum Sjómannadagsins í Reykjavík og mun mæta á Grandann sunnudaginn 2. júní nk. Faxaflóahafnir, Sjómannadagsráð og Brim eru bakhjarlar Sjómannadagsins í Reykjavík og buðu Grindvíkingum að taka þátt og nota aðstöðuna við höfnina í höfuðborginni. Myndin var tekin þegar aðstandendur hátíðarinnar og Grindvíkingar hittust í mars sl. til að undirbúa daginn.

Texti / Svava Jónsdóttir Myndir / Aðsendar

HVALURINN ER EKKERT Í MEGRUN

„Við erum ekkert á hausnum. Það er það sem bjargar okkur. Hefði þetta verið fyrirtæki sem væri ekki fjárhagslega öflugt þá væri það farið á hausinn fyrir löngu. Það tekur fleiri ár að fara í málaferli við hið opinbera og þú hefur ekkert úthald í þetta," segir **Kristján Loftsson**, framkvæmdastjóri Hvals, í viðtali við Reyni Traustason, en starfsemi Hvals var þá stöðvuð þegar matvælaráðherra setti á tímabundið bann við veiðum á langreyðum og hafði aðgerðin í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir Hval. Kristján stendur á áttræðu. Er ekkert erfitt fyrir hann að standa í þessum slag? „Ég er með góða lögmenn með mér."



Það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan Kristján Loftsson, framkvæmdastjóri Hvals, fór á sjóinn sem ungur maður. Hann var til sjós í fimm ár, var fyrst hjálparkokkur á Hval 1 árið 1956. Hann segist hafa verið með úrvalsmönnum, Vestfirðingum. Þremur árum seinna var hann háseti um sumar og næstu þrjú sumur á eftir.

Hvernig átti það við hann að vera á sjónum?

„Ágætlega. Ég varð sjóveikur þegar var bræla þegar ég fór á sjó eftir að hafa verið í skóla allan veturinn. Múkkarnir voru mjög ánægðir með það, því þeir fengu nóg að éta. Þeir sögðu að ég ætti að borða og borða og æla og æla; það væri lækningin. Ég gerði það og át og múkkarnir komu og voru mjög ánægðir. En þegar veður var gott var ég aldrei sjóveikur. Þetta var bara í byrjun."

Svakalegur markaður

Fyrirtækið, Hvalur, var stofnað árið 1947 og segir framkvæmdastjórinn að það sé rangtúlkun að faðir hans og Vilhjálmur Árnason hafi átt félagið, þar sem það hafi verið nokkurs konar almenningshlutafélag og að hluthafar á þeim tíma hafi verið yfir hundrað.

„Ég var í Verslunarskólanum og var svo úti í Bretlandi í tvo vetur." Nánar tiltekið í Wales. Cardiff. Hann segist aðallega hafa farið til þess að læra ensku. „Þeir kölluðu það „business studies". Þeir segja að ég tali með „waleskum" hreim. Wales-menn eru mjög góðir. Það er topplið."

Aðspurður segir hann að það hafi ekki hvarflað að sér að fara í sjómannaskólann.

„Svo var ég með pabba í mörg ár á skrifstofunni. Þetta þróaðist nú bara þannig. Þetta er eini staðurinn sem ég hef unnið hjá."

Þið hafið hagnast prýðilega á þessu framan af.

„Það gekk á ýmsu. Fyrstu árin gekk þetta mjög illa. Þetta snerist allt um lýsisverðið og svo lagaðist lýsisverðið má segja í Kóreustríðinu. Þá snarrauk það upp og þeir voru ekki búnir að selja lýsið og það bjargaði alveg á þeim tíma."

Var fyrirtækið þá hætt komið?

„Já, þetta var ekki nógu góður grundvöllur. En síðan var farið að frysta kjötið, fyrst í dýrafóður til Bretlands mest og síðan komu Japanirnir og þá breyttum við alveg um vinnslurásina eða byggðum við og gerðum þetta öðruvísi og það bjargaði þessu. Þá var bannað að flytja hvalaafurðir til Bretlands og síðan til Evrópusambandsins þegar þeir gengu þar inn. En veiðar Japana í Suður-Íshafinu höfðu dregist saman þannig að þetta spilaði allt saman."

> ***Það hefur orðið mikil fjölgun á hval. Hvað þýðir þetta fyrir lífríkið?***

Kristján er spurður hvers vegna lýsisverðið hafi farið upp í Kóreustríðinu.

„Það vantaði í sprengiefni búrhvalslýsi sem er notað. Annars veit maður það ekki. Þetta var örugglega notað í sprengjur. Ég geri ráð fyrir því allavega. Þú selur þetta til framleiðanda og hann upplýsir þig ekkert um í hvað hann ætlar að nota þetta. Þetta hafði mikil áhrif á félagið



á þessum tíma, um 1953. Þá var farið að frysta fyrir dýrafóður í Bretlandi og við vorum í því til um 1973 og það var líka upp og niður verðið á því. Þetta er svakalegur markaður, þessi gæludýramarkaður. Og ennþá stærri í dag heldur en hann var þá.

Síðan komu Japanirnir og þá var þetta allt til manneldis. Það er miklu öruggari markaður myndi ég segja, ef þetta er til manneldis, vegna þess að það er svo mikil samkeppni í sambandi við þetta eins og ég var að segja með dýrafóðrið. Þú getur notað úr svo mörgu. Þeir voru komnir með eftirlíkingar af kjöti úr sojabaunum og ég veit ekki hvað og hvað og gátu gefið þessu bragð og hundarnir átu þetta á fullu.“

Loftur, faðir Kristjáns, lést árið 1974 og var sonurinn þá ráðinn framkvæmdastjóri fyrirtækisins.

Yrði katastrófa

Kristján er spurður hvað honum finnist um þá gagnrýni að verið sé að kvelja hvalinn óþarflega mikið.

„Þú getur stillt þessu upp á hvaða veg sem þú vilt, en í fyrra drápust strax 80% af þessum hvölum sem við veiddum í september. Þú færð aldrei 100% út úr þessu. Ég held að enginn viti hver sársaukinn er. Við höfum reynt að þróa þessar veiðiaðferðir eins og við getum.“

Það hefur orðið mikil fjölgun á hval. Hvað þýðir þetta fyrir lífríkið? Þetta hlýtur að flokkast sem röskun.

„Hvalurinn er ekkert í megrun.“

> ***Ef þú ætlar að láta hvalinn algjörlega eiga sig þá verður það katastrófa fyrir rest.***


Hann étur. Hver er þá röskunin?

„Þá verður minna fyrir aðra; fyrir loðnu og annað. Þú sérð loðnuveiðarnar; þær eru ekki beysnar virðist vera í ár. Hnúfubakurinn tekur sitt. Hann er örugglega langstærstur í loðnunni. Og langreyðurin étur rauðátuna. Þannig að hvað tekur við af öðru og ef þú ætlar að láta hvalinn algjörlega eiga sig þá verður það katastrófa fyrir rest.“

Kristján Loftsson hefur engar áhyggjur

Þannig að þú heldur að málstaður ykkar um að veiða innan skynsamlegra marka sé góður.

„Já. 160 hvalir hafa kannski ekki mikið að segja, en þú getur líka aukið veiðina og sá



Kristján er mest í Hvalfirði á sumrin. Hann segir að það séu um 13 manns á hverju hvalskipi, en að starfsmenn fyrirtækisins séu um 150 þegar allt er í fullum gangi bæði í Hafnarfirði og uppi í Hvalfirði.

dagur mun koma að panikkin verður svo mikil að þeir munu skjóta þá og láta þá sökkva. Það hugsa ég að verði fyrir rest.“

Kristján segir að þegar svona veiðar eru stundaðar verði að sjá til þess að stofninn verði ekki fyrir það miklu höggi að hann deyi út. Að hann endurnýist. „Áætlað er að við Ísland séu um 40.000 langreyðar í þessum stofni sem við vorum að taka úr og kvótinn er um 160–170 dýr. Það er ekki tæknilegur möguleiki að hægt sé að útrýma þessu.“

Afurðirnar eru fluttar til Japans. Og það er varla teljandi það sem er selt á innanlandsmarkaði.

Ekkert á hausnum

Fyrirtækinu var svo í fyrrasumar lokað með einu pennastriki, en starfsemi Hvals var þá stöðvuð þegar matvælaráðherra setti á tímabundið bann við veiðum á langreyðum og hafði aðgerðin í för með sér fjárhagslegt tjón fyrir Hval. Síðar komst umboðsmaður Alþingis að þeirri niðurstöðu að bannið samrýmdist ekki kröfum um meðalhóf og væri því ekk i í samræmi við lög.

> ***Ég hef aldrei reykt en fúlsa ekkert við brennivíni ef því er að skipta í sæmilegu hófi.***

Hvað þýðir það fyrir fyrirtækið og hvernig getur Kristján rekið það þegar engin er innkoman?

„Við erum ekkert á hausnum. Það er það sem bjargar okkur. Hefði þetta verið fyrirtæki sem væri ekki fjárhagslega öflugt þá væri það farið á hausinn fyrir löngu. Það tekur fleiri ár að fara í málaferli við hið opinbera og þú hefur ekkert úthald í þetta.“

Hann gagnrýnir framgang Vinstri Grænna í málinu. „Stalínistarnir vilja hafa þetta svona. Þetta samþykkja þeir allir í Vinstri Grænum og það eru allir með í þessu. Þetta er klappað upp á flokksþinginu, skilst mér, og forsætisráðherrann fráfarandi og þingmennirnir allir taka undir þetta. Þetta eru stalínistar og ef menn vilja fá yfir sig svona stjórnarhætti á Íslandi þá kjósa þeir Vinstri Græn.“

Kristján stendur á áttræðu. Er ekkert erfitt fyrir hann að standa í þessum slag?

„Ég er með góða lögmenn með mér.“

Kristján var tekinn fyrir í áramótaskaupinu. Tekur þetta aldrei á?

„Nei, ég kann vel að meta þetta. Hann náði mér helvíti vel. Við hlógum okkur alveg vitlaus. Þannig að þetta fer ekkert í pirrurnar á mér.“

Þú ert orðinn áttræður. Þú átt skítnóg af peningum.

„Það veit ég ekki. Það getur vel verið.“

Samt vinnur þú alla daga.

„Í öllu þessu áreiti. Þetta er alveg endalaust.“

Kristján er mest í Hvalfirði á sumrin. Hann segir að það séu um 13 manns á hverju hvalskipi, en að starfsmenn fyrirtækisins séu um 150 þegar allt er í fullum gangi bæði í Hafnarfirði og uppi í Hvalfirði. „Það er ágætis hópur. En það sem er erfiðast við þetta er að það veit enginn neitt hvað verður og áreitið hættir ekkert.“

Kristján segist fara í göngutúra þegar snjóa leysir. „Ég hef aldrei reykt en fúlsa ekkert við brennivíni ef því er að skipta í sæmilegu hófi. Ég reykti vanalega einn vindil á ári og það var til þess að kveikja í rakettunum í gamla daga.

Einu sinni var helvítis rok og ég þurfti tvo og var alveg búinn, þannig að ég hef ekki lagt það fyrir mig að vera að reykja. Þetta er helvítis drulla sem þú ert að innbyrða.“




vfs.is
ALVÖRU
VERKFÆRI
SÍÐAN 1997
Talíur
Handverkfæri
Rafmagnsverkfæri
Lyftibúnaður og tjakkar
Rafmagnsvörur og ljós
Skurðar og slípivörur
Efnavörur
o.m.fl.
Milwaukee
GEDORE
VERKFÆRA SALAN
Wera
BE A TOOL REBEL
KNIPEX
VERKFÆRASALAN • SÍÐUMÚLA 9, REYKJAVÍK • DALSHRAUNI 13, HAFNARFIRÐI • TRYGGVABRAUT 24, AKUREYRI • S: 560 8888 • vfs.is



Hef lært að lifa með því: „HJARTAÐ VAR EIGINLEGA HÆTT AÐ SLÁ“

Þorsteinn K. Ingimarsson var á bátnum Bjarma VE 66 þegar hann fórst á siglingu norðvestur af Þrídröngum í febrúar árið 2002. Fjórir voru um borð og fórust tveir. Þorsteinn og félagi hans voru í ísköldum sjónum í um tvo og hálfan tíma áður en þeim var bjargað. Þorsteinn varð þunglyndur um tíma eftir slysið. „Svo er spurning hvort maður jafni sig 100% á svona áfalli. En ég hef lært að lifa með því.“

Það var verið að kaupa Bjarma VE 66, sem var eldri 100 tonna netabátur, og átti að sigla honum frá Vestmannaeyjum til Grindavíkur og átti að gera hann þaðan út. Fjórir voru um borð og þar á meðal Þorsteinn K. Ingimarsson sem var þá innan við tvítugt. Og báturinn sökk á leiðinni. Þess má geta að Þorsteinn segir sögu sína í bókinni Heimtir úr helju. Rætt við 12 skipbrotsmenn.

„Það var svolítið vont í sjóinn og í kringum níu gráðu frost. Við vorum allir farnir í koju nema skipstjórinn. Við heyrðum skell koma á bátinn og allt leirtau brotnaði. Maður heyrði bramlið í því. Síðan hlupu strákarnir upp til að sjá hvað væri í gangi og kölluðu þeir síðan í mig og sögðu mér að koma upp. Ég ætlaði að horfa á spennandi atriði; ég hélt að þetta væri ekkert það alvarlegt. Svo öskruðu þeir að ég yrði að koma strax upp. Þá fór ég úr kojunni og þá datt ég til hliðar. Það voru þröngar kojur í þessum bátum og ég hafði ekkert fundið að hann var eiginlega kominn á hliðina. Ég prílaði upp stigann og þá byrjaði sjór að koma á móti mér. Þetta var sekúnduspursmál.“

Fjórmenningarnir voru allir komnir upp á dekk. Þorsteinn sá flotgallana, en hugsaði með sér að það væri enginn tími til að fara í galla. Hann var í joggingbuxum, hlýrabol og berfættur og stökk þannig í björgunarbát. „Þarna var báturinn kominn alveg á hliðina þannig að við þurftum að príla á möstrunum til að komast í björgunarbátinn. Það var mikill sjógangur og við fundum ekki hnífinn til að skera á línuna. Björgunarbáturinn lamdist mikið í mastrið. Við fundum loks hnífinn og náðum að skera á línuna og nokkrum sekúndum síðar sökk báturinn alveg. Hann hefði getað tekið björgunarbátinn með og vorum við hræddir um það.



„Ég fór aftur á sjóinn um viku eftir slysið, en mér leið ekki vel á sjónum.“

Við vorum mjög fegnir að hafa komist um borð. Gólfið var ekki uppblásið og við vorum á táslunum og ég man hvað það var ískalt. Þetta var óbærilegt. En ég var feginn að vera ekki kominn í kaf.

Síðan allt í einu sökk björgunarbáturinn líka og við fórum allir í kaf. Við fórum allir í bólakaf og var ein útgönguleið og við urðum að berjast um til að komast allir út. Það var kalt, níu stiga frost. Þetta var í febrúar og óbærilega kalt. Báturinn var sokkinn og það sást hvergi í land og það gekk mikill öldugangur yfir okkur. Það voru nokkur hólf á björgunarbátnum sem voru ósprungin. Ég held það hafi verið átta hólf á honum og ég held að það hafi verið eitt eða tvö ósprungin þannig að við náðum að hanga í einhverju. Þannig að við héngum þarna í dágóðan tíma.“

Skipbrotsmennirnir vissu ekki hvort neyðarkall hefði verið sent.

Minn tími var ekki kominn

Þorsteinn segist hafa heyrt að menn geti lifað í fimm til tíu mínútur í svona kulda. „Fyrsti maðurinn fór á þannig tíma. Hinn sem fórst náði að þrauka aðeins lengur. Það var skelfilegt að horfa á mann deyja beint

fyrir framan sig og geta ekki gert neitt.“

Skipstjórinn og stýrimaðurinn fórust.

Eftir voru tveir ungir menn. Þorsteinn og Hilmar Þór Jónsson.

„Við vorum að vonast til að Herjólfur myndi sigla fram hjá. Við sáum flugvél fljúga yfir og við veifuðum en það var ekkert tengt þessu greinilega. Á endanum hættum við að tala til að spara orku. Fyrst var svo rosalega kalt, en svo dofnaði maður með tímanum. Síðan varð maður syfjaðri og syfjaðri. Maður varð að halda sér vakandi. Minn tími var ekki kominn. Ég ætlaði að þrauka þetta. Við vorum á endanum búnir að sætta okkur við að þetta væri búið; það var greinilega engin hjálp á leiðinni,“ segir Þorsteinn en þeir voru í ísköldum sjónum í um tvo og hálfan tíma.

„Ég auðvitað sætti mig ekkert við þetta, en þetta var raunveruleikinn. Ég var náttúrlega hræddur við að deyja. Ég vildi ekki deyja. Ég var í blóma lífsins og nýbúinn að kaupa íbúð og ég átti alla framtíðina fyrir mér. En við sáum að þetta var vonlaust og það var engin hjálp á leiðinni. Það var allt lífsviljanum að þakka að maður náði að lifa svona lengi.“

Eiginlega hætt að slá

Svo kom þyrlan og segir Þorsteinn að þá hafi slokknað á sér. Þá vissi hann að honum væri óhætt að sleppa takinu.

„Ég man augnablikið þegar sigmaðurinn var að síga, en svo var ég í „blackout“. Læknirinn í þyrlunni vildi meina að ég væri að fara. Ég hélt að ég hefði misst meðvitund en ég var með svona svakalega mikla ofkælingu. Við vorum í þyrlunni á leiðinni til Reykjavíkur og ég var hættur að skjálfa. Þá var snúið við og flogið til Vestmannaeyja. Það var styttra þangað. Ég var greinilega að fara að deyja þarna í vélinni. Mig minnir að líkamshitinn hafi verið 24 gráður þegar ég kom á sjúkrahúsið og hjartað var eiginlega hætt að slá. Það rétt svo sló.“

> ***Við vorum á endanum búnir að sætta okkur við að þetta væri búið.***

Þorsteinn segir að yfirlæknirinn á sjúkrahúsinu hafi nýlega verið á námskeiði erlendis í tengslum við ofkælingu og fékk Þorsteinn þá meðferð. „Ég fékk volgt vatn í æð og vaknaði á sjúkrahúsinu daginn eftir.

Þeir héldu að það þyrfti að taka af mér tærnar, en ég var kominn með kul í þær og fann ekki fyrir þeim. En ég er enn þá með tíu tær. Það slapp.“

Fundu ekki hnífinn

Þorsteinn er spurður hvers vegna báturinn hafi sokkið.

„Það var náttúrlega öldugangur; það kom öldugangur á hann og hann rétti sig ekki af. Hann var rangt hlaðinn af því að við vorum með alls konar dót sem við vorum að fara með frá Eyjum þannig að það var dálítið mikið uppi á dekkinu.“

En hvað fór úrskeiðis varðandi björgunarbátinn?

„Þetta skeði svo hratt og við fundum fyrst ekki hnífinn,“ segir hann en það hefur þegar komið fram. „Þetta var aðallega að við fundum hvergi hnífinn. Þegar við fundum hann náðum við að skera á línuna og þá sökk Bjarmi, en björgunarbáturinn var svo illa farinn af því að hann var búinn að berjast við mastrið á bátnum og þá sökk hann. Það voru tveir björgunarbátar en hinn var heill og flaut í burtu. Við hugsuðum um hvort við ættum að synda að honum en það var mikill öldugangur og við treystum okkur ekki til þess. Hann fjarlægðist okkur svolítið hratt, þannig að við hefðum þurft að synda helvíti hratt í gegnum öldurnar, þannig að við ákváðum að sleppa því. En hefðum við gert það og komist um borð allir blautir þá hefðum við ekki lifað þetta af. Sjórinn var heitari heldur en lofthitinn. Þótt sjórinn hafi verið ískaldur þá var betra að vera ofan í honum heldur en úti í níu gráðu frosti.“

Varð þunglyndur

Þorsteinn segir að þegar hann kom til Keflavíkur, þar sem hann bjó, hafi allir stimplað hann sem einhverja hetju sem honum fannst hann ekki vera. „Það fórust tveir menn í þessu slysi sem ég gat ekki gert neitt í, þannig að mér fannst vera rangt að kalla mig hetju. Ég fór aftur á sjóinn um viku eftir slysið, en mér leið ekki vel á sjónum,“ segir Þorsteinn sem segir jafnframt að hann hafi þóst vera harður á þessum tíma og ekki fundist hann þurfa áfallahjálp.

„Ég var óöruggur þegar var öldugangur. Ég hætti á sjónum og fór að vinna hjá slippnum við að mála báta og síðan kom áfallið þremur mánuðum til hálfu ári eftir slysið. Það skall gríðarlega á mér. Ég varð mjög þunglyndur og langt niðri. Ég fór út á bryggju og ætlaði að drekkja mér. Ég ætlaði að fyrirfara mér. Ég var það langt niðri. Ætli ég hafi ekki verið í eitt ár á mínum versta punkti. Það var svo skrýtið hvernig mér leið. Mér fannst eins og ég hefði líka átt að deyja. Ég ákvað svo í rauninni að hætta að vera þunglyndur og lifa lífinu til fulls. Það gekk, en ég fékk einhver eftirköst í vægari kantinum, en ég gekk annað slagið í gegnum einhver þunglyndistímabil. Ég vissi áður varla hvað þunglyndi er.

Ég fór að skemmta mér og lifa lífinu, en síðan róaðist ég þegar ég eignaðist fjölskyldu,“ segir Þorsteinn sem á konu og tvö börn. „Ég fór að vinna við bílaiðnaðinn og er búinn að vera með eigin rekstur í 20 ár.“


Er Þorsteinn búinn að vinna sig út úr áfallinu?

„Eins vel og ég get. Svo er spurning hvort maður jafni sig 100% á svona áfalli. En ég hef lært að lifa með því.“



MISSTI TVO BRÆÐUR Í SAMA SJÓSLYSINU

Vigfús Markússon ólst upp á Eyrarbakka og þar með í nálægð við sjóinn og hann hefur aldrei unnið í landi. Hann fór snemma á sjóinn og var rétt rúmlega tvítugur þegar hann og tveir bræður hans voru á Bakkavík ÁR 100 þegar báturinn fórst í september árið 1983. Báðir bræður hans fórust í sjóslysinu. Vigfús var kominn aftur á sjóinn um mánuði síðar og eftir að hafa klárað Stýrimannaskólann hefur hann verið fengsæll skipstjóri. Harmurinn er alltaf innra með honum.



Vigfúsi tókst að hanga á bátnum og voru það tveir menn frá Stokkseyri sem komu á báti og björguðu honum.

Þann 7. september árið 1983 fórst vélbáturinn Bakkavík ÁR 100 eftir að hafa fengið á sig brotsjó fyrir utan sundið sem markar innsiglinguna til Eyrarbakka. Þrír bræður voru um borð; Vigfús, Þórður og Sigfús Markússynir. Vigfús var „alt mulig mand“, Þórður var skipstjóri og Sigfús var vélstjóri. Þeir tveir síðarnefndu áttu bátinn.

„Við vorum austur á bugt á snurvoð. Túrinn var búinn og við vorum á leiðinni heim á Eyrarbakka. Þegar við vorum að nálgast var Þórður að pæla í að fara bara í Þorlákshöfn; það var að falla út. En svo hætti hann við og beygði inn á bakkann eins og venjulega. Það var annar búinn að fara rétt á undan okkur inn. Það var ekkert að veðri,“ segir Vigús og bætir við að honum hafi liðið illa þegar Þórður ákvað að fara inn og að hann hafi eiginlega verið búinn að ákveða að hætta eftir þennan túr. Hann var þá rúmlega tvítugur.

Brot reis upp hjá skerinu Brynka og fór Bakkavíkin á hliðina. Síðan kom annað brot á bátinn og þá fór hann á hvolf og var sokkinn innan 15 mínútna.

„Ég var inni í brú þegar þeir komust út, strákarnir, og þegar maður var að kafa þá lenti maður beint á dekkinu. Við vorum með aukabjörgunarbát, sem þurfti ekki á þessu bátum, og hann blés upp. Ég synti að honum og komst um borð í bátinn og náði síðan Sigfúsi. Þórður var búinn.“ Látinn. „Ég náði honum inn.“

Neyðarblysum var skotið á loft og þess má geta að tveir menn stóðu á bryggjunni og sáu það sem átti sér stað. Markús segir að þeir hafi verið að veltast í bátnum í á annan tíma í briminu. „Ég var kominn í Ölfusárós.“ Brot kom síðan á björgunarbátinn og sprengdi hann.

„Ég sagði Sigfúsi að reyna að synda í land; hann hafði verið í hálfgerðu taugaáfalli þegar ég náði honum inn í bátinn. Sigfús var góður sundmaður, en hann náði ekki að synda í land.“

Vigfúsi tókst að hanga á bátnum og voru það tveir menn frá Stokkseyri sem komu á báti og björguðu honum. Þá var togið í björgunarbátnum fast vafið um annan fótinn á honum. „Það er eins og ég hafi ekkert átt að fara.“

Hann segir að það hafi skipt máli að hann var „þykkur“ og svo hafði hann lært köfun. „Það hjálpaði mér við öndun.“

Þess má geta að foreldrar bræðranna voru vanir að fylgjast með þegar báturinn var að koma að landi, en þennan dag lagði faðir þeirra sig í hádeginu. Oft hafði á heimilinu verið setið í hring og talað um báta. „Það var ekki talað um annað en báta.“

> ***Ég ætlaði að prófa hvernig mér líkaði eða hvort ég yrði smeykur, en ég er enn þá á sjó.***

Og bátur bræðranna var kominn á hafsbotn.

„Ég fann ekki fyrir kulda fyrr en ég var kominn í sjúkrabílinn. Ég man að ég sagði lögreglunni að kveikja á helvítis miðstöðinni; ég var kominn svolítið neðarlega í hitastigi. En ég var alltaf með fulla rænu.“

Móðir bræðranna hafði sett reglu. Hún fólst í því að bræðurnir máttu ekki vera saman á sjó yfir veturinn. Bara á sumrin. Og báturinn sökk í haustbyrjun þegar gróðurinn skiptir litum og fjöllin fá á sig hvíta húfu.

Þórður Markússon átti nokkra nafna í fjölskyldunni sem höfðu lent í og látist í sjóslysum. „Föðurafi minn, Þórður Þórðarson, fórst með Ófeigi í Vestmannaeyjum á fimmta áratugnum. Þá fórust nokkrir bátar frá Eyjum. Hann fannst. Þórður fannst. Þórður bróðir fannst. Svo fórst einn Þórður með Hafrúnu. Fjórði „Þórðurinn“ fór fyrir borð en hann bjargaðist.“

Vigfús var kominn á sjóinn mánuði eftir sjóslysið.

„Ég ætlaði að prófa hvernig mér líkaði eða hvort ég yrði smeykur, en ég er enn þá á sjó.“

Hann fékk enga áfallahjálp. „Hvort maður byrgir þetta allt inni og svo verður einhver sprenging. Maður veit það ekki.“

Hann segir að sér hafi liðið vel á sjónum.

Brjálaði hryggurinn

Vigfús ólst upp alveg við hafið. „Þetta snerist allt um báta á Bakkanum. Og þegar maður var peyi var maður að leika sér í fjörunni. Fjaran var aðalleiksviðið hjá manni. Þá smíðaði maður báta til að draga á eftir sér og svo voru peyjar á eftir manni sem voru hásetar.“

Vigfús fór í Stýrimannaskólann í Vestmannaeyjum. Þar voru með honum í bekk tveir menn sem lentu í sjóslysum og sluppu líka.

> ***Hvort maður byrgir þetta allt inni og svo verður einhver sprenging. Maður veit það ekki.***

Hann ætlaði sér að verða sjómaður. „Þetta var svona á þessum litlu stöðum; það var bara ekkert annað í boði,“ segir Vigfús og bætir við að hann hafi aldrei unnið í landi.

Hann segist fyrst hafa gengið á milli báta; þá var hann á rækju. Svo fór hann á Brynjólf ÁR og varð skipstjóri. „Hann var vertíðarbátur. Við vorum á netum, trolli og humar.“

Hann nefnir svo Álaborg frá Eyrarbakka. „Ég var hjá þeim í 16–18 ár; þar sem ég hef stoppað hef ég yfirleitt verið lengi. Svo fór ég af Álaborginni yfir á Skarfinn og svo á Tómas Þorvaldsson. Ég var í 14 eða 15 ár hjá Þorbirninum. Tómas Þorvaldsson var gamli Héðinn og síðan breyttu þeir honum í línubát. Ég var á móti Sæmundi Halldórssyni þar; þar fékk ég eldskírnina á línunni.“

Vigfús hefur verið fiskinn á ferlinum.

„Þetta hefur reddast einhvern veginn. Ég hef aldrei pælt í því, en þetta hefur alltaf gengið upp.“

Brjálaði hryggurinn togaði svolítið í Vigfús. „Ætli það hafi ekki verið veðrið. Alltaf vitlaust veður þar.“

Og í hittifyrra fór hann að fara út á Dohrn-banka og segir hann veiðina þar vera mjög góða. „Og mjög góður fiskur. Hann var allur massaður einhvern veginn. Stífur.“

Vigfús segir að hann hafi verið heppnastur í veiðinni þegar hann var með Brynjólf. „Þá var ég á víkinni – við Vík í Mýrdal – og við vorum á trolli. Það voru







Þórður Markússon í brúnni og Sigfús Markússon við spilið.







Fyrir síðasta túr bræðranna.



Ófeigur VE sem afi Vigfúsar fórst með.



tvö höl á sólarhring. Þá brunaði ég í Þorlákshöfn og landaði og svo bara út aftur. Þetta heppnaðist.“

Vigfús segir að það sé óhemjumikið af fiski við landið. Hann er spurður hvort það viti ekki allir í kerfinu um það. „Það sem maður hefur heyrt eins og á Dohrnbankanum; ég held að þessi fiskur sé ekki inni í kerfinu.“

Eru menn ekkert að auka kvóta í samræmi við alla þessa veiði?



Málverk eftir Ragnar Páll Einarsson. Hann var búinn að hugsa lengi um þessa mynd, það tók þrjú ár að mála hana.



„Nei, það er frekar á hinn veginn finnst manni.“

Vigfús var á Örvari SH 777 fram að áramótum en þá var Örvar seldur til Patreksfjarðar. Og núna er hann á Rifsnesi SH 44.

Myndir og bók

Vigfús er spurður hvort hann ætli ekkert að fara að hætta á sjónum og segir hann að allir séu að spyrja hann að þessu. „Ég tek fyrir eitt ár í einu. Mér finnst þetta vera gaman. Mér líður vel úti á sjó.“

Og úti á sjó getur hann stundað áhugamál sitt sem er ljósmyndun, en Vigfús tekur gjarnan myndir af því sem ber þar fyrir augu svo sem skip í brælu. Svo vann hann að bók sem kom út árið 2013 og heitir Saga bátanna. Vélbátar smíðaðir eða gerðir út frá Eyrarbakka. Grunnurinn í bókinni er frá nafna hans heitnum Jónssyni á Eyrarbakka, en Vigfús Markússon fékk blöð nafna síns og hélt vinnunni áfram. „Þegar ég var á Tómasi var ég að dunda mér við þetta á frívaktinni.“

Hann á líka áhugamál í landi, en það tengist reyndar sjónum. „Ég er með sumarbústað alveg við sjóinn á Eyrarbakka og þar er ég með spjald á sjógarðinum með öllum nöfnunum á skerjunum. Öll sker eru með nöfn.“

Það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan vélbáturinn Bakkavík ÁR 100 fórst eftir að hafa fengið á sig brotsjó fyrir utan sundið sem markar innsiglinguna til Eyrarbakka. Þrír bræður um borð. Einn komst af.

Harmurinn hlýtur að búa með Vigfúsi.

„Já, hann er alltaf í manni.“

Hann hugsar til bræða sinna.

„Maður talar stundum við þá þótt maður fái ekkert svör. Maður biður stundum bænir.“

Sendum sjómönnum og fjölskyldum þeirra hamingjuóskir með daginn



REYKJAVÍK

Álnabær ehf, verslun
B.B. rafverktakar ehf
Félag skipstjórnarmanna
GB Tjónaviðgerðir ehf
Gleipnir verktakar ehf
Gúmmísteypa Þ. Lárusson ehf
Landslag ehf
Landslög slf
Lífland og Kornax
Olíudreifing ehf
Orka ehf
Rafha ehf
Reykjavíkurborg
Sameyki stéttarfélag í almannaþjónustu
Sjómennt, starfsmenntasamtök
Stólpi Gámar - Gámaleiga og gámasala

KÓPAVOGUR

Blikksmiðjan Vík ehf
Hvammshólar ehf
N1 hf

GARÐABÆR

Geislatækni ehf - Laser þjónustan
Icewear
Miklatorg hf - IKEA

HAFNARFJÖRÐUR

Hafnarfjarðarbær
Hafnarfjarðarhöfn
SIGN ehf, skartgripaverkstæði
Svalþúfa ehf
ThorShip
Vír og lykkjur ehf

REYKJANESBÆR

Ný-sprautun ehf
Skólamatur ehf

Verkalýðs- og sjómannafélag Keflavíkur og nágrennis

GRINDAVÍK

Þorbjörn hf

MOSFELLSBÆR

Borgarplast hf
Malbikstöðin ehf
Nonni litli ehf

AKRANES

Meitill - GT Tækni ehf

ÓLAFSVÍK

Fiskverkunin Valafell
Litlalón ehf

HELLISSANDUR

Nónvarða ehf

REYKHÓLAHREPPUR

Þörungaverksmiðjan hf

ÍSAFJÖRÐUR

Kerecis hf
Orkubú Vestfjarða ohf

BOLUNGARVÍK

Bolungarvíkurkaupstaður

BÍLDUDALUR

Íslenska kalkþörungafélagið ehf

DRANGSNES

ST 2

BLÖNDUÓS

Ísgel ehf

AKUREYRI

Stefna ehf

GRENIVÍK

Darri ehf - Eyjabiti

DALVÍK

Steypustöðin Dalvík ehf
Sæplast Iceland ehf

HÚSAVÍK

Tjörneshreppur

ÞÓRSHÖFN

Geir ehf

REYÐARFJÖRÐUR

Félag opinberra starfsmanna á Austurlandi

ESKIFJÖRÐUR

Tanni ferðaþjónusta ehf

SELFOSS

Guðmundur Tyrfingsson ehf

ÞORLÁKSHÖFN

Sveitarfélagið Ölfus

ÖLFUS

Eldhestar ehf

VESTMANNAEYJAR

Fiskmarkaður Vestmannaeyja hf
Ísfélag hf
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf



BENÓNÝ ÁSGRÍMSSON
ÞYRLUFLUGMAÐUR

„NAUÐSYNLEGT AÐ VERA HRÆDDUR Í SVONA STARFI“

Texti / Svava Jónsdóttir
Myndir / Þráinn Kolbeinsson



Benóný Ásgrímsson vann um árabil sem sjómaður, meðal annars hjá Landhelgisgæslunni, og síðar sem þyrluflugmaður á hennar vegum. Hann talar í viðtali við Reyni Traustason meðal annars um réttsýnina og gimbrina sem hann eignaðist á unglingsárunum, síðustu orðin í talstöðinni frá skipverja á sökkvandi togara og hann talar um þorskastríðið og segir að þótt bresku togarasjómennirnir hafi ekki alltaf verið „gentlemen" í talstöðinni þá hafi samt viss virðing ríkt á milli manna. Benóný talar síðan um tímann sem þyrluflugmaður, en eftirminnilegasta björgunin átti sér stað þegar hann bjargaði nokkrum kvígum og þurfti að fljúga niður þröngt gljúfur til að bjarga þeim. Eftirminnilegasta mannbjörgin tengist hins vegar því þegar Dísarfell fórst. „Hún var að mörgu leyti dálítið flókin. Þetta var dálítið sérstakt. Þetta voru erfiðar aðstæður. Það var verið að slaka sigmanninum og allt fullt af svartolíu í sjónum og gámar og innihald gámanna úti um allt." Þyrluflugmaðurinn fyrrverandi, sem er lofthræddur við vissar aðstæður, segir að björgunarstörf séu í eðli sínu hættuleg. „Það eru þrjú atriði að mínu mati sem halda manni réttum megin við þá línu sem á ekki að fara yfir. Það er í fyrsta lagi góð þjálfun, það er reynsla og það er góð dómgreind."

Benóný Ásgrímsson fæddist og ólst upp í Reykjavík. Hann var mikið í sveit undir Eyjafjöllum en þangað á hann ættir að rekja. „Þar leið mér alltaf vel og ég var þar öll sumur þar til ég varð 14 ára. Ég fór þangað yfirleitt á páskum þegar ég átti páskafrí í skólanum. Ég var hjá svo yndislegu fólki og þar kynntist ég og lærði hvað það er að vera réttsýnn, því auðvitað var afskaplega réttsýnt fólk sem bjó þarna og mig langar að segja frá einu dæmi.

Einu sinni um páska fór bóndinn út í fjárhús að gefa á garðann og hleypti náttúrlega öllu fénu út á meðan. Svo var það mitt hlutverk og hans að telja svo kindurnar þegar þær komu inn í hús."

Þeir urðu ósammála um hve margar kindurnar væru. „Ég taldi þremur fleiri en hann. Hann hvessti á mig augum og ég var mjög niðurlútur yfir þessu og fór inn í bæ. Svo kom hann til mín hálftíma seinna og sagði: „Heyrðu, Benni minn, komdu með mér aðeins út í fjárhús." Ég hugsaði með mér hvað ég hefði gert af mér. Svo sagði hann að ég hefði haft rétt fyrir mér og hann hefði haft rangt fyrir sér og vildi hann gefa mér gimbur í staðinn. Mér er þetta svo minnisstætt. Þessa gimbur átti ég í mörg ár og þetta var fyrsta greiðslan upp í íbúðarkaup."

Þú fékkst lömb á hverju hausti.

„Já."

Þetta var réttsýni.

„Já, þetta er minnisstætt og ég hef reynt að tileinka mér þetta eins og kostur er."

Það kom til greina að verða bóndi, en Benóný talar um að flest hans fólk, annar afi hans og faðir og fleiri, hafi verið sjómenn. „Það vildi svo til þegar ég var 14 ára að ég var sendisveinn hjá Ellingsen, sem var þekkt verslun í Reykjavík, og á laugardagsmorgni hitti ég pabba minn í Hagkaup í Lækjargötunni. Hann spurði hvort ég gæti komið út á sjó, það vantaði messa um borð og að það væri vonlaust að fá messa." Benóný segist hafa spurt föður sinn hvenær hann þyrfti að mæta. Klukkan tvö. „Ég dreif mig upp í Ellingsen og spurði hvort ég mætti fá frí úr vinnunni." Hann var spurður hve lengi hann þyrfti að fá frí, en þá sagði hann að það yrðu tvær vikur. Þær urðu þrjár á endanum. „Og þar með var lífshlaupið dálítið mótað."

Um var að ræða varðskipið Ægi. „Það var Ægir gamli, sem kallaður var, sem var byggður 1929. Pabbi var þar."

Björgunarbáturinn við hliðina

Benóný segist hafa verið afskaplega sjóveikur fyrstu dagana. „Það var stundum sem maður ældi ofan í vaskinn sem var verið að vaska upp úr.

Það er dálítið minnisstætt að það varð að ganga út úr eldhúsinu út á dekk og það var dálítið í ágjöf þegar maður var að koma með kannski flot eða hamsa og í staðinn fyrir hamsa var fullt af sjó í þessu."

Sjómennskan átti vel við Benóný.

„Ég var á varðskipunum til að byrja með og síðan fór ég til Svíþjóðar og sigldi þar á sænskum kaupskipum. Tilgangurinn var að safna pening fyrir námi í Stýrimannaskólanum. Á þessum árum voru engin námslán. Maður varð bara að vinna fyrir þessu. Síðan fór ég í Stýrimannaskólann og var á varðskipi í öllum mínum fríum, en ég var líka að sigla örlítið fyrir Eimskip og Ríkisskip."

> **Það var sérstaklega átakanlegt að hlusta á síðustu orðin frá Ross Cleveland þegar vitað var hvað var að.**

Hann fékk hærri laun á sænsku frögturunum heldur en á varðskipunum. „Í minningunni voru þetta allt að því preföld laun sem ég var með á sænsku skipunum."

Benóný minnist atviks í óveðri sem skall á í Ísafjarðardjúpi þegar hann var búinn að vera háseti í tvö ár. Árið var 1968. Heiðrún úr Bolungarvík fórst, Ross Cleveland, breskum togara, hvolfdi og Notts County strandaði. „Ég var á varðskipi og við vorum á Austfjörðum þegar þetta var. Það var ekki í neinum samanburði, en það var hvasst og við urðum að halda sjó inni í Mjóafirði og var hvorki hægt að leggja til ankeris né láta reka, en það var átakanlegt að hlusta á í talstöðvarsamskiptunum það sem var um að vera í Ísafjarðardjúpi. Það var sérstaklega átakanlegt að hlusta á síðustu orðin frá Ross Cleveland þegar vitað var hvað var að."

Kveðjuorðin.

„Sama ár vorum við farsælir. Þá var ég á varðskipinu Albert þegar hægri umferðin var að taka gildi. Þá vorum við að ferðast með umferðarnefnd á milli staða á Vestfjörðum og ég man að við vorum á Bíldudal og að fara til Patreksfjarðar." Og þeir fengu að vita að óttast væri um 36 tonna bát. „Svo einkennilega vildi til þegar við vorum komnir fyrir Kóp og vorum farnir að nálgast Patreksfjarðarflóann að þá birti til, en það var búinn að vera dimmur snjóbylur alla leiðina, og var björgunarbátur eiginlega við hliðina á okkur. Þetta var ótrúlega


UNLOCKED
LOCKED
DO NOT STOW ANYTHING
UNDER ANY SEAT
ACCESS TO
BOTTOM STRUCTURE



einkennilegt. Sérkennilegt. Og við náðum að bjarga þeim öllum. Þetta var mjög sérstakt. Þetta er það minnisstæðasta frá því þegar ég var að byrja á sjónum.“

Stríðsbrölt á reginhafi

Þorskastríðin hófust og þau eru líka eftirminnileg.

„Ég var í báðum þessum 50 og 200-mílna deilum. Ég var þá stýrimaður.“

Þú varst að klippa.

„Já.

Það sem varð til þess að Bretarnir gáfust meira og minna upp var að þetta var orðið svo óskaplega óhagkvæmt; þessar veiðar hjá þeim. Og við náðum að klippa ansi oft. Og fyrst þegar dráttarbátarnir og herskipin komu þá bara skildu þeir ekkert hvernig við gerðum þetta. Þeir höfðu ekki hugmynd. Þetta var svo frumstætt og einfalt að þeir héldu að þetta væru alltaf einhver neðansjávartæki sem við værum með. Og þetta kom þeim algjörlega í opna skjöldu. Yfirleitt var klippt þannig að við sigldum bara fyrir aftan togarana og svo þegar við fundum að það væri komin festing þá var klippt. En svo voru þeir farnir að átta sig á því og herskipin farin að fylgja okkur alltaf þegar við fórum aftur fyrir togarana. Við vorum með ankeriskeðjur aftan í klippunum okkar til að þyngja þær dálítið vel og settum lóðabelti

> **Það var stundum sem maður ældi ofan í vaskinn sem var verið að vaska upp úr.**

og fórum fram fyrir togarana. Og klipptum þá neðan frá. Þeir voru í margar vikur að finna út úr því.“

Þið klipptuð marga.

„Við náðum um 100 trollum. En mestur var fælingarmátturinn. Þeir voru búnir að þjappa þeim öllum saman í hólf og hópa, herskipin, og þeir máttu ekkert fara út



fyrir það. Við fórum og létum flatreka inni í hópnum og það hafði nægan fælingarmátt og þeir þorðu ekkert að kasta. Hægt og bítandi sáu þeir að þetta gengi ekki.“

Svo unnum við stríðið.

„Já, þeir allavega sömdu.“

Benóný er spurður hvernig mórallinn hafi verið. Þarna voru herskip og dráttarbátar og svo voru það varðskipin. Var hatur? Heiftúð?

„Nei, ég get ekki sagt það. Þótt bresku togarasjómennirnir hafi ekki alltaf verið „gentlemen“ í talstöðinni þá ríkti samt viss virðing á milli manna. Auðvitað var bölvað í talstöðina annað slagið. Það voru bara allir að sinna sínu starfi einhvern veginn.“

Þið að klippa og þeir að veiða.

Þagði allt flugið

Benóný Ásgrímsson breytti um kúrs. Hann sem hafði siglt um árabil fór að fljúga.

„Það var dálítið sérstakt,“ segir hann þegar hann er spurður hvernig sú hugmynd hafi kviknað, en sú hugmynd kom upp að hafa þyrlur um borð í varðskipunum; litlar þyrlur. Fyrst kom upp sú hugmynd að best yrði að þjálfa stýrimenn og láta þá fljúga á frívaktinni. Og Benóný og tveimur öðrum var boðið, ef þeir hefðu áhuga á þessu, að þeir gætu unnið í landi á meðan þeir væru í flugskóla. Sem þeir svo gerðu. „Svo þróaðist þetta bara. Ég kostaði mig alfarið sjálfur og tók einkaflugmanninn og atvinnuflugmanninn á flugvél fyrst og blindflugsréttindi. Svo þróaðist þetta út frá því. Það varð ekkert úr því að við værum að fljúga á frívaktinni.“

Hann segir sögu af fyrsta atvinnufluginu sínu, sem hann segir vera eftirminnilegt. „Ég var rétt nýbúinn að taka atvinnuflugmannsprófið. Albína Thordarson arkitekt hafði keypt þyrlu. Mjög litla þyrlu. Hún ætlaði að nota hana og fá einhverja peninga inn á hana og bað mig um að fljúga fyrir sig. Það var einhver listahátíð í Reykjavík og ung listakona ætlaði að framkvæma gjörning uppi á Úlfarsfelli og hún vildi endilega fá þyrlu í það verkefni. Albína spurði hvort ég gæti farið með hana.

Ég hitti þessa ungu konu á Hótel Loftleiðum og við gengum út að vélinni og þegar hún sá hana spurði hún hvort þetta væri þyrlan sem við færum í, af því að henni fannst hún vera svo lítil. Þetta var bara tveggja manna þyrla. Hún spurði hvort þetta væru ekki mjög öruggar þyrlur. Ég sagðist búast við því, en að ég þekkti lítið þessa þyrlutegund. Þá spurði hún hvort ég væri ekki reyndur flugmaður. Ég sagðist ekki vita það, en að ég væri sjómaður og ég tæki að mér að fljúga annað slagið. Konan þagði allt flugið.“

Benóný segir að eins hreyfils björgunarþyrla hafi komið til landsins árið 1965 en að fyrsta tveggja hreyfla björgunarþyrlan með blindflugsbúnað hafi komið árið 1980. Hún fórst svo í Jökulfjörðum þremur árum síðar.

Þetta var bakslag.

> **Ég sagðist ekki vita það, en að ég væri sjómaður og ég tæki að mér að fljúga annað slagið. Konan þagði allt flugið.**

„Eftir slysið var, sem betur fer, gerð algjör uppstokkun á flestöllum hlutum varðandi þyrluflug og sérstaklega hjá Gæslunni.“

Benóný þurfti einu sinni að lenda eins hreyfils þyrlu í ljósaskiptunum. Það var að koma myrkur og hann lenti í Landeyjum. „Ég fór upp að bóndabæ, bankaði upp á og tilkynnti mig. Svo morguninn eftir fannst mér stórmerkilegt að ég hafði ekki tekið eftir því þar sem það hafði verið orðið skuggsýnt að ég lenti eiginlega inni í hrossastóði. Og það var búið að sleikja allt gler og siglingaljós á þyrlunni þegar ég fór að kíkja á þetta um morguninn.“

Menn og gámar í sjónum

Benóný hefur bjargað mörgum á þyrlunni. Og hann er spurður hver sé stærsta björgunin.

„Það er svo merkilegt að það var þegar ég var að bjarga kvígum sem voru í svelti við Stóru-Laxá; í gili við Stóru-Laxá. Þær voru búnar að éta allt og komnar í algjört svelti og voru lagstar alveg niður og það var ekki möguleiki á að ná þeim upp úr gljúfrinu öðruvísi en með þyrlu eða stórtækum vinnuvélum. Á þeim tíma var ég á eins hreyfils lítilli þyrlu og mesta áskorunin var að komast ofan í gljúfrið. Það var þröngt og þetta hefur mér alltaf fundist vera mesta afrekið mitt. Þetta voru fjórar kvígur og mér fannst það líka vera dálítið merkilegt að þegar við lentum við hliðina á þeim þá hreyfðu þær sig ekki. Þær voru alveg búnar. Þær voru svo settar í vörunet sem var hengt undir þyrluna og ég flaug með þær. Um leið og þær sáu grasið eftir að lent var þá stóðu þær upp.“

Stærsta mannbjörgunin var svo þegar Dísarfell fórst á milli Íslands og Færeyja. „Hún var að mörgu leyti dálítið flókin.

Þetta var dálítið sérstakt. Þetta voru erfiðar aðstæður. Það var verið að slaka sigmanninum og það var allt fullt af svartolíu í sjónum og gámar og innihald gámanna úti um allt. Skipverjarnir voru allir, nema tveir, búnir að festa sig saman.













Að mínu mati er nauðsynlegt að vera hræddur í svona starfi. Ég tel mig hafa fengið mjög góða þjálfun og við þjálfuðum okkur gríðarlega vel þegar við fórum að byrja aftur rekstur með björgunarþyrlur.

Það var svo erfitt fyrir sigmanninn að at-hafna sig. Hann var búinn eftir þrjá til fjóra og varð að hvíla sig. Við settum í staðinn tvær lykkjur niður og krossuðum fingur. En við vissum líka sem betur fer að það voru flestir sjómenn búnir að fara í gegnum Slysavarnaskóla sjómanna. Og þeir þekktu þetta.

Svo vildi þannig til þegar verið var að hífa tvo upp að þá hrundi annar úr annarri lykkjunni og fór aftur í sjóinn. Þegar við töldum okkur vera búna var okkur létt og við lögðum af stað. Við vorum farnir að klífa upp í skýin og vorum á leið til Hornafjarðar þegar allt í einu kom í ljós að það vantaði einn. Þá rifjaðist það upp að það var sá sem datt úr lykkjunni. Við vorum komnir á varaeldsneytið okkar og vorum orðnir ansi tæpir með eldsneyti, en um leið og við komum niður úr skýjunum þá var maðurinn beint fyrir framan okkur og það tók tvær til þrjár mínútur að ná honum upp. Þetta er mjög eftirminnilegt."

Þjálfun, reynsla og dómgreind

Benóný er spurður hvort hann sé með ståltaugar.

„Nei, alls ekki."

Þú varst í vitlausum veðrum. Lést menn síga. Hvernig leið þér á þannig stundum?

„Að mínu mati er nauðsynlegt að vera hræddur í svona starfi. Ég tel mig hafa fengið mjög góða þjálfun og við þjálfuðum okkur gríðarlega vel þegar við fórum að byrja aftur rekstur með björgunarþyrlur. Ég er trúaður maður og hélt fyrst að amma mín leiddi mig alltaf í gegnum þetta, en ég er viss um að það var eitthvað sem tengdi ömmu mína líka. Ég hef aldrei fundið fyrir hræðslu eða ótta. Það kann að virðast hrokafullt að segja þetta, en það er aldrei þannig að það hafi plagað mig neitt. Aldrei.

Það hafa margir spurt mig hvort þetta hafi verið hættulegt starf. Björgunarstörf eru í eðli sínu hættuleg. Það eru þrjú atriði að mínu mati sem halda manni réttum megin við þá línu sem á ekki að fara yfir. Það er í fyrsta lagi góð þjálfun, það er reynsla og það er góð dómgreind. Þá kemstu eins nálægt línunni og kostur er án þess að fara yfir hana. Og ég hef reynt að einbeita mér að þessum þáttum.

Þegar ég hef verið spurður hver séu erfið-ustu flugin sem ég hef farið í þá eru það flugin sem hefur þurft að hætta við."

Það fylgdu þessu starfi sorgir. Benóný upplifði harmleiki. Hverjar voru erfiðustu stundirnar?

„Það var að sækja mikið slösuð börn. Og það hefur alltaf reynst mér mjög erfitt. Þar þarf maður virkilega að beita sig dálítilli hörku til að missa ekki vald á til-finningunum. Það er bara þannig."



Lofthræddur

Þyrluflugstjórinn fyrrverandi er lofthræddur við vissar aðstæður.

„Það finnst mörgum það vera dálítið sérkennilegt, en ég hef alla tíð verið lofthræddur en það hefur samt aldrei háð mér, allavega ekki í vinnu. En sem dæmi þá hef ég búið á fjórðu hæð í blokk og mér líður alltaf illa við að fara út á svalir.“

Og Benóný segir sögu af því þegar hann fór upp á Þrídranga.

„Ég skil ekki enn þann dag í dag hvernig í ósköpunum ég lét hafa mig út í það. Þetta var áður en þyrlupallurinn var smíðaður á Þrídröngum. Það varð einhver úr áhöfninni að fara þangað með mönnum frá Vestmannaeyjum. Þeir sögðu að ég yrði að fara fyrstur og að þeir myndu fylgja mér eftir. Ég var búinn að segja þeim að ég væri gríðarlega lofthræddur. Þeir sögðust verða á hælunum á mér og ef ég gæfist upp þá ættu þeir auðvelt með að fara með mig niður.

Síðan þegar ég var búinn að klöngrast langleiðina upp þá tók við keðja síðustu tíu metrana sem varð að fikra sig upp með og þegar ég kom upp á brúnina horfði ég beint í augun á múkka eða fýl. Og hann var uppfullur af lýsi og hann lét mig svo hafa það beint á ennið og það lak niður hálsmálið á mér. Og lyktin af lýsinu eins og hún getur orðið. Ég man að ég kreisti keðjuna svo fast að ég hélt ég myndi bræða hana. En ég náði svo í hausinn á fuglinum og henti honum í burtu, en ég varð líka að henda fötunum mínum. Það var ekki séns að ná lýsislyktinni úr þeim.“

Meiri sjómaður í sér en flugmaður

Benóný Ásgrímsson er sestur í helgan stein.

„Ég er það, en sem betur fer hefur maður alltaf áhugamál en ég er hættur allri vinnu og kominn á minn lífeyri.“

Hann mátti ekki fljúga sem atvinnuflugmaður eftir að hann varð 65 ára. „Það er til umræðu að hækka þetta. Það eru orðin allt önnur lífsgæði hjá fólki í dag og fólk er orðið almennt miklu heilsuhraustara. En ég var ósköp þakklátur fyrir að fá að klára ferilinn heill heilsu. Það eru átta ár síðan.“

Þú saknar ekkert þyrlunnar þegar þú lítur til himins?

„Nei, ég geri það ekki.

Ég var aldrei mikill flugmaður í mér og hafði aldrei sérstakan áhuga á flugi, en ég hafði gríðarlegan áhuga á starfinu. Það er tvennt ólíkt. En flugið sem slíkt hafði aldrei heillað mig þannig. Að mínu mati var ég meiri sjómaður í mér heldur en flugmaður. Það er mín skoðun.“

73 ára. hvernig er lífið?

„Það er bara dásamlegt. Sem betur fer eru flestallir í kringum mig við góða heilsu, þeim líður vel og lífið er bara að mínu mati dásamlegt. Ég hef áhugamál og ég hef getað dundað í þeim. Í fyrsta lagi er það golf. Svo höfum við verið að taka saman bók, þrír félagar, um þyrlusögu Landhelgisgæslunnar. Fyrstu 40 árin. Það hefur tekið sinn tíma.“ Bókin á að koma út í haust og að henni standa líka Páll Halldórsson, fyrrverandi yfirflugstjóri hjá Landhelgisgæslunni, og Júlíus Einarsson, þjóðfræðingur og áhugamaður um þyrlur.

„Síðan vorum við að vinna í því að koma björgunarþyrlunni TF Líf á Flugsafnið á Akureyri. Og það er eiginlega komið í höfn,“ segir Benóný, sem að eigin mati er meiri sjómaður í sér en flugmaður. Og þau voru ýmis skipin sem hann var á sem lögðust að bryggju.

> **Það finnst mörgum það vera dálítið sérkennilegt, en ég hef alla tíð verið lofthræddur en það hefur samt aldrei háð mér, allavega ekki í vinnu.**



HVAR VERÐUR ÞÚ Í SUMAR?

Planaðu pallinn á BYKO.is



BYKO

GERUM ÞETTA SAMAN



„ÉG GJÖRSAMLEGA GARGAÐI Á HAFIÐ OG KALLAÐI NAFN HANS“

„Ég stoppaði í fjörum hér og þar og gjörsamlega gargaði á hafið og kallaði nafn hans,“ segir **Steingrímur Helgu Jóhannesson** í viðtali við Reyni Traustason. Steingrímur var á sjónum um árabil og í hittifyrra var hann í túr á skuttogaranum Tómasi Þorvaldssyni. Þetta átti að vera 40 daga túr á grálúðu. „Á 37. degi kom atvik upp,“ segir Steingrímur, en í kaffitímanum snemma morguns sá hann SMS frá föður sínum sem bað hann um að hringja í sig sem allra fyrst; þetta tengdist bróður Steingríms.

Hann hafði átt erfitt og honum leið ekki vel,“ segir Steingrímur um bróður sinn, „þannig að mig grunaði hvað væri á bak við þessi skilaboð. Við Hörður bróðir vorum bara tveir og við misstum móður okkar ungir. Þetta hefur allt verið erfitt fyrir okkur öll þessi ár; við vorum bara tveir og vorum nánir. Það tók mig 10 mínútur að taka upp tólið og hringja í pabba. Ég vissi nákvæmlega hvað þetta var þegar hann svaraði. Hann sagði „Hörður, bróðir þinn, er dáinn.“ Þegar svona gerist og að vera úti á sjó; það bara hrundi allt einhvern veginn. Ég hrundi sjálfur. Ég vissi ekki hvað ég ætti að gera. Ég settist niður og fór að gráta.

Ég fór til stýrimannsins og sagði hvað hefði gerst og spurði hvort ég gæti fengið eitthvað

róandi. Svo fór ég niður í klefa og ég mætti ekkert niður á vakt eftir kaffi. Svo kom Bessi skipstjóri og talaði við mig og sagði að hann ætlaði að skutla mér í land. Þarna vorum við úti á Hala. Hann skutlaði mér upp á grunn og þar var fullt af snurvoðabátum og það átti að henda mér í bát sem var fyrstur til að fylla og svo átti ég að fara með honum í land sem var gert. Ég kom í land í Bolungarvík," segir Steingrímur sem leigði bílaleigubíl og segist hafa ekið áleiðis suður með augun stútfull af tárum og reiði. „Ég vissi ekki almennilega hvað hafði gerst hjá honum," segir hann og á við látinn bróður sinn. Í þessari ferð suður stoppaði hann svo í fjörum hér og þar og gjörsamlega gargaði á hafið og kallaði nafn látins bróður síns. Hörður.

Eiginkona Steingríms ók á móti honum og hittust þau í Bjarkarlundi og það hjálpaði mikið. „Hún stóð mikið við bakið á mér. Ég þakka áhöfninni fyrir en þeir voru mikið að aðstoða mig."

> ***Ég man að það var kolniðamyrkur, snjóhríð, 20 stiga frost og bara klikkað veður.***

Steingrímur ákvað eftir þetta að koma sér í land. „Ég var ekki tilbúinn til að gera neitt. Ég var heima í um fjóra mánuði og fór að vinna í landi sem vinnslutæknir. Ég held ég hafi verið þar í mánuð og svo gafst ég upp. Ég var ekki með hausinn í takt við lífið."

Steingrímur, sem segir að Hörður hafi látist af völdum hjartaáfalls, segir að það hafi verið búið að reyna að hjálpa honum mikið. „Sumt fólk er þannig að það vill ekki láta hjálpa sér. Ég reyndi eins og ég gat."

Hörður hafði búið á Spáni og segir Steingrímur að það hafi tekið um sex vikur að koma líki hans til Íslands.

3.600 tonna togari

Steingrímur fæddist í Vestmannaeyjum. Svo flutti fjölskyldan norður og árið 2004 flutti Steingrímur svo í Eyjar til að fara á sjóinn. Faðir hans var sjómaður og var þá á Snorra Sturlusyni og hringdi Steingrímur í föður sinn og bað um að fá pláss. „Ég fékk þetta „ætlar þú á sjóinn?". Steingrímur segir að það séu margir sjómenn í ættinni. „Bróðir minn, Hörður heitinn, var sjómaður.

Ég var á Snorra Sturlusyni þangað til hann var seldur. Mér gekk mjög vel þarna um borð og hafði aldrei unnið þessa vinnu áður og fékk fast pláss bara strax. Svo var Snorrinn seldur og þá fór ég á Þór í Hafnarfirði hjá Guðrúnu og Gústa og var þar í þrjú ár. Flott áhöfn. Topppláss og allt magnað þarna um borð."

Hafið lokkar og laðar en það gera líka útlönd stundum og Steingrímur vildi út. Út til Noregs. Hann vildi fara á sjóinn með frændum vorum Norðmönnum. Hörður bjó þá í Haugesund.

„Ég sagði upp á Þór, fór út og var kominn með vinnu innan tveggja vikna á einum stærsta togara í Noregi. Tvö millidekk og hvað eina. 3.600 tonna togari." Steingrímur varð vinnslustjóri; fékk þá stöðu í þriðja túr.

„Það er gríðarleg ábyrgð að vera vinnslustjóri á svona stórum togara og úti í Noregi. Þetta er svolítið svart og hvítt að vera í þessari stöðu hérna heima og úti því þarna úti ertu með alla



ábyrgð undir skipstjóranum. Ábyrgðin var mín að skila góðum afurðum og bera ábyrgð á báðum vöktum.“ Hann segir að þarna hafi hann fílað sig í tætlur. Þarna var hann í þrjú ár og svo var skipið selt.

Á reki í fárviðri

Steingrímur segir frá minnisstæðum túr á þessum norska togara. Þeir voru í Flæmska hattinum í janúar. Kvöldið áður en togarinn átti að láta frá höfn kíkti Steingrímur á pöbb og hitti þar gamlan, norskan sjómann. Síðhærðan og tannlausan.

„Hann spurði mig hvað ég væri að gera og ég sagði það og að ég væri að fara í Flæmska hattinn og myndi leggja af stað morguninn eftir. Þá reif hann í öxlina á mér: „Ekki fara. Ég er búinn að fara þangað og ég ætla aldrei aftur þangað.“ Hvaða bull var þetta? Ég vissi að þetta væri slæmt hafsvæði en við fórum þangað á versta tíma ársins og það er enginn þarna í janúarmánuði.“

Svo lagði togarinn frá bryggju.

„Þetta var níu daga sigling og þegar við mættum út þá var veður eins og ég hafði aldrei séð áður. Ölduhæðin var svo mikil. Ég man að það var kolniðamyrkur, snjóhríð, 20 stiga frost og bara klikkað veður. Kallinn ákvað að láta þá fara. Það hristu allir hausinn. En eftir um hálftíma til klukkutíma kallaði hann niður: „Það verður að hífa þetta; það er eitthvað að.“ Svo var byrjað að hífa og hlerarnir komu upp. Ég var á dekki þarna og þá var annar grandarinn slitinn þannig að það var híft upp á öðrum og reynt að koma þessu inn og grandaspilin voru ekki að hafa þetta. Lengjan var svo komin inn og það var ákveðið að hjálpa þessu að komast inn með gilsum og öðru.“

Svo drapst á skipinu. Í þessu fárviðri.

„Meira að segja neyðarljósin kviknuðu ekki og á sama tíma fengum við brot á okkur. Ég og Otto Svalbard, Færeyingur, vorum stjórnborðsmegin og fundum að það flaug einhver andskotinn yfir okkur. Við vorum heppnir að vera lifandi eftir þetta því þegar ljósið var komið á þá var þetta grandari sem hafði flogið úr stæði hinum megin og skór sem eru notaðir á hlerana. Þetta flaug yfir. Skórnir smölluðust, grandarinn náttúrlega losnaði allur en við sluppum furðu vel.

Það sem gerðist þarna er að við fengum í skrúfuna.“

Steingrímur segir að hann hafi hugsað í þessum aðstæðum að þetta yrði sitt síðasta. Tilfinningin var þannig.

„Svo ákvað kallinn að reyna að slaka krananum aftur niður og reyna að húkka í eitthvað í skrúfunni þannig að hann festist líka og kraninn var pikkfastur. Við vorum bara vélarvana úti. Og stopp. Bara á reki. Svo var færeyskur togari á leiðinni út og það voru tveir sólarhringar í hann. Það var fljótara að bíða eftir honum heldur en að fá skip úr landi. Við biðum og þegar þeir komu var skotið úr línu og það tók heilan dag að ná línunni yfir; það var svo vont veður. Loksins heppnaðist það og við vorum drengir í land og vorum í St. Jones í fjóra daga.

> ***Þarna leið mér best af öllum skipum sem ég hef verið á.***

Við vorum uppi í bæ að fá okkur og menn að taka úr skrúfunni. Það fór allt í skrúfuna.

Svo fórum við aftur út á sjó og kláruðum túrinn og náðum að fylla togarann af þorski. Þetta var einn stærsti túr sem ég hef farið í.“

Svo kom að því að togarinn var seldur til Rússlands.

Steingrímur fór á annað skip hjá stærsta útgerðarfyrirtæki Noregs og var þar vinnslustjóri í þrjú ár en svo flutti hann til Íslands og fór að vinna hjá Samherja.

Var ekki gott að vinna hjá þeim?

„Jú, jú. Maður er búinn að heyra margar sögur af þeim hvað þetta sé mikið skítabatterí og hitt og þetta. Maður heyrði sögur af því að það var hringt frá útgerðinni og sagt „þú ert að fara þangað“ og ef þú sagðir „nei“ þá varstu rekinn. En ég lenti aldrei í svoleiðis þannig að ég hef ekkert út á það að setja. Ég hef ekkert út á þessa útgerð að setja þannig. Ég fór á Oddeyrina.“

Allt í brúnum reyk

Oddeyrin var einu sinni á Barentshafi á leið til Íslands. „Þetta var desembertúr. Jólatúr. Það var búið að þrífa allt og græja allt. Það voru flest allir sofandi þessa nóttu en ég var uppi í setustofu að horfa á bíó. Ég var að horfa á Suðurlandið. Myndina. Ég hafði ekki séð þessa mynd áður og vissi lítið um þetta slys. Þarna komst ég að því að þeir höfðu verið að sigla sömu siglingaleið og við til Íslands. Og þarna vorum við um 100 mílur frá Langanesi. Ég var nýbúinn að klára að horfa á myndina og kominn í koju og það liðu svona 10 mínútur þangað til alarmið um borð fór í gang; brunavarnarkerfið. Það kom óhugur í mann; ennþá með þessa mynd í huga. Ég henti mér í fötin og fór beint upp í brú og þá var manni tilkynnt að það hefði kviknað í. Það var allt í brúnum reyk. Það hafði kviknað í niðri í vél; í rafalnum. Við náðum að slökkva í þessu sem betur fer. Það var magnað hvernig þetta hitti í mark; á sama tíma. Svolítið sérstakt.“

Steingrímur var á Oddeyrinni þangað til hún var seld til Noregs. „Mér var boðið að fara með skipinu og ég gerði það. Við fórum þrír út með skipinu; ég átti að sjá um vinnsluna, svo var það vélstjóri og stýrimaður. Og svo einn á dekki. Við áttum að koma nýrri áhöfn af stað. Ég var þarna í þrjá túra og svo fór ég aftur heim. Ég fór svo á Björk hjá Samherja. Ég fór þaðan 2019 og fór svo að vinna hjá Brim; var á Helgu Maríu.“ Hann segir að þar sé toppáhöfn frá brú og niður í vél. „Þarna leið mér best af öllum skipum sem ég hef verið á. Þetta er eins og ein fjölskylda. Heilsteypt fjölskylda.“

Svo segist hann hafa verið á flakki; nefnir Hrafn Sveinbjarnarson.

Hættur á sjónum

Steingrímur sá um tíma um hlaðvarpsþætti, Sjóarann, þar sem hann tók viðtöl við sjómenn en hann er hættur því. Hann segist hafa tekið viðtöl við um 40 sjómenn sem muna tímana tvenna frá því jafnvel fyrir áratugum síðan. „Þetta er tími sem maður þekkti ekki áður og að heyra þessar minningar og um þessa háska; það er magnað að heyra þetta frá þessum mönnum.“

Hann er ekki bara að hætta með þættina heldur er hann líka að hætta á sjónum. „Ég ætla að fara að gera eitthvað annað. Ég ætla að vera meira með fjölskyldunni,“ segir Steingrímur sem á tvo syni og tvö stjúpbörn. „Ég er búinn að vera á sjónum í 18 ár. Þetta er ekkert ægileg saga miðað við þessa kalla sem ég hef talað við en mér finnst það slatti fyrir mig og ég ætla að prófa eitthvað nýtt.“

Hann skráði sig í nám. „Það heitir gæðastjórnun og ég er búinn með hluta af því, diplóma, í Noregi.“

SENDUM SJÓMÖNNUM OG FJÖLSKYLDUM ÞEIRRA HAMINGJUÓSKIR MEÐ DAGINN

701 HÓTELS
Miðvangi 2, 700 Egilsstaðir
S:471 2400 - 701hotels.is

AKUREYRARBÆR
Geislagötu 9, 600 Akureyri
S: 460 1000 - akureyri.is

BÁRAN STÉTTARFÉLAG
Austurvegi 56, 800 Selfossi
S: 480 5000 - baran.is

BATTERÍIÐ ARKITEKTAR
Hvaleyrarbraut, 220 Hafnarfjörður
S: 545 4700 - arkitekt.is

BÁTAR OG BÚNAÐUR EHF
skip@batarogbunadur.is
S: 562 2551 - batarogbunadur.is

BENNI PÍPARI EHF
Bolafæti 9, 260 Reykjanesbæ
S: 842 6000 - bennipipari.is

BYGGINGARFÉLAG GYLFA OG GUNNARS
Borgartúni 31, 105 Reykjavík

BR FLUTNINGAR EHF
Gagnheiði 34, 800 Selfossi
S: 662 1122 - brfluttehf@gmail.com

DALVÍKURBYGGÐ
Ráðhúsi | 620 Dalvík
S: 460 4900 - dalvikurbyggd.is

EINHAMAR SEAFOOD EHF
Verbraut 3a, 240 Grindavík
S: 426 7700 - einhamarseafood.is

ESKJA HF
Leirubakka 4 - 3. hæð, 735 Eskifirði
S: 470 6000- eskja.is

FMS AÐALSKRIFSTOFA
Hafnargötu 8, 245 Suðurnesjabæ
S: 422 2400 - fms.is

FISKMARKAÐUR SNÆFELLSBÆJAR EHF
Ennisbraut 34, 355 Ólafsvík

FISK-SEAFOOD HF
Háeyri 1, 550 Sauðárkróki
S: 455 4400 - fisk.is

GULLFOSSKAFFI VIÐ GULLFOSS
Bláskógabyggð, 801 Selfoss
S: 486 6500 - gullfoss.is

SVEITARFÉLAGIÐ HORNAFJÖRÐUR
Hafnarbraut 27, 780 Höfn

Kreativ Dental

SJÓRINN HEILLAR OG LAÐAR

– Búdapest heillar og laðar

Margir Íslendingar hafa nýtt sér þjónustu tannlæknastofunnar Kreativ Dental í Búdapest í Ungverjalandi, en tannlæknastofan þykir vera ein sú besta í Evrópu. Grímur Axelsson er umboðsmaður hennar fyrir Íslendinga, en viðskiptavinir fá á staðnum alla þjónustu á íslensku. Meðan á dvölinni stendur er tilvalið að nýta sér það sem borgin hefur upp á að bjóða.

Grímur Axelsson er fæddur og uppalinn í Reykjavík. „Það má segja að ég sé kominn af sjómönnum, en afar mínir í báðar ættir voru sjómenn. Annar skipstjóri en hinn loftskeytamaður. Auk þess voru ömmubræður mínir stýrimaður og skipstjóri. Það má fara lengra aftur í ættina, en langafar mínir í móðurætt voru báðir skipstjórar.

Að loknu stúdentsprófi fór ég að sækja sjóinn á sumrin og eftir það gat ég ekki beðið eftir að komast á sjóinn á vorin. Ég var mjög heppinn með skipstjóra og skip, Vigri þar á meðal, en þar var Steingrímur Þorvaldsson skipstjóri og síðar Eyþór Atli Scott, Pétur Jónsson með Pétur Stefánsson heitinn í brúnni. Helga María, með Eirík Ragnarsson og Heimi Guðbjörnsson í brúnni, og Örfirisey, en þar var Trausti Egilsson skipstjóri. Ég lærði heilmikið um lífið og samskipti hjá þeim frábæru skipstjórum sem ég fékk hásetapláss hjá og skipstjórarnir löðuðu að sér frábæra áhafnarmeðlimi. Þetta var alveg geggjað, mikið ævintýri og ég vildi fara aftur og aftur. Þetta var ekkert annað en ánægja, peningarnir komu sér vel og ég held tengslum við marga þessara manna enn í dag.

Ég hóf nám í stjórnmálafræði við Háskóla Íslands og útskrifaðist síðan frá Háskólanum á Bifröst í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði. Á námsárunum á Bifröst fór ég hálft ár í skiptinám til Ungverjalands og það breytti mörgu. Ég varð heillaður af landi og þjóð og langaði að fara þangað í framhaldsnám. Ég var búinn að fá upplýsingar um nám sem mér leist mjög vel á og var svo heppinn að komast inn í góðan háskóla sem bauð upp á nám í alþjóðahagfræði. Á þessum tíma kynntist ég konu minni, sem er ungversk, og eigum við nú tvö börn.“

KREATIV DENTAL

Á námsárunum í Búdapest heyrði Grímur norræna læknanema ræða um tannlæknastofuna Kreativ Dental. „Þeir sögðu að hún væri mjög góð og hefði verið valin besta tannlæknastofan í álfunni. Þeir sögðu einnig að margir frá þeirra heimalöndum hefðu farið þangað til tannlækninga.



Þá hugsaði ég með mér að þetta gæti verið góður valkostur fyrir okkur Íslendinga. Á þessum tíma kom töluvert fram í fréttum að verð fyrir tannlækningar á Íslandi væri hátt og kostnaður ekki augljós í byrjun meðferðar, verðlistar og ábyrgð ekki sjáanleg og að fólk veigraði sér við að fara til tannlæknis vegna kostnaðar. Þetta ýtti við mér og ég sá tækifæri til að bjóða Íslendingum tannlæknaþjónustu í hæsta gæðaflokki og á sanngjörnu verði.

Ég varð umboðsmaður fyrirgreindrar tannlæknastofu og hóf að bjóða Íslendingum tannlæknaþjónustu árið 2016.“



ÖLL ÞJÓNUSTA Í BÚDAPEST Á ÍSLENSKU

Grímur segir að fljótlega eftir að Kreativ Dental var stofnað fyrir rúmum aldarfjórðungi hafi Norðmenn farið að láta sjá sig í miklum mæli án þess að norskur umboðsmaður tannlæknastofunnar hafi þá verið starfandi. „Þetta einhvern veginn spurðist út í Noregi. Upp frá því fór Kreativ Dental að straumlínulaga þjónustu sína fyrir fólk sem kemur erlendis frá og þarf tannlækningar og ef til vill miklar og flóknar aðgerðir. Og í gegnum tíðina hefur það verið þannig. Tannlæknarnir og tannsmiðirnir eru meðvitaðir um mikilvægi tíma fólks og leggja áherslu á að nýta hann sem allra best fyrir viðskiptavinina. Smám saman fór að bera á því að fólk óskaði eftir tannlæknaþjónustu hjá Kreativ Dental frá fleiri löndum eins og Norðurlöndunum, Þýskalandi, Englandi, Írlandi, Hollandi, Frakklandi, Bandaríkjunum, Belgíu og fleiri löndum og svo bættist Ísland í hópinn.

Í dag hafa á sjötta þúsund Íslendingar notið þjónustu Kreativ Dental og hjá tannlæknastofunni starfa um 80 manns, allir sér-

Þetta ýtti við mér og ég sá tækifæri til að bjóða Íslendingum tannlæknaþjónustu í hæsta gæðaflokki og á sanngjörnu verði.



fræðingar á sínu sviði. Þar starfa líka túlkar fyrir þá sem vilja tjá sig á sínu móðurmáli. Frá byrjun hefur verið full þjónusta á íslensku við íslenska viðskiptavini Kreativ Dental. Það gerum við með því að hafa ávallt íslenskumælandi þjónustustjóra á tannlæknastofunni. Meðferðaráætlanir eru settar upp á íslensku, upplýsingar um meðferðir eru gefnar skriflega á íslensku og reikningar eru á íslensku. Þegar Íslendingar hafa samband við mig eða bróður minn, Hjalta Axelsson, sem starfar mér við hlið, og lýsa yfir áhuga á að fara til tannlæknis eða fá skoðun hjá Kreativ Dental gefum við upplýsingar um þá þjónustu sem er í boði, hvernig ferlið gengur fyrir sig og hvers má vænta. Miðað við þær upplýsingar sem fólk veitir okkur getum við ráðlagt um tímalengd og annað. Svo er sammælst um hvenær hentar að koma til okkar. Þá er bókaður tími á tannlæknastofunni fyrir viðkomandi og hægt að hafa samband við samstarfshótel."

Kreativ Dental er af þeirri stærð að tannlæknastofan er með þjónustuborð á flugvellinum í Búdapest sem er opið hvenær sólarhringsins sem fólk kemur, þannig að ef fólk er ekki vant að ferðast þá þarf það ekki að hafa neinar áhyggjur, það er tekið á móti gestum tannlæknastofunnar við þjónustuborðið á flugvellinum í Búdapest. „Þetta veitir gestum okkar stuðning og öryggi". Kreativ Dental sér síðan um að fólk sé sótt á hótelið fyrir tíma hjá sérfræðingum tannlæknastofunnar og svo er því ekið aftur á hótelið.

SKILVIRKT KERFI

„Fólk sem kemur á tannlæknastofuna og fær skoðun verður undrandi þegar það sér hvernig kerfið er sett upp og hversu skilvirkt það er. Eftir fyrstu skoðun er sett upp meðferðaráætlun og vanalega innan klukkutíma er búið að setja upp sundurliðaða meðferðaráætlun á íslensku þar sem fram kemur allt sem þarf að gera, hvað einstakir hlutir kosta sem og meðferðin í heild sinni. Fólk sér hvað þetta muni taka langan tíma og strax eftir fyrstu skoðun hjá Kreativ Dental veit fólk nánast upp á evru hvað þarf að greiða og hve langan tíma tekur að klára verkið, hvort sár þurfi að gróa á milli heimsókna og hvort um sé að ræða eina heimsókn, tvær eða fleiri.

Hjá Kreativ Dental er allt undir einu þaki og skipulagt sem ein heild. Þar eru tannrótarsérfræðingar, kjálkaskurðlæknar, tannholdssérfræðingar og tannsmiðir sem starfa innan þessa batterís auk móttökuritara, skrifstofufólks, umboðsmanna og bílstjóra. Þar er meira að segja fullkomið tannsmíðaverkstæði þar sem starfa um það bil 30 tannsmiðir og var strax haft að markmiði að það yrði að vera tannsmíðaverkstæði af bestu gerð þannig að allir séu meðvitaðir um þætti þeirrar vinnu sem tannlæknastofan býður upp á. Þannig vita allir hvað allir eru að gera fyrir viðskiptavininn og hver og einn einbeitir sér að sinni sérfræðivinnu. Það er mikil hagkvæmni og öryggi í því að fá allar upplýsingar á einum stað og viðskiptavinir okkar eru mjög þakklátir."

ÚRVALSLIÐ

Kreativ Dental hefur verið með ISO-gæðavottun í mörg ár og segir Grímur að alltaf sé um nýjustu ISO-gæðavottunina að ræða. „Þetta er standard sem Kreativ Dental hefur haldið síðan 2008."

Grímur líkir Kreativ Dental við skip. Hann segir að það þurfi að vera með toppskipstjóra sem leggur línurnar og nær því besta fram í öllum og velur bara besta mannskapinn. Það þekkja viðskiptavinir Kreativ Dental sem hitta sinn tannlækni ár eftir ár.

„Það er það sem eigandi og framkvæmdastjóri Kreativ Dental, Attila Knott, leggur áherslu á hvort sem það eru til dæmis tannlæknar, tannsmiðir eða annað starfsfólk. Það eru allir þrautreyndir fagaðilar.

Þegar fólk hefur heimsótt tannlæknastofuna í 10 ár eða lengur



„Fólk sem kemur á tannlæknastofuna og fær skoðun verður undrandi þegar það sér hvernig kerfið er sett upp og hversu skilvirkt það er."

þá sér það sömu tannlæknana og starfsfólkið aftur og aftur. Gæðin eru okkur allt og við vinnum með það í huga.

Eigendur Kreativ Dental leggja sig fram við það að þekkja ferlið á stofunni frá upphafi til enda svo hægt sé að ábyrgjast gæðin. Það er galdurinn í þessu öllu að hafa skipstjóra sem nær því besta fram í áhöfninni og heldur alltaf uppi háum gæðastaðli."

Grímur segir að ef eitthvað kemur upp á eftir að meðferð er lokið og ef um er að ræða ábyrgðartilfelli, þá sjái Kreativ Dental um kostnað við flug, gistingu og viðgerð.

ÁHRIF Á ANDLEGA LÍÐAN

„Bæði konur og karlar hafa sagt mér að þau hafi verið hætt að lifa lífinu af skömm, verið hætt að hitta ættingja og vini og hætt að brosa og hlæja. Þetta hafi haft áhrif á andlega heilsu þeirra og viðmót fólks í kringum þau," segir Grímur og á við tannheilsuna og ástand tannanna í umræddu fólki. „Loksins eygir það von um betra líf með því að laga tannheilsuna, að laga tennur; brotnar tennur, tennur sem hafa verið fjarlægðar og ekkert sett í staðinn. Loksins gat það fólk gert sér ferð til okkar og haft efni á að fá bót meina sinna. Og strax í kjölfarið brosti lífið við því. Það eru fleiri hundruð umsagnir á Facebook-síðunni okkar, Kreativ Dental Ísland, sem er ætluð viðskiptavinum. Þar segir til dæmis fjörmikil kona frá því að hún hafi verið hætt að sýna sitt rétta andlit, en eftir að hafa lokið meðferð hjá Kreativ Dental breyttist hún í sitt gamla sjálf. Og eftir að hafa fengið þjónustu hjá tannlæknastofunni ákvað hún að þakka fyrir sig eins vel og hún gat og gerði hún það með því að stofna spjallhóp fyrir fyrrverandi gesti Kreativ Dental og ekki síst fyrir þá sem eru að hugsa um að leita sér tannlækninga hjá tannlæknastofunni, þannig að fólk gæti fengið upplýsingar hjá þeim sem hafa þegar komið. Þessi kona heldur enn þá úti þessum spjallhópi sem er „Tannlækningar í Búdapest- Kreativ Dental – Spjallhópur".

Grímur segir að sá þáttur starfs síns sem honum finnst vera hvað skemmtilegastur sé samskipti við viðskiptavinina og þakklæti þeirra sem notið hafa þjónustu Kreativ Dental.

AFSLÖPPUN OG MENNINGARFERÐ

Fólk sem fer til sérfræðinga hjá Kreativ Dental dvelur mislengi í Búdapest og sumir þurfa að koma aftur ef meðferðin krefst þess. Um leið getur fólk notið þeirra töfra sem Búdapest hefur upp á að bjóða.

„Búdapest er stórkostleg borg. Ég hafði ferðast víða áður en ég fór til Búdapest og ástæðan fyrir því að ég vildi setjast hér að, fyrir utan ástina, var að þetta er magnaðasta borg sem ég hef upplifað. Hún er geysilega falleg, mjög lífleg, mikil háskólaborg, þannig að það er ofboðslega mikið líf og margt ungt fólk, mörg kaffihús og veitingastaðir. Hún er mjög örugg. Þetta er draumastaður. Það má segja að vetur sé kannski í tvo mánuði á ári og þá er hann yfirleitt mildur. Restin er bara vor, sumar og haust.

Dóná skiptir borginni upp í Búda og Pest og á milli Búda og Pest eru margar fallegar brýr. Þannig að það er bara um að gera að ganga um og láta borgina koma sér skemmtilega á óvart. Almenningssamgöngukerfið í borginni er frábært og frítt fyrir 65 ára og eldri."

Grímur segir að það sé ódýrt að njóta lífsins í Búdapest. „Matur og drykkir eru ódýrir, það eru mörg söfn í borginni og margir almenningsgarðar og opin svæði. Það er hægt að fara í siglingu um Dóná, fara í gönguferðir og í lystigarða. Það er endalaust hægt að njóta lífsins í Búdapest."

Á samstarfshóteli Kreativ Dental er stór og góð líkamsræktaraðstaða og sundlaug og margir sem dvelja þar fara í líkamsrækt á morgnana og fara svo í hádegismat og gufubað. Fyrir marga er þetta hvíldarferð, afslöppun og menningarferð.

Fyrir nánari upplýsingar er heimasíða Kreativ Dental **kreativdental.is** og tölvupóstfang: **grimur@kreativdentalclinic.eu** og eins er hægt að hafa samband í síma **859 -9403**.



Eins og Stikilsberja-Finnur: „ÉG SAT Á FLEKANUM OG VAR LAGÐUR AF STAÐ NIÐUR TIL HAFS“

Böðvar Þorsteinsson var lengi á Mælifellinu gamla og eitt sinn í Savannah í Georgíu lenti hann fljótinu þegar níðþungir staurar féllu af skipinu en hann var á málningarfleka og var að mála ankerið. „Ef ég hefði farið á réttum tíma í kaffi þá hefði ég orðið undir öllu saman. Þetta var spurning um kannski tvær mínútur,“ segir Böðvar sem kenndi síðar um árabil í grunnskólum og talar hann um álagið í kennarastarfinu. „Svo kom að því að mér fannst ekki vera gefandi að vera í kennslu. Þetta er gífurlega lýjandi, reynir mikið á og umhverfið er orðið á margan hátt þannig að það þarf sterkt bak til að endast í þessu.“



„Ég hef til dæmis dottið af millidekki í lest á fraktskipi og endaði niðri í botni og einhvern veginn kom ég niður á lappirnar og stóð upp.“

Það Böðvar Þorsteinsson ólst upp vestur á Mýrum, nánast niðri í fjöru eins og hann segir. „Ég ólst upp við sjóinn og var tengdur sjónum mjög snemma. Hann varð snemma partur af lífi mínu og tilveru. Ég man að ég hugsaði sem krakki hvað þetta næði langt; eins og segir: „Hvað er bak við ystu sjónarrönd?“

Mér fannst þetta vera kunnuglegt. Ef ég hef lifað öðru lífi þá hef ég verið á sjó vegna þess að þegar ég var fjögurra til fimm ára peyi fyrir vestan þá var allt þessu tengt mjög kunnuglegt; sérstaklega varðandi fraktarana. Um leið og ég steig á skipsfjöl í fyrsta skipti á kaupskipi þá leið mér vel. Það var á Heklunni gömlu. Þar voru tréþilför og um leið og ég steig á skipsfjöl fannst mér ég vera kominn á minn stað. Mér hefur alltaf liðið vel um borð í skipum. Ég trúi á mörg tilverustig okkar. Ég trúi því að við höfum verið hérna áður og höfum völ á því að koma aftur ef því er að skipta. Ég hef alltaf séð það fyrir mér. Ég held að það sé val til að takast á við það að ná þroska. Til að auka við sinn þroska.“

Böðvar segist hafa leitað á náðir almættisins þegar hann hefur þurft á því að halda. „Oft hefur mér fundist ég vera bænheyrður,“ segir Böðvar, sem var mikið hjá annarri ömmu sinni sem var mjög trúuð. „Við fórum aldrei fram úr á morgnana fyrr en við vorum búin að hlusta á morgunandakt. Þannig að þetta hefur fylgt mér.“

Böðvar byrjaði sjómannsferil sinn sem messagutti á millilandaskipum. Síðar varð hann bátsmaður og háseti. „Ég var búinn að vera háseti í þó nokkuð langan tíma þegar ég fékk þá hugmynd að úr því að ég væri að þessu, því þá ekki að reyna að koma sér í eitthvað þægilegra.“ Og Böðvar fór í Stýrimannaskólann. „Ég hef ekki mikið verið skipstjóri. Reyndar hef ég bara verið skipstjóri í einni ferð á millilandaskipi, en annars yfirstýrimaður og undirstýrimaður.“

Oft lent í óhöppum

Böðvar er sonur Ástu heitinnar Sigurðardóttur, rithöfundar og myndlistarkonu, og Þorsteins frá Hamri, rithöfundar og ljóðskálds. Hvað með skáldataugina? „Ég kann alveg reglurnar. Ég gæti sett saman kveðskap ef það væri að banka upp á hjá mér. Ég hef ekkert sóst í það. Ég get alveg komið fyrir mig orði og ég á heldur ekki í vandræðum með að koma einhverju á prent eða blað. Presturinn sem fermdi mig á sínum tíma, séra Leó Júlíusson, sem var á Borg á Mýrum, hitti mig einhvern tímann á förnum vegi í Reykjavík og heilsaði mér með virktum. Þá var ég orðinn uppkominn maður og hann spurði mig hvort ég væri ekkert að yrkja. Ég sagði „nei“. Þá sagði hann að ég áttaði mig á því að þó að þetta væri í ættinni þá væri þetta eitthvað sem þyrfti að þroska og æfa sig í. Þannig er það bara.“

Og Böðvar segir sögur í þessu viðtali sem Reynir Traustason tók við hann og segir Böðvar að hann hafi oft lent í óhöppum og sloppið og hugsað svo eftir á: „Mikið var ég heppinn þarna“. „Ég hef til dæmis dottið af millidekki í lest á fraktskipi og endaði niðri í botni og einhvern veginn kom ég niður á lappirnar og stóð upp.“

Þetta var margra metra fall.

„Ég veit ekki enn þann dag í dag hvernig ég slapp, en ég hugsaði á leiðinni að nú væri það búið.“



Lenti í fljótinu

Böðvar segir að þetta sé oft spurning um mínútur. Og hann segir sögu frá því þegar hann var á Mælifellinu gamla þar sem hann var lengi. „Ég er tengdur því skipi tilfinningaböndum og mig dreymir oft það skip þótt það liggi á hafsbotni núna.“

OG SVONA ER SAGAN:

„Við vorum búnir að vera að flækjast fram og til baka um Evrópu í þó nokkuð langan tíma. Við fórum af stað í byrjun desember frá Íslandi með mjöl til Finnlands held ég. Við áttum að koma heim fyrir jólin, en komum ekki heim fyrr en undir vorið. Við fórum bara á flæking. Við vorum búnir að flækjast fram og til baka um Evrópu, Norðurlöndin og niður eftir öllu og niður til Portúgal og þaðan fórum við tómir yfir til Bandaríkjanna; þvert yfir Atlantshafið til Savannah í Georgíu. Þar lestuðum við línustaura fyrir RARIK. Við vorum að taka fullfermi af þessu bæði í lest og á dekk; þetta voru níðþungir drumbar gegnsósa af fúavarnarefni sem er tjörukennt og lyktarsterkt efni. Við vorum búnir að vera þarna í nokkra daga, það var búið að setja í lestirnar og það var verið að lesta á dekkið og alveg fram eftir báðum lunningunum á skipinu; það var gert ráð fyrir við hönnun skipsins að geta tekið svona farma. Það eru settar baulur á lunningarnar eða vinkiljárn og ofan í þau gengu staurar; nokkuð sverar tréspírur. Þetta gekk niður á skó í dekkinu og tengt saman með vír. Þannig voru allir staurarnir tengdir saman.

Þennan tiltekna dag var ég á málningarfleka og var ég fram undir bakka á útsíðunni. Málningarflekinn var bundinn í staur fyrir stefnið stjórnborðsmegin. Þetta var bakborðssíðan sem ég var á og hinn spottinn í málningarflekanum var bundinn í einn staur aftan á skipinu um miðbik skipsins.“

Og Böðvar var að mála ankerið svart.

„Kranamaðurinn var að hífa. Hann tók nokkra staura í einu og var að koma þeim fyrir og í einu hífinu fór hann eitthvað óvarlega og braut tvo staura sem voru þarna til að styðja við þetta. Og þá rúllaði dekkfarmurinn af stað og braut fleiri staura. Svo kubbuðust þeir í sundur hver á fætur öðrum vegna þess að vírinn hélt þessu öllu saman. Ég vissi ekki fyrr en flekinn tókst á loft, bandið slitnaði og farmurinn bakborðsmegin í skipinu húrraði í fljótið.

Ég hafði verið að mála ankerið þegar bátsmaður kom fram eftir og sagði að það væri að koma kaffi. Hann gekk svo aftur eftir og kom strax aftur og spurði hvort ég væri ekki að verða búinn. Hann sagði mér síðan að klára þetta og koma svo og fá mér kaffi. Þannig að ég hætti við að losa flekann og toga mig aftur eftir. Hann var rétt sestur að fá sér kaffi þegar kváðu við þessi agalegu læti. Helmingurinn af dekkfarminum var farinn í fljótið. Ef ég hefði farið á réttum tíma í kaffi þá hefði ég orðið undir öllu saman. Þetta var spurning um kannski tvær mínútur.“

Og Böðvar Þorsteinsson hafnaði í fljótinu.

„Þá var ég eins og Stikilsberja-Finnur á Mississippi á málningarflekanum. Straumurinn tók mig og ég fór skarpt niður eftir. Stauranir sukku nema bláendinn af því að þeir voru svo þungir af þessu efni, fúavarnarefni. Ég gat ekkert gert. Ég sat á flekanum og var lagður af stað niður til hafs. Það leið ekki langur tími þar til menn komu á bátum til þess að reyna að bjarga því sem bjargað yrði. Ég var kominn drjúgt niður eftir á flekanum þegar þeir komu á eftir mér. Ég var allur útbíaður í málningu. Þeir hentu til mín spotta og var kallað til mín: „You must be a very lucky man“.

> ***Þeir hentu til mín spotta og var kallað til mín: „You must be a very lucky man“.***

Vestur og austur.

„Ég var svolítið mikið í Múrmansk, Sovétríkjunum, á sínum tíma. Ég þekki þau vel. Við vorum mikið að þvælast þangað á Mælifellinu gamla. Við fórum í Hvítahafið í sumrin og tókum timbur í Arkhangelsk; ekki á veturna en þá var hafið lagt. Það liggur frosið á veturna og þá siglir enginn.“

Lýjandi og reynir á

Böðvar var sjómaður í mörg ár áður en hann fór í kennaranám.

„Ég hef oft sagt að ég hafi alist upp hjá skipadeild SÍS, Samskipum síðar. Svo kom að því að flotinn var skorinn mikið niður og mönnum sagt upp hægri vinstri. Menn voru nánast gripnir á förnum vegi og kallaðir til svo hægt væri að segja þeim upp. Og þarna fækkaði plássum svo gífurlega að það var ekki úr neinu að spila. Maður fór bara þegar manni hafði verið sagt upp og það var ekki í nein önnur hús að venda í bransanum. Þá var spurning að taka sér eitthvað annað fyrir hendur.

Systir mín hafði verið við kennslu og í kennaranámi og hvatti mig til að prófa þetta. Ég fór í Kennaraháskólann og kláraði hann.“

Og Böðvar varð kennari.

„Ég vann í nokkuð mörg ár við kennslu og skólastarf og skólastjórn reyndar líka og var aðstoðarskólastjóri.

Svo kom að því að mér fannst ekki vera gefandi að vera í kennslu. Þetta er gífurlega lýjandi, reynir mikið á og umhverfið er orðið á margan hátt þannig að það þarf sterkt bak til að endast í þessu.“

Er þetta erfiðara en sjómennskan?

„Miklu erfiðara andlega. Samt getur reynt á andlegu hliðina að vera á sjó.“

Böðvar vann um tíma á sumrin sem fangavörður á Litla-Hrauni eftir að hann byrjaði að kenna. „Ég segi stundum að það að fara á Litla-Hraun eftir skólaslit á vorin hafi verið eins og að komast í sunnudagaskólann miðað við það að vera í barnaskóla. Ég upplifði það stundum þannig. Þá var maður laus við hausverkinn þegar maður fór út um hliðið og vaktinni var lokið. Hitt var alltaf í hausnum á manni; þetta skólastarf. Það er lýjandi og reynir mjög á.“


Útfararþjónusta
Rúnars Geirmundssonar
Stofnað 1990
Traust fjölskyldufyrirtæki í áratugi
Sími · 567 9110 · utfarir@utfarir.is · www.utfarir.is



„MAÐUR VAR BARA AÐ HUGSA UM TONN“

„Í minningunni þá man ég aldrei eftir því að hafa komið með hann tóman. En þegar menn eldast er allt svo stórt og mikið. Eins og í öðru voru skin og skúrir; það voru ekki alltaf jól,“ segir **Axel Jónsson** stórskipstjóri sem hefur siglt um heimsins höf en einbeitir sér núna að útleigu herbergja og hestaleigu í Hornafirði.

Þegar ég var peyi veiddi ég hornsíli. Þá voru aflafréttir í útvarpinu og pabbi var á síld á Hvönninni og það var alltaf verið að fylgjast með þessu; hver væri hæstur á síldinni.“ Og drengurinn sem ætlaði að verða skipstjóri alveg frá því hann var sex ára varð síðar stórskipstjóri. Stórkafteinn. Útgerðarmaður. Og ferillinn er fjölbreyttur á höfum heimsins.

Hann var útgerðarmaður í um 20 ár á Höfn og fiskaði eins og fantur eins og Reynir Traustason orðar það í þessu viðtali sem hann tók.

„Í minningunni þá man ég aldrei eftir því að hafa komið með hann tóman. En þegar menn eldast er allt svo stórt og mikið. Eins og í öðru voru skin og skúrir; það voru ekki alltaf jól.“

Hvað átti best við þig? Humarveiðarnar?

„Það var allt þetta drasl, en skemmtilegasta veiðarfærið var nótin. Við vorum á síld á gamla Haukafellinu og Húna II. Svo var ég svolítið á túnfiski líka í Miðjarðarhafinu. Ég var svolítið á togurum.“

Humarveiðar berast í tal og Axel segir þær ekki alltaf vera skemmtilegar.

„Þegar liðið var fram í ágúst voru kannski 20 kíló eftir sex tíma. Kannski niður í þrjú kíló yfir daginn. Og þegar veður var gott í landi var maður úti á spegilsléttum sjó að fá þrjú kíló eftir sex tíma.“

Og fullt af drullu.

„Og fullt af drullu og skít.“

Algjörar þrælabúðir

Haukafellið var fyrsta útgerðin sem Axel átti. „Það var gamla Haukafellið; Húni II. Það fræga skip sem allir eru að dásama. Hann valt svo mikið að hann þurfti þrjá daga í slipp til að stoppa það. Skipstjóraklefinn var uppi í brú og á morgnana var hann búinn að henda manni út í vegg hinum megin. Það var bara svo mikið í botninum á honum. Hann var svo rosalega stífur. Hann var byggður sem nótabátur; hann var svo rosalega stífur. Og harður.“

En þú græddir.

„Menn græða og tapa. Það eru ekki alltaf jól.“

En þú lifðir af og fórst í gegnum þessa útgerð.

„Já, og nokkrar aðrar.“

En þarna er einhver nýjung sem kom með Haukafellinu. Þú fórst að veiða með tveimur trollum.

„Við byggðum bát. Við komum með hann heim 21. júlí 1990. Þá komum við með hann frá Aveiro í Portúgal. Hann var byggður þar. Það tók þrjú ár að byggja hann og það átti að taka eitt og hálft ár. Hann átti að kosta 75 milljónir en kostaði 172 milljónir.“

Þetta hefur tekið í.

„Já, þetta tók í og á þessum árum var alltaf verið að skera niður kvótann, alveg miskunnarlaust. Ég man að eitt árið fór þorskkvótinn niður í 103 tonn. Það átti að lifa af árið með því. Það var alltaf verið að reyna að fiska eitthvað sem var ekki til.“

En hvernig fórstu að því að kljúfa þetta allt saman?



Maður var aldrei að hugsa um peninga á þessum árum. Maður var bara að hugsa um tonn.

„Það var bara tekið á kassann.“

Varstu aldrei smeykur um að þetta færi alla leið?

„Maður var svo vitlaus. Maður var aldrei að hugsa um peninga. Það var bara hvað væru mörg tonn og hafa gaman. Maður var aldrei að hugsa um peninga á þessum árum. Maður var bara að hugsa um tonn.“

Minnst var á trollin tvö.

„Það var strákur frá Hornafirði sem var í sjávarútvegsverkfræði í Álaborg. Hann kom einhvern tímann um jólin með þessar teikningar. Þá vorum við bara að fara á síðutroll yfir á skot-troll á humrinum. Við vorum ekki komnir lengra en það. En þetta var alltaf aðeins í hausnum á mér. Svo þegar við byggðum nýja Haukafellið sá ég að það þurfti að fiska miklu meira. Við áttum næststærsta humarkvóta á Íslandi þá sem var 24 tonn. Ég fór einn túr til Danmerkur og fór með þeim, til Skagen, og sá hvernig þeir gerðu þetta. Svo kom ég heim og setti þetta aftan í og þetta virkaði frá fyrsta degi. Upp-skriftin: Þetta var 70% meiri afli og 30% meiri orka eða kostnaðurinn við að draga. Við vorum að fiska eins og fimm bátar. Ég man að eitt árið vorum við innan við tvo mánuði. Þá fengum við 42 tonn. Þá var staðið 21 á dekki og þrír í koju. Það gekk mikið á. Ég hleypti körlunum aldrei upp. Þeir voru alltaf við borðið að slíta niðri og ég tók trollið alltaf einn. Það var slitið á leiðinni í land og á leiðinni út líka.“

Þetta hafa verið þrælabúðir.

„Þetta voru algjörar þræla-búðir. Þú sérð það; 21 á dekki og þrír í koju.“

Þetta var rosaleg afkoma; rúm 20 tonn af önglum. Hvað heldur þú að þetta hafi gefið?

„Ekki spyrja mig um peninga. Ég bara veit það ekki.“

Það fór allt til andskotans

Haukafellið var selt til Noregs árið 1995. „Þá hringdi einhver í mig og ég fór með Snæfarann til Perú.“ Það átti að kenna mönnum að fiska og áttu Bretar útgerðina.

„Ég tók við honum í Hafnarfirði og sigldi honum til Perú; í gegnum Panama og til Perú og þar var ég í eitt ár. Við vorum aldrei við bryggju. Við vorum alltaf við ankeri út á. Það var mikill fiskur þarna sem líkist síld og við veiddum þetta í troll.“

> ***Maður á aldrei að segja aldrei. Maður er ekki dauður fyrr en maður er dauður.***

Gekk vel?

„Það var ekki vandamálið að fiska. Trollið var svona í fimm til sjö mínútur í botni og þá þurfti maður að stoppa dallinn og spila hann aftur á bak, því ef maður hélt við hann varð trollið fullt. Það þurfti að kúpla frá og spila aftur á bak. Fyrsta túrinn sem ég fór vorum við búnir að vera í landi í þrjá mánuði áður en við fengum leyfi. Svo ætlaði ég að sýna þessum andskotum hvernig ætti að fiska. Þá var ég búinn að vera úti á sjó með hinum bátunum svolítið; vorum að setja nýja hlera um borð og græja og gera. Svo fór ég með Snæfarann og fyllti hann. Það var fyllt í kör. Það var sett í allar stíur, geil í lestina. Það voru 20 tonn á millidekkinu, móttakan full og 30 tonn á efra dekkinu. Svo komum við að bryggju og eftir einn sólarhring fékk ég skilaboð um að koma upp á skrifstofu. Þá var þetta allt ónýtt. Þetta var bara drulla. Það var enginn ís í þessu drasli nema bara í körunum. Þeir voru í þrjá daga að ná upp úr honum. Ég fékk að vita að ef þetta kæmi fyrir aftur þá væri flugmiðinn klár heim.“

Axel fór svo heim og keypti Garðar II og fór að gera hann út. Gekk nýja útgerðin?

„Gekk og gekk ekki upp. Svo settu þeir kvóta á þetta.“

Þá var þetta búið.

„Þá var þetta búið.“

Hvernig gastu forðað þér frá þessu dæmi?

„Ég seldi hann til Vestmannaeyja með öllum kvótanum. Svo keyptum við Gissur hvíta; við sátum uppi með hann. Það var þannig að við höfðum lánað peninga inn í fyrirtækið; það átti að gera hann út á línu fyrir utan hrygg. Utan 200 mílnanna. Það fór allt til and-skotans. Þannig að við sátum uppi með hann.“

Þið genguð að veðinu.

„Já. Svo vorum við með hann úti á Barentshafi og við Græn-land. Ég var með hann að hluta á Grænlandi.“

Gissur hvíti var síðan seldur til Vísis í Grindavík.

Herbergi og hestaleiga

Og Axel Jónsson for á túnfisk-veiðar í Króatíu. Var skipstjóri. Hann segir að árangurinn hafi ekki verið mikill. Hann tók svo þátt í að smíða Storminn, línu- og netaveiðarann. Og ævintýrin á sjónum urðu fleiri. Miklu fleiri.

Axel Jónsson hefur einfaldlega siglt um heimsins höf og gift þýskan greiafa, þar sem hann hafði réttindi til slíkrar vígslu sem skipstjóri, en núna er hann kominn heim og einbeitir sér að ferðamannaiðnaði í Hornafirði.

„Ég á tvær jarðir fyrir utan Hornafjörð. Við leigjum út herbergi og ég er með tamn-ingastöð og hestaleigu; frænka mín sér um hana.“

Hvað er fram undan?

„Það er bara að hafa gaman af því að lifa.“

Hann er búinn að vera í útgerð. Er hann hættur því stússi?

„Maður á aldrei að segja aldrei. Maður er ekki dauður fyrr en maður er dauður. Maður á að hafa gaman af því að lifa.“

G.Skúlason

VIÐ ÓSKUM SJÓMÖNNUM OG FJÖLSKYLDUM ÞEIRRA TIL HAMINGJU MEÐ DAGINN


G SKÚLASON VÉLAVERKSTÆÐI
Vindheimanausti 8, 740 Neskaupstað

G. Skúlason vélaverkstæði hóf starfsemi árið 1987 og sinnti í upphafi viðgerðum á vörubílum, vinnuvélum og minni bátum. Fyrirtækið dafnaði vel og fæst nú mest við járnsmíðar, rennismíði og vélaviðgerðir.

S: 897 4335 gskulason.com

Í félagsskap hvala og rostungs

Aðalbjörg J. Valbergsdóttir, Alla, er Sauðkrækingur. Hún veit fátt skemmtilegra en að renna fyrir fisk úti fyrir Sauðárkróki. Hún og eiginmaður hennar fara þá á litlum bát hennar og veiða í soðið, en njóta um leið þess að vera í nánast beinni snertingu við náttúruna, sem stundum leikur ljúfa ballöðu en á það einnig til að sýna klærnar.





„Eitt það skemmtilegasta sem ég geri er að skreppa á sjóinn og veiða og það gerir ekkert til þótt ekki fáist branda úr sjó.“

Við hjónin eigum bát, frekar lítinn, en hann nægir okkur, og ég þykist vera útgerðarstjóri, skipstjóri og stýrimaður á mínu fagra fleyi, og karlinn hlýðir bara. Eitt það skemmtilegasta sem ég geri er að skreppa á sjóinn og veiða og það gerir ekkert til þótt ekki fáist branda úr sjó. Upplifunin sem fylgir því að sigla í góðu veðri, að ég tali nú ekki um ef það er komið nálægt miðnætti um Jónsmessuleytið í góðu veðri og sólarlagið baðar mann.

Í einni slíkri ferð var svolítið um hval innarlega á firðinum, einn þurfti samt að tékka aðeins á okkur og sáum við hvar hann kom hægt og hljótt ef svo má segja, það var enginn asi á honum. Við sáum hvar hann synti nálægt yfirborðinu, loftbólur gáruðu hafflötinn og fuglinn flýtti sér frá. Hvalurinn kom upp að bátshliðinni, kíkti aðeins upp, en blés samt ekki, dreif sig svo af stað og hvarf. Við biðum í stutta stund með að setja út færin ef hann skyldi nú snúa við, en hann hefur líklega fundið félaga sína í næsta nágrenni.

Við vorum eiginlega með hjartað í buxunum eitt andartak, því hvalurinn gat annaðhvort komið undir bátinn eða ýtt í hliðina á honum, slíkt hefur víst skeð og stærðarmunurinn á honum og hvalnum var allverulegur.

Lúðan og kvótinn

Aflabrögð eru mismikil og ég hef auðvitað engan kvóta, ég læt sem ég kunni ekki að telja, en þetta er jú bara tómstundagaman. Stundum geta gerst skyndilegir og óvæntir atburðir eins og eitt sinn þegar eiginmaðurinn setti út færið, þá liðu ekki nema nokkrar sekúndur þangað til stöngin var nánast rifin úr höndunum á honum og hún hvarf í hafið, með rándýru veiðihjóli, að sjálfsögðu, og hefur ekki sést síðan. Við komumst aldrei að því hvað olli þessu, en prísuðum okkur sæl fyrir að hann skyldi ekki hafa haldið fastar um stöngina og flogið út yfir borðstokkinn með henni.

Eitt sinn bauð ég yngri systur minni með og í ljósi þess sem beit á hjá henni varð ljóst að ekki er hún fiskifæla. Lenti systir mín í feiknaslag við eitthvert ferlíki sem bitið hafði á. Eftir mikinn barning og átök kíkti stór lúða upp fyrir borðstokkinn. Þær góndu hvor á aðra, lúðan og systir mín, eitt augnablik. Síðan losaði lúðan sig og hvarf í hafið, en þetta var óborganleg stund. Þarna hafði lúðan nnilega vit fyrir okkur, vissi sem var að lúðuveiðar eru bannaðar og hugðist ekki taka þátt í tæknilegum mistökum, eins og sum lögbrot hafa verið nefnd.

Einu sinni vorum að gera klárt fyrir veiðiferð og heyrðum þá skvamp mikið og fnæs og hvæs. Við höfðum þó ekki tíma til að velta þessu frekar fyrir okkur en slepptum landfestum og sigldum á haf út. Þegar við komum í land í lok veiðifarar tók á móti okkur gríðarstór rostungur. Hann lá í makindum sínum á flotbryggjunni og lét sig litlu varða umstang það er fylgdi komu okkar. Hann skipti sér ekkert af okkur á meðan við gengum frá aflanum og komum okkur í land. Bryggjan var lokuð í nokkra daga svo að hans hátign gæti slakað á og var hann vinsælt myndefni hjá fólki sem flykktist að til að sjá hann.

Tapsár vinkona

Vinkona mín kom eitt sinn með mér á sjóinn. Hún er mjög áhugasöm við veiðar, svo vægt sé til orða tekið. Hún þoldi illa að missa fisk og orðbragð hennar þegar svo bar undir fólust meðal annars í orðbragði sem varla er prenthæft. Líklega heyrðu sjómenn á nálægum bátum þegar hún bölsótaðist þegar hún sá á eftir fiski hverfa aftur í djúpið, í það minnsta veit ég af allavega einni áhöfn í nálægum bát sem vissi ekki hvaðan á hana stóð veðrið þegar munnsöfnuður vinkonu minnar barst þeim með annars ljúfum andvaranum.

En við gátum ekki dvalið við glataðan afla, höfðum gleymt okkur í góða veðrinu þegar lognið ákvað að flýta sér aðeins. Það gerist stundum, en þennan daginn máttum við hafa okkur allar við til að ná heilu og höldnu í höfn. Til lands komumst við nánast í loftköstum, lan gt á eftir öðrum bátum, en það hafðist.

Þýskar dömur og drama

En fiskirí höfðar ekki til allra eins og sannaðist þegar þýskar frænkur eiginmannsins komu í heimsókn. Um var að ræða tvær ungar konur og móður þeirra og hafði engin þeirra komið til Íslands áður. Bróðir minn á stærri bát en minn og því fékk ég hann til að skreppa með okkur á sjóinn.

Sjóferðin varð engin smáræðis upplifun fyrir mæðgurnar þýsku, en reyndar fyrir tvær sakir. Hvalur einn ákvað að heiðra þessa útlendu sæfara







Sú gamla mun hafa talað um þessa veiðiferð þegar tækifæri gafst, allt til dauðadags. Blessuð sé minning hennar.

með heimsókn og var návígið slíkt að það gat vart orðið meira. Mæðgurnar höfðu aldrei séð annað eins eða upplifað og voru alsælar.

En gamanið kárnaði og annað hljóð kom í strokkinn þegar ég og bróðir minn ákváðum að sýna þeim hvernig fiskur væri veiddur. Dæturnar fölnuðu upp og ráku upp skaðræðis vein, en sú gamla, sem hafði séð tímana tvenna, hneykslaðist á þeim og sagði þeim að láta af því drama. Úr vöndu var að ráða, en við systkinin ákváðum að „veiða og sleppa“, dæturnar væru greinilega dýravinir og neyttu ekki matar úr dýraríkinu.

Eðlilega varð afli dagsins fátæklegur, en hamingja mæðgnanna þeim mun meiri. Sú gamla mun hafa talað um þessa veiðiferð þegar tækifæri gafst, allt til dauðadags. Blessuð sé minning hennar.

Í snertingu við náttúruna

Oftar en einu sinni og oftar en tvisvar hefur þokan gert mér erfitt um vik að rata í land. Eitt skipti höfðum við hjónin ítrekað reynt að finna hafnarmynnið, en án árangurs. Við sáum vart handa okkar skil. Eftir langa mæðu tókst það og því fylgdi eðlilega mikill léttir, en einnig var það mikið gleðiefni að sjá þegar bátur sem hafði verið á svipuðum slóðum og glímt við niðdimma þokuna, kom skömmu síðar að landi.

Að róa svona til fiskjar er með því skemmtilegasta sem ég geri og ótalmargt skemmtilegt gerist í slíkum ferðum. Það er hverjum manni dýrmætt að geta upplifað og gert það sem færir honum gleði og þegar veðrið er fallegt og náttúrufegurðin er allt um kring, þá er lífið fullkomið.

En einu má ekki gleyma á sjónum; að mata múkkann!



RAFMENN
ORKA AÐ NORÐAN



- Rafmenn ehf. var stofnað árið 1997 og er í meirihlutaeigu Jóhanns Kristjáns Einarssonar rafvirkjameistara.
- Hjá fyrirtækinu starfa rétt um 40 starfsmenn
- Fyrirtækið er staðsett á Akureyri og er Eyjafjörður stærsta markaðssvæðið en starfar fyrirtækið þó um allt land í hinum ýmsu verkefnum.

1997 STOFNAÐ
2009 EIGIÐ HÚSNÆÐI
32 STARFSMENN
50 STÆRRI VERKEFNI

FROSTAGÖTU 6C | 603 AKUREYRI | SÍMI: 460-6000 | WWW.RAFMENN.IS


Til hamingju
með daginn
sjómenn!
HAMPIÐJAN
- fyrir öll heimsins höf




Fiskeldi á Íslandi á mannamáli

Það er fátt umdeildara á Íslandi þessa dagana en fiskeldi og þá sérstaklega sjókvíaeldi, en fyrirtæki sem starfa við slíkt á Íslandi hafa mátt þola harða gagnrýni frá umhverfisverndarsinnum sem telja að fiskeldið geti mögulega stórskaðað lífríki Íslands. Til dæmis má nefna að stjórnarmeðlimur HSÍ sagði af sér í kjölfar þess að samið var við Arnarlax sem styrktaraðila Handknattleikssambandsins. Þar með er þó ekki sagt að landeldi sé endilega frábær kostur, en báðar tegundir fiskeldis hafa sína kosti og galla.

Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi hafa sett mikið púður og pening í að reyna fá íslensku þjóðina með sér í lið og hafa auglýsingar um að fiskeldi sé að bjarga Vestfjörðum frá glötun verið spilaðar óspart á öllum miðlum.

Málið er hins vegar flókið og ekki allra að kynna sér það auðveldlega, en þó er ljóst að þjóðin verður á næstunni að taka ákvörðun um hvort að fiskeldi eigi sér framtíð á landinu.





Aðferðafræði við framleiðslu lax með sjókvíaeldi sé sannreynd aðferð samanborið við aðrar aðferðir.

Því er um að gera að reyna að setja kosti og áhættuþætti fiskeldis upp á einfaldan máta. Upplýsingar sem þessi umfjöllun styðst við er úr umtalaðri skýrslu sem ber nafnið „Staða og framtíð lagareldis á Íslandi“ og var unnin fyrir Matvælaráðuneytið árið 2023 af Boston Consulting Group.

Sjókvíaeldi

Í skýrslunni er talað um að íslenskir firðir henti vel fyrir sjókvíaeldi. Einnig sé á Íslandi þróaður tækniiðnaður tengdur nýtingu sjávarafurða sem nýtist. Að auki er talið að lágt hitastig sjávar geti dregið úr laxalús og þá séu sjúkdómar ekki eins algengir og annars staðar. Aðferðafræði við framleiðslu lax með sjókvíaeldi sé sannreynd aðferð samanborið við aðrar aðferðir til umræðu og að sú tækni sem þörf sé á hafi verið sannreynd.

Áskoranir sem snúa að sjókvíaeldi voru einnig umfjöllunarefni skýrslunnar og er þá fyrst nefnd stærð greinarinnar hérlendis og umfang virðiskeðjunnar í samanburði við aðra markaði, en það geti verið hamlandi. Þá hafi lágt hitastig sjávar áhrif á vaxtarhraða í eldi og almennt sé skilvirkni, eins og staðan er í dag, í framleiðslu þ.a.l. lág. Að auki er tekið fram að regluverk og stjórnkerfið hafi ekki náð að fylgja vexti greinarinnar.



Klárt mál að fólk mun halda áfram að berjast fram í rauðan dauðann fyrir sinn málstað.



Umdeilt samstarf HSÍ við Arnarlax innsiglað með handabandi

Áskoranir tengdar sjúkdómum og laxalús eru líklegri sé þessi framleiðsluaðferð nýtt frekar en aðrar þekktar aðferðir við ræktun á laxi, auk þess sé hætta á slysasleppingum sem geta valdið erfðablöndun við villta stofna ásamt smiti sjúkdóma þeirra á milli.

Landeldi

Á Íslandi er hreinn jarðsjór við gott hitastig aðgengilegur og endurnýjanleg orka fáanleg á góðum kjörum. Lítil áhætta er á umhverfisáhrifum tengdum smitum eða slysasleppingum. Möguleikar til að velja staðsetningu framleiðslu eru meiri og því mögulegt að koma henni fyrir nær mörkuðum og þannig draga úr flutningstíma sem er sérstaklega mikilvægt í viðskiptum með ferskvöru. Í skýrslunni kemur einnig fram að sú stýring á umhverfi sem aðferðir við landeldi bjóða upp á gætu aukið vaxtarhraða ásamt því að bæta heilsu fiska en þó er tekið fram að það sé ósannreynt. Að lokum verða til tækifæri til að skapa verðmæti úr efni sem tapast við aðrar framleiðsluaðferðir í opnum kerfum, t.d. úrgang fisksins sem mögulega gæti hentað vel til áburðarframleiðslu.

Áskoranir tengdar landeldi liggja í upphafi við meiri kostnað við uppbyggingu. Sú tækni sem nauðsynleg er til framleiðslunnar er ósannreynd á þeim stóra skala sem áætlaður er hérlendis og því fjárfestingaráhætta sem gæti tekið langan tíma að skila árangri. Þá séu til dæmi um tæknilegar áskoranir t.d. bilanir í búnaði sem gætu leitt til affalla ásamt mögulegum áskorunum tengdum vatnsnotkun, síun á fráveituvatni og úrgangssöfnun.

Það er vissulega í mörg horn að líta þegar kemur að fiskeldi á Íslandi í dag og klárt mál að fólk mun halda áfram að berjast fram í rauðan dauðann fyrir sinn málstað.




mannlíf.is
óskar sjómönnum og fjölskyldum
þeirra hjartanlega til hamingju með
sjómannadaginn!



NAUSTAVÖR
– Fjölga á leiguíbúðum fyrir aldraða

Sjómannadagsráð rekur félögin Hrafnistu og Naustavör, en það síðara rekur leiguíbúðir fyrir aldraða. Nú eru leiguíbúðirnar, sem eru á fjórum stöðum, 263 talsins en gert er ráð fyrir að í árslok verði þær 350. „Við reynum að laga íbúðirnar að þörfum eldra fólks með sem bestum hætti og bjóða upp á mismunandi stærðir," segir **Þröstur V. Söring**, framkvæmdastjóri Naustavarar og fasteignasviðs Sjómannadagsráðs. „Við sjáum líka að þegar fólk er komið í samfélagið hjá okkur þá er það virkara í félagsstarfi en það myndi mögulega vera ef það byggi eitt. Þessi virkni gerir það að verkum að fólk getur jafnvel dvalið lengur heima. Mörg góð ár í sjálfstæðri búsetu geta bæst við áður en þörf verður á aukinni þjónustu."

Sjómannafélögin í Reykjavík stofnuðu Sjómannadagsráð í nóvember árið 1937 og var tilgangurinn að standa fyrir árlegum sjómannadegi. Enn þann dag í dag standa félögin fyrir hátíðarhöldum á sjómannadaginn í Reykjavík og Hafnarfirði.

„Sjómannadagsráð naut mikillar velvildar í samfélaginu og var farið í að byggja dvalarheimili fyrir aldraða sjómenn, sem við þekkjum í dag sem Hrafnistu. Ekkert velferðarkerfi var til staðar sem tók á móti mönnum sem voru að hætta á sjó. Þegar þeir komu í land eftir áratuga sjósókn var misjafnt hvort þeir höfðu tryggt húsnæðisöryggi. Þannig varð þetta til," segir Þröstur V. Söring, framkvæmdastjóri Naustavarar og fasteignasviðs Sjómannadagsráðs.

„Þegar ákveðið var að byggja dvalarheimili fyrir aldraða sjómenn, DAS, var Happdrætti DAS stofnað til að standa fyrir fjáröflun. Seinna var Laugarásbíó einnig stofnað til að afla fjár fyrir rekstur dvalarheimilisins. Svo liðu árin og heimilunum fjölgaði. Í dag hefur öllum dvalarheimilum Hrafnistu verið breytt í hjúkrunarheimili. Rekstur þeirra er að stórum hluta fjármagnaður með opinberu fé en við erum enn þá með fjáröflun í gangi enda eru þær okkur nauðsynlegar til þess að standa að uppbyggingu og viðhaldi á því húsnæði sem við eigum."



Þröstur V. Söring. „Það er mjög mikil eftirspurn eftir þessum íbúðum þannig að við höfum fullan hug á því að halda áfram og sjáum fyrir okkur að næsta uppbyggingarverkefni verði í Hafnarfirði og við munum fjölga íbúðum við Hraunvang."

Þröstur segir að í dag sé starfsemi Sjómannadagsráðs tvíþætt. Annars vegar felist hún í að halda

upp á sjómannadaginn og hins vegar að reka öldrunarþjónustu.

Haldið er veglega upp á sjómannadaginn fyrsta sunnudag í júní ár hvert. Dagurinn hefst þegar lagður er krans við minnismerkið um týnda sjómenn við kapelluna í Fossvogi. Þar eru einnig minningaröldur þar sem nöfn þeirra sem hafa látist við störf á sjó eru rituð. Þar næst er haldið til messu í Dómkirkjunni í Reykjavík. Við Reykjavíkurhöfn er fjölbreytt dagskrá fyrir alla fjölskylduna og svo er hátíðardagskrá í Hörpu þar sem sjómenn eru heiðraðir fyrir störf sín. Sams konar dagskrá er einnig í Hafnarfirði.

Hin hliðin á starfsemi Sjómannadagsráðs snýr að áhyggjulausu ævikvöldi. Rekstur Hrafnistu er þar viðamestur. Heimilin eru orðin átta, starfsmenn um 1.700 og húsakosturinn er um 100.000 fermetrar. Leiguíbúðir Naustavarar standa við fjögur af Hrafnistuheimilunum.

„Þetta er Sjómannadagsráð í hnotskurn. Hrafnistuheimilin í Reykjavík eru í Laugarási, við Sléttuveg og Skógarbæ. Svo er Hrafnistuheimili við Boðaþing í Kópavogi, það er Ísafold í Garðabæ og þá er það Hraunvangur í Hafnarfirði. Hrafnistuheimilin eru síðan tvö í Reykjanesbæ, á Nesvöllum og Hlévangi. Verið er að byggja við og stækka heimilin í Boðaþingi og á Nesvöllum, en mikil þörf er á fleiri plássum á hjúkrunarheimilum eins og alkunnugt er.

Sjómannadagsráð er í eigu sjómannafélaganna í Reykjavík og er hvorki ríkisstofnun né hagnaðardrifið félag og hefur aldrei greitt út arð og mun aldrei gera. Allar tekjur eru nýttar til frekari uppbyggingar og til að bæta þjónustuna.“

FJÖLGA Á LEIGUÍBÚÐUM

Naustavör var stofnuð árið 2001. Fyrstu íbúðirnar voru byggðar við Hraunvang í Hafnarfirði og voru 64 íbúðir teknar í notkun árið 2004. Síðan voru byggðar 24 íbúðir við Brúnaveg 9. Eftir það var ráðist í byggingu 95 íbúða við Boðaþing í Kópavogi og voru þær teknar í notkun á árunum 2010 og 2012. Árið 2014 var farið að gera upp íbúðir við Jökulgrunn, sem áður tilheyrðu Hrafnistu, og bættust þá við 18 íbúðir. Þar með voru komnar 42 íbúðir í Laugarásinn. Árið 2018 réðst Sjómannadagsráð í stórt verkefni við Sléttuveg í Reykjavík þegar það hóf byggingu á lífsgæðakjarnanum Sléttunni sem tekinn var í notkun árið 2020. Við það bættust við 60 leiguíbúðir. Í dag er verið að byggja 87 íbúðir við Skógarveg sem verða teknar í notkun á þessu ári og verða þá samtals 147 íbúðir í kjarnanum í Fossvoginum.

„Naustavör er með 263 íbúðir og verða þær 350 í árslok. Við finnum fyrir mikilli þörf á þessari þjónustu og við höfum fullan hug á að byggja fleiri íbúðir. Naustavör er rekið eins og sjálfseignarstofnun og greiðir ekki út arð. Allar tekjur fara aftur inn í félagið og eru notaðar til uppbyggingar á starfsemi og húsnæði.

Núna erum við að leggja lokahönd á fyrri áfanga íbúðanna við Skógarveg. Seinni áfanginn verður tilbúinn í lok ársins. Húsin tvö eru samtengd við þjónustumiðstöðina á Sléttunni og því ekki þörf á að fara út úr húsi til að sækja í þjónustuna þar. Við leggjum mikla áherslu á að það sé innangengt alls staðar á milli íbúðanna og þjónustunnar í lífsgæðakjörnunum.

Það er mjög mikil eftirspurn eftir þessum íbúðum þannig að við höfum fullan hug á því að halda áfram og sjáum fyrir okkur að næsta uppbyggingarverkefni verði í Hafnarfirði og við munum fjölga íbúðum við Hraunvang. Við erum reyndar að vinna með skipulagsyfirvöldum í Hafnarfirði að því að breyta deiliskipulagi í kringum Hraunvang þannig að við getum þá bæði byggt nýtt hjúkrunarheimili, ef svo ber undir, en líka fjölgað íbúðum. Fyrsta kastið væru það 40-50 íbúðir sem við myndum bæta við okkur.“

ÚTHUGSUÐ HUGMYNDAFRÆÐI

Hvað hugmyndafræðina varðar segir Þröstur að Naustavör aðskilji sig frá öðrum aðilum sem eru að byggja íbúðir fyrir 60 ára og eldri. „Oftar en ekki snýr hluti af skilmálum deiliskipulags að því hvernig þannig íbúðir eiga að vera. Við reynum að laga íbúðirnar að þörfum eldra fólks með sem bestum hætti og bjóða upp á mismunandi stærðir. Það er mjög misjafnt að hverju fólk að leita. Sumir vilja flytja í litlar einstaklingsíbúðir en aðrir vilja hafa rýmra í kringum sig og aukaherbergi. Við reynum að mæta þeim kröfum með fjölbreytileika í hönnun á íbúðunum. Það eru líka fleiri þættir sem þarf að huga að. Aðgengi fyrir fólk með fötlun er mjög mikilvægur þáttur og eru gangar í sameignum breiðari en víðast annars staðar. Hvergi eru þröskuldar og dyraop eru víð. Einnig er hugsað til þess að auðvelt sé að fara um húsnæðið í hjólastól, með göngugrind eða önnur hjálpartæki. Við reynum að hafa góðar sameignir og horfum mikið í hljóðvist og þægindi. Við veitum alla viðhaldsþjónustu og við höldum öllu við, alveg frá því að skipta um ljósaperu inni hjá fólki, ef það óskar eftir slíku, yfir í stærri viðgerðir. Staðarstjórar og iðnaðarmenn eru alltaf til taks ef eitthvað fer úrskeiðis í íbúðinni eða húsinu. Svo erum við með þjónustustjóra sem eru í samskiptum við íbúana.“

Íbúðir Naustavarar eru samtengdar Hrafnistuheimilunum og þjónustumiðstöðvunum og segir Þröstur að hugmyndafræðin á bak við lífsgæðakjarnana sé að bjóða öldruðum upp á aðgengilega og fjölbreytta þjónustu þar sem virkt samstarf þeirra sem þar búa, starfa og þangað sækja



stuðlar að auknu öryggi, meiri vellíðan og bættum lífsgæðum eldra fólks. Hann nefnir í því sambandi þjónustumiðstöðina við Sléttuveg þar sem er matsalur, kaffihús og bar auk þess sem þar er gestaherbergi þannig að gestir íbúa geta leigt herbergi fyrir lágmarksgjald. Þá er í miðstöðinni verslun, hársnyrtistofa, fótaaðgerðafræðingur og líkamsræktaraðstaða. Þar hefur Sjómannadagsráð komið inn með myndarlegum hætti og safnað fyrir tækjum og fleiru sem hefur verið komið þar fyrir. Á Sléttunni er hægt að fara í jóga og nudd og þar er jafnframt mikið félagsstarf. „Það er bæði félagsstarf sem við stöndum fyrir og svo sjálfsprottið félagsstarf af því að við sjáum að fólk býr til dæmis til sína eigin göngu- og spilahópa. Svo má oft sjá nágranna sitja saman á kaffihúsinu og spjalla saman yfir kaffibolla eða jafnvel einhverju sterkara.“ Í mörgum húsum Naustavarar er sameiginlegt rými þar sem íbúar geta komið saman til spjalls og ráðagerða eða haldið veislur þess vegna fyrir stórfjölskylduna.

„Við sjáum líka að þegar fólk er komið í samfélagið hjá okkur þá er það virkara í félagsstarfi en það myndi mögulega vera ef það byggi eitt. Þessi virkni gerir það að verkum að fólk getur jafnvel dvalið lengur heima og þarf vonandi síður á aukinni þjónustu að halda.“

SAMFÉLAGSLEGT MIKILVÆGI

Þröstur segist halda að samfélagslegt mikilvægi Naustavarar felist aðallega í því að geta boðið fólki upp á þá þjónustu að búa í návist jafningja; að fólk sem er statt á svipuðum stað í lífinu geti búið í návist hvert við annað og notið félagsskapar hvert annars.

„Á tímabili var heilsugæslusel í einum lífsgæðakjarnanum þannig að fólk gat þá sótt læknisþjónustu þangað einu sinni í viku. Þetta var algjör bylting í aðgengi að læknisþjónustu, en hætti því miður, fyrst



„Í mörgum húsum Naustavarar er sameiginlegt rými þar sem íbúar geta komið saman til spjalls og ráðagerða eða haldið veislur þess vegna fyrir stórfjölskylduna.“

og fremst vegna manneklu hjá heilsugæslunni. Það er okkar ósk að þessi starfsemi fari aftur af stað þegar svigrúm til þess myndast, þar sem mörg eiga erfitt með að komast til og frá lækni og er hagræðið ótvírætt.“

Þröstur segir að hjá Sjómannadagsráði sé horft til þess að öldruðum fjölgi hratt á Íslandi og þörfin fyrir fjölbreytta þjónustu og úrræði aukist fyrir þennan sístækkandi hóp. Aldursbilið er mikið og þörfin fyrir afþreyingu og þjónustu mjög misjöfn. „Allt sem hægt er að gera til þess að halda fólki virku og frísku og vera í fyrirbyggjandi starfi skilar sér margfalt til samfélagsins. Við viljum stuðla að því að aldraðir geti búið sem lengst heima hjá sér í sjálfstæðri búsetu og geti notið lífsins með jafnöldrum sínum.“

SAMVINNA MEÐ ÖÐRUM FÉLÖGUM

Þröstur talar um nýtt verkefni á borði Sjómannadagsráðs. „Við erum að vinna í þróunaráætlun með öllum félögum Sjómannadagsráðs eins og Hrafnistu, Naustavör og Happdrætti DAS. Það hafa verið haldnar vinnustofur með starfsfólki okkar, sem hafa verið mjög skemmtilegar og gefið okkur margar góðar hugmyndir um hvernig við viljum sjá framtíð Sjómannadagsráðs og dótturfélaga þess. Einnig höfum við verið í sambandi við fjölda aðila eins og Landssamband eldri borgara. Við höfum hitt félög eldri borgara á höfuðborgarsvæðinu og óskað eftir humyndum frá þeim varðandi það hvernig þau sjá fyrir sér að við munum byggja upp þjónustu fyrir eldri borgara með sem bestum hætti. Við erum að teikna upp áætlun okkar til næstu 15 ára út frá þessari vinnu. Ég trúi því að virkt samráð við þessa hópa muni skila okkur mjög góðum niðurstöðum og góðri framtíðarsýn á þennan málaflokk.“

Þröstur segir að hugmyndin á bak við uppbyggingaráætlunina sé að byggja góð hús sem mæta þörfum þeirra sem munu búa í þeim og starfa. Í hönnuninni verði horft til sjálfbærni, samfélagsábyrgðar og umhverfismála. Lífsgæðakjarnarnir séu stórir vinnustaðir þar sem búa og starfa mörg hundruð manns og er mikilvægt að byggja þá þannig upp að samgöngur fyrir íbúa, starfsmenn og aðra sem sækja þjónustu þangað séu sem þægilegastar.

„Það er líka haft í huga hvað við þurfum að gera fyrir starfsfólkið okkar varðandi til dæmis það sem er á rafbílum, rafskutlum og rafknúnum reiðhjólum. Við styðjum við þessi skipti sem eru að verða í samfélaginu. Við höfum einnig rætt um að fá góðar almenningssamgöngur að starfsstöðvum okkar. Enn fremur höfum við líka horft á nýja tækni og gífurlegar framfarir í stafrænni þróun; hvernig við getum nýtt nýja tækni með sem bestum hætti þannig að við getum straumlínulagað hjá okkur þjónustuna og reksturinn og hvað við getum nýtt okkur til þess að veita betri þjónustu og auka lífsgæði íbúanna. Við viljum að starfsfólk sé sem mest í beinni snertingu við íbúa. Framfarir í allri tækni eru á fleygiferð og sjáum við mörg tækifæri til þess að nota tæknina til að auka öryggi og létta undir á margvíslegan hátt.“

„Það er bæði félagsstarf sem við stöndum fyrir og svo sjálfsprottið félagsstarf af því að við sjáum að fólk býr til dæmis til sína eigin göngu- og spilahópa.“

Til hamingju með daginn sjómenn

Norlandair sendir sjómönnum og fjölskyldum þeirra kærar kveðjur í tilefni sjómannadagsins



norlandair
www.norlandair.is

Tel: +354 414 6960, email: norlandair@norlandair.is

SENDUM SJÓMÖNNUM OG FJÖLSKYLDUM ÞEIRRA HAMINGJUÓSKIR MEÐ DAGINN

FJALLABYGGÐ
Gránugötu 24, 580 Siglufirði
S: 464 9100 - fjallabyggd.is

FLÚÐASVEPPIR EHF
Undirheimum, 845 Flúðum
S: 480 6700 - sveppir@sveppir.is

BENECTA GENÍS
Aðalgötu 34, 580 Siglufirði
S: 511 2880 - benecta.is

HAFIÐ - FISKVERSLUN
Pantanir: pantanir@hafid.is
S: 554-7200- hafid.is

FÖT OG SKÓR
Drangahrauni 14,
220 Hafnarfirði

FULLTINGI SLF
Höfðabakka 9 7. hæð, 110 Rvk.
S: 533 2050 - fulltingi.is

HAFRANNSÓKNASTOFNUN
Fornubúðum 5, 220 Hafnarfirði
S: 575 2000 - hafogvatn.is

HÓTEL BÚÐIR EHF
Búðum, 356 Snæfellsbæ
S: 435 6700 - hotelbudir.is

HVALUR HF
Reykjavíkurvegi 48, 220 Hafnarfj.
S: 555-0565

ICELANDAIR CARGO
Reykjavíkurflugvelli, 102 Reykjavík
S: 505 0400 - icelandaircargo.is

ÍSFELL EHF
Óseyrarbraut 28, 220 Hafnarfirði
S: 520 0500 - isfell.is

ÍSLENSK GETSPÁ SF
Engjavegi 6, 104 Reykjavík
S: 580 2500 - games.lotto.is

K16 EHF
Stórhöfða 23, 110 Reykjavík
S: 862-9192 - k16.is

KERECIS HF
Sundstræti 38, 400 Ísafirði
S: 419 8000 - kerecis.com

LAUGARÁSBÍÓ
Laugarási, 104 Reykjavík
S: 553 2075 - laugarasbio.is

LANDSSAMBAND SMÁBÁTAEIGENDA
Hverfisgötu 105, 101 Reykjavík

LANDSSAMBAND LÖGREGLUMANNA
Grettisgötu 89, 105 Reykjavík

LANDSVIRKJUN
Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
S: 515 9000 - landsvirkjun.is

LANGANESBYGGÐ
Langanesvegi 2, 680 Þórshöfn
S: 468 1220 - langanesbyggd.is

LEX
Borgartúni 26, 105 Reykjavík
S: 590 2600 - lex.is

LANDSSAMTÖK LÍFEIRISSJÓÐA
Guðrúnartúni 1, 105 Reykjavík
S: 563 6450 - lifeyrismal.is

LÍMTRÉ VÍRNET EHF
Lynghálsi 2, 110 Reykjavík
S: 412 5300 - limtrevirnet.is

LÝSI HF
Fiskislóð 5, 101 Reykjavík
S: 525 8100 - lysi.is

MARÁS VÉLAR EHF
Miðhrauni 13, 210 Garðabæ
S: 555 6444 - maras.is

AB VARAHLUTIR EHF
Funahöfða 9, 110 Reykjavík
S: 567 6020 - ab.is

GRÓÐRARSTÖÐIN MÖRK
Stjörnugróf 18, 108 Reykjavík
S: 581 4550 - mork.is

MJÓLKURSAMSALAN EHF
Bitruhálsi 1, 110 Reykjavík
S: 450 1100 - ms.is

ORKAN EHF
Fellsmúla 28, 108 Reykjavík
S: 464 6000 - orkan.is

RAFMENNT - FRÆÐSLUSETUR RAFIÐNAÐARINS EHF
Stórhöfða 27, 110 Reykjavík

RST NET EHF
Álfhellu 6, 221 Hafnarfirði
S: 221 Hafnarfirði - rst.is

Blóðpylsa og bjór í Murmansk:

Gripinn með „njósnatæki“ við landganginn

Ég var í farmennsku með stuttum hléum árin 1986 til 1994, eða þar um bil. Á þeim tíma sigldi ég um nánast öll heimsins höf, ég fór til Bandaríkjanna, allra Norðurlandanna, Evrópu norðanverðrar, Egyptalands og Spænsku-Marokkó í Afríku, Sovétríkjanna og víðar.

Margir þeirra staða sem ég kom til voru hvort tveggja í senn áhugaverðir og framandi. Sumir staðanna voru hreint út sagt undarlegir og má þar fyrst nefna Sovétríkin, sem voru enn við lýði þegar ég sigldi þangað nokkuð reglulega árið 1987.

Ég var á Skaftafelli, fragtskipi Skipadeildar Samskipa sem var og hét, og við sigldum til Murmansk með frosinn fisk. Murmansk er hafnarborg í norðvesturhluta Rússlands og er stærsta borg heims norðan heimskautsbaugs.

Í þá daga var Murmansk nöturleg borg, og er kannski enn, og fátt var þar sem gladdi augað. Þar bar við himin risastór minnismerki af ýmsum toga til dýrðar því draumaríki sem Sovétríkin gáfu sig út fyrir að vera, og voru í huga margra Íslendinga sem dáðu allt sem einkenndi stjórnarfar það sem var þá við lýði.

En nóg um það.

Til Murmansk í Sovétríkjunum kom ég sem sagt nokkrum sinnum undir lok 9. ára tugar síðustu aldar. Mér er enn minnisstæð gæska hafnar verkamannanna sem unnu við upp-skipun í Murmansk. Unnið var allan sólarhringinn, með hléum sem áttu sér stað á undarlegasta tíma sólarhringsins. Þeir komu um borð og unnu í kannski 30 mínútur, en síðan heyrðist flautuhvinur og þá hurfu þeir í land. Svo voru þeyttar flautur, kannski eftir 20 mínútur, og þeir birtust aftur. Svona gekk þetta allan þann tíma sem skipið var bundið við bryggju.

Okkur, hásetunum um borð, var skipað niður á vaktir til að fylgjast með framvindu uppskipunar og einnig til að vera til taks ef eitthvað kæmi upp á.



Mannlífið í Murmansk.

Áðurnefnd gæska hafnarverkamannanna birtist í því að þegar þeir komu um borð eftir smá hvíld þá höfðu þeir gjarna með sér epli, sennilega til að svala þorsta og fá aukna orku. Undantekningalítið þá vildu þeir ólmir að ég þægi epli og þrátt fyrir andmæli af minni hálfu, hvort tveggja í formi bendinga og ensku, þá stóð ég allt í einu með fangið fullt af gómsætum eplum. Ekki var laust við að ég fylltist samviskubiti, því inni í eldhúsi skipsins var að finna kræsingar sem hafnarverkamennirnir gátu sennilega aðeins leyft sér að dreyma um.

Da ... da ...

Við gátum farið í land í Murmansk ef sá gállinn var á okkur. Reyndar voru vegabréf tekin af okkur, en í stað þeirra fengum við einhvern bleðil sem virkað sem bráðabirgðapassi, eða landgönguheimild.

Við landganginn voru tveir orðum prýddir verðir og tveir kollegar þeirra voru við stefnið – enginn skyldi komast óséður frá borði, eða um borð. Gjarna var fimmti vörðurinn, offisér með miklu fleiri orður, til staðar og gekk hann með reglulegu millibili frá skut til stefnis og fékk sennilega að vita stöðu mála hjá undirmönnum sínum.



Einhverra hluta vegna þá fékk ég alltaf honnör (heiðurskveðja) frá vörðunum. Það var að sjálfsögðu ekki nokkuð sem ég átti vona á, enda klæddur vinnufatnaði, ekki kakífötum með axlaspeldi. Hverjum manni mátti ljóst vera að ég var allt annað en yfirmaður.

Varla var ég búinn að stíga eitt skref niður landganginn þegar handleggir varðanna við landganginn fóru á loft og mér heilsað með miklum virktum. Ekki létu þeir það duga því það kjaftaði á þeim hver tuska, á rússnesku að sjálfsögðu, og átti ég stundum fullt í fangi með að losna frá þeim, tautandi „da ... da“.

Sovéskur bjór, blóðpylsa og njósnatæki

Dag einn þegar við lágum við bryggju í Murmansk fékk ég svokallað verslunarleyfi. Verslunarleyfi voru alla jafna afar eftirsótt þegar við vorum í erlendri höfn, því þá fengum við frí og gátum farið upp í bæ eða borg og keypt hitt og þetta, nú eða bara fundið okkur góða knæpu og kneyfað öl.

En ég fékk sem sagt verslunarleyfi í Murmansk og fátt annað að gera í stöðunni en að fara upp í bæ. Það gerði ég og var með forláta myndavél með 200mm linsu hangandi um hálsinn. Þegar ég gekk niður landganginn var mér heilsað með miklum virktum og breiðum brosum.

Ekki var laust við að ég fylltist samviskubiti, því inni í eldhúsi skipsins var að finna kræsingar sem hafnarverkamennirnir gátu sennilega aðeins leyft sér að dreyma um.

Nú, upp í bæ gekk ég, en það verður að segjast eins og er að nöturlegri borg hef ég ekki komið í. Það var eiginlega ekkert að sjá, varla köttur á kreiki, engin umferð, hvorki bíla né gangandi fólks.

Kassalaga blokkir voru við allar götur og víða mátti sjá gríðarstór minnismerki um mikilleik Sovétríkjanna.

Ég rölti eitthvað um, tók myndir og rakst að lokum á krá sem mér hreinlega fannst vera eins konar vin í eyðimörk. Þar fór ég inn og pantaði mér öl og blóðpylsu, sem var reyndar það eina matarkyns sem var í boði.

Til hamingju
með daginn

Lind fasteignasala
sendir öllum sjómönnum
sínar bestu kveðjur

LIND
FASTEIGNASALA

Inni á kránni var þétt setið og ekki laust við að ég vekti athygli þeirra sem þar sátu. Þeir horfðu á mig í dágóða stund og grúfðu sig síðan saman þannig að ennin nánast snertust og stungu saman nefjum. Ekki síst varð kráargestum starsýnt á myndavélina mína.

Ég skolaði þurri blóðpylsunni niður með tveimur bjórum, þakkaði fyrir mig og yfirgaf krána. Á leiðinni um borð tók ég nokkrar myndir og var þokkalega ánægður þegar ég kom aftur að skipinu.

Aldrei þessu vant fékk ég ekkert honnör þegar ég kom að landganginum. Þar voru komnir nýir verðir sem ég „þekkti“ ekki og höfðu greinilega ekki fengið fyrirmæli um að sýna mér lotningarfulla virðingu ... eða þannig.

Mér leist ekki á blikuna þegar annar vörðurinn setti hönd á bringuna á mér og hinn gerði sig kláran fyrir þriðju heimsstyrjöldina. Þeir voru óðamála mjög, bentu á myndavélina og af bendingum þeirra mátti skilja að „gríðarstór“ linsan ylli þeim áhyggjum.

Ég sagði þeim á ensku að ég hefði fengið heimild til að fara með myndavélina í land, en greinilega fór enskan fyrir ofan garð og neðan hjá þeim. Þetta stapp stóð í kannski fimm mínútur, en þá sá ég að offisérinn kom skeiðandi frá stefninu ... offisérinn sem heilsaði mér alltaf með virktum og talaði við mig um allt milli himins og jarðar.

Hann var æði þungur á brún þegar hann gekk á milli annars varðarins og mín, gaf mér honnör og bendingu um að fara um borð. Vörðurinn ætlaði ekki að láta mig sleppa svo billega, benti á myndavélina og rétti út handleggina eins og hann væri að sýna stærðina á laxinum sem hann missti: „camera“ og „apparatitsj“ heyrðist mér hann segja þegar hann greip í aðra öxlina á mér.

Þá var offiséranum nóg boðið og hann las í reiðilegum tón yfir hausamótunum á vörðunum, sneri sér inn á milli að mér, gaf mér honnör og sagði í lotningarfullum tón: „davai ... davai“ og benti mér að fara upp landganginn. Ég lét ekki segja mér það tvisvar, en offisérinn var enn að skamma undirmenn sína þegar ég hvarf inn í skipið. Hvað þeim fór á milli veit ég ekki, en ég hálfpartinn vorkenndi landgangsvörðum tveimur.

Galina og Burda

Eitt sinn fórum við í skoðunarferð um Murmansk. Ferðin var að sjálfsögðu skipulögð og við fórum í rútu og með leiðsögumann, unga konu sem hét Galina. Við tíndumst upp í rútuna, einn af öðrum og settumst, en Galina hafði fengið sér sæti um miðja rútuna.

Einn okkar hafði í fórum sínum gjöf til Galinu, Burda-blað með vestrænum saumauppskriftum. Hann lét Galinu fá blaðið og hún ljómaði eins og sól í heiði og byrjaði strax að blaða í því og ekki laust við að hún tæki andköf af ánægju þegar hún skoðaði myndirnar.

Ég skolaði þurri blóðpylsunni niður með tveimur bjórum, þakkaði fyrir mig og yfirgaf krána.

En gleðin var skammvinn því allt í einu sáum við hvar einhvers konar vörður kom inn í rútuna. Galina fölnaði upp, nötraði öll og skalf þar sem hún sat með blaðið í kjöltunni. Hún jafnaði sig þó fljótt, lyfti sér aðeins upp af sætinu og stakk blaðinu undir rassinn.

Vörðurinn skoðaði bráðabirgðapassana okkar og pappíra Galinu og yfirgaf síðan rútuna. Okkur var öllum létt og þá ekki síst Galinu, sem vonandi komst alla leið heim með dýrgripinn sem henni hafði áskotnast.

Væntanlega hefur margt breyst í Murmansk frá þeim tíma er ég heiðraði borgina með nærveru minni. En þá var ekki margt þar sem heillaði rétt rúmlega tvítugan karlmann. Einna helst var hægt að gera góð kaup í dollarabúð sem var í göngufjarlægð frá bryggjunni. Upp í bæ fundum við reyndar vöruhús á nokkrum hæðum, en heldur tómlegt var þó um að litast á þeim öllum. Einkum eru afgreiðslukonurnar eftirminnilegar því þar voru enn í notkun gamaldags reiknistokkur með marglitum kúlum.

Ekki á ég von á að heimsækja Murmansk aftur.



Öll jörðin í einum lófa.





SJÓMANNA DAGUR



MÚLAÞING ÓSKAR SJÓMÖNNUM OG FJÖLSKYLDUM ÞEIRRA TIL HAMINGJU MEÐ SJÓMANNADAGINN



Umsjón / Kolbeinn Þorsteinsson



Stækkunarglerið

Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir matvælaráðherra er undir stækkunargleri Sjóarans. Hún hefur alla jafna í mörg horn að líta og segist eiga það til að ofhugsa hlutina. Hún segir ískalt fjallavatn vera besta drykkinn og er lítið fyrir kók og pepsí. Bjarkey Olsen er að eigin sögn rökföst Excel-kona

Fjölskylduhagir? *Afskaplega vel gift honum Helga mínum Jóhannssyni. Börnin okkar eru Tímon Davíð, Klara Mist og Jódís Jana og svo eigum við barnabarnið og gullmolann, hann Tristan Amor sem er 13 ára.*

Menntun/atvinna? *Ég er kennari og náms- og starfsráðgjafi að mennt og starfaði sem slík fram til þess að ég var kjörin á þing 2013. Matvælaráðherra í dag.*

Uppáhaldssjónvarpsefni? *Ókei – fréttir og veðurfréttir – annars alvöru hasar og norrænar glæpaseríur.*

Uppáhaldsleikari? *Hinn breski Jason Statham er alltaf frábær.*

Uppáhaldsrithöfundur? *Eva Björg Ægisdóttir.*

Bók eða bíó? *Alltaf bók – Þúsund bjartar sólir.*

Besti matur? *Naut Wellington „made by me“.* 😉

Besti drykkur? *Ískalt fjallavatn.*

Nammi eða ís? *Ís.*

Kók eða pepsí? *Hvorugt – lítið í gosinu, en Collab kemur endrum og sinnum inn.*

Fallegasti staðurinn? *Stórurð Borgarfirði eystri.*

Hvað er skemmtilegt? *Lífið og allar þær áskoranir sem það færir mér, en svona eitthvað eitt – að vera með Helga mínum í einhvers konar útivist.*

Hvað er leiðinlegt? *Na – almennt það sem ég kalla nöldur. Annars vel ég yfirleitt að horfa jákvætt á verkefni dagsins og þess vegna er ekki alveg valkvætt að eitthvað sé almennt leiðinlegt. En ókei, fólk sem nennir ekki að sjá fjölbreytileika lífsins – mér þykir það stundum leiðinlegt.* 😉

Hvaða skemmtistaður? *Í dag er það ekki einhver skemmtistaður – miðaldra ég.* 😉 *En mér þykir gaman að dansa og þar sem stuðið er hverju sinni og ég er stödd – þá er ég geim.*

Kostir? *Ég er kona málamiðlana og lausna. Mér þykir almennt vænt um fólk og þykir gott að faðma og knúsa. Ég vil hafa skipulagið í lagi og er rökföst Excel-kona.*

Lestir? *Ég á það kannski til að ofhugsa oft hlutina og verð því óþarflega stressuð.*

Hver er fyndinn? *Svandís Svavars og Ari Eldjárn.*

Hver er leiðinlegur? *Öll þau sem nenna ekki að finna leiðir út úr leiðindunum.*

Mestu vonbrigðin? *Ekki upplifað þau enn.*

Hver er draumurinn? *Að við Helgi eldumst fallega saman.*

Mesta afrek sem þú hefur unnið á þessu ári? *Ekki búin að afreka það enn.*

Ertu búinn að ná öllum þínum markmiðum? *Ónei – í sumar eru mörg markmið ekki síst í hlaupum.*

Vandræðalegasta augnablikið? *Þegar ég færði Helga mínum gulu rósirnar í afgreiðslunni í sparisjóðnum þar sem hann var að vinna og hann hikaði.*

Mikilvægast í lífinu? *Mitt elsku besta fólk – Helgi minn, krakkarnir og ömmulingurinn.*

Markus Lifenet
maður fyrir borð björgunarbúnaður

Markus Lifenet ehf. (Björgunarnetið Markús)

Er sérhæft í þróun og framleiðslu búnaðar til að bjarga fólki úr sjó.
Meðal þekktra framleiðsluvara eru Markúsarnet og léttabátanet en einnig eru framleiddir þar neyðarstigar og kastlínur sem henta einkar vel um borð í smábátum.

Skemmtileg staðreynd:

Þann 14., ágúst 1924 fæddist stofnandi Markúsarnetsins, Markús B. Þorgeirsson Skipstjóri. Við fögnum því 100 ára afmæli hans í ár.

Markúsarnet

Fyrir allar tegundir skipa og báta. Einnig til í PVC poka í stærðum MS.00 og MS.02







Léttabátanet / Veltinet

Er létt, auðvelt að festa og fljótlegt til björgunar, tekur lítið pláss og pakkast hratt og örugglega, leggst mjúklega utan um einstaklinginn og er einfalt í notkun.



Neyðarstigi í dekkbáta með allt að 1,8 m borðhæð sem haga má þannig að maður í sjó geti kippt stiganum niður og klifrað upp.



Stök kastlína í kastpoka fyrir allar gerðir skipa og báta og til að hafa merðferðis á ferðalögum.

Markus Lifenet ehf., Hvaleyrarbraut 27, 220 Hafnarfirði
Sími: 868 1375 - sales@markusnet.com - www.markusnet.com

Texti og umsjón / Guðrún Gunnsteinsdóttir Mynd / alberteldar.is

Fiskbollur

með brúnni lauksósu

Þessi uppskrift kemur úr smiðju Alberts Eiríkssonar sem heldur úti síðunni alberteldar.is en þar má nálgast margar góðar uppskriftir úr sjávarfangi.

- 3-400 g fiskflök
- 1 tsk. salt
- ½ tsk. pipar
- 1 laukur
- ⅓ tsk. múskat
- ½ tsk. hvítlauksduft
- 3 msk. hveiti
- 2 msk. kartöflumjöl
- 1 egg
- 1 dl rjómi.

Setjið allt í matvinnsluvél og maukið vel. Látið standa í ísskáp í nokkrar klukkustundir.

Mótið litlar fiskibollur og steikið í olíu á pönnu.

Skerið niður lauk og steikið með. Stráið einni matseið af hveiti yfir, bætið við sósulit, ½ tsk. sykri og heitu vatni.

Sjóðið í nokkrar mínútur.



Traustur félagi í sjávarútvegi

Skeljungur hefur þjónustað sjávarútveginn og smábáta-eigendur í tugi ára. Skeljungur óskar sjómönnum og fjölskyldum þeirra til hamingju með daginn.



Skeljungur

SENDUM SJÓMÖNNUM OG FJÖLSKYLDUM ÞEIRRA HAMINGJUÓSKIR MEÐ DAGINN

RUBIX ÍSLAND EHF
Dalvegi 32a, 201 Kópavogi
S: 522 6262 - rubix.is

SALTKAUP EHF
Cuxhavengötu 1, 220 Hafnarfirði
S: 560 4300 - saltkaup.is

SAMSÝN EHF
Háaleitisbraut 58-60, 108 Reykjavík
S: 570 0570 - samsyn.is

SIGURJÓNSSON & THOR EHF
Lágmúla 7, 108 Reykjavík
S: 551 1043 - sigthor.com

SJÓMENNT
Guðrúnartún 1, 105 Reykjavík
S: 599 1450 - sjomenntis

SLIPPFÉLAGIÐ EHF
Skútuvogi 2, 104 Reykjavík
S: 588 8000 - slippfelagid.is

SMYRIL LINE ÍSLAND EHF
Kletthálsi 1, 110 Reykjavík
S: 470 2800 - cargo.fo

SNÆFELLSBÆR
Klettsbúð 4, 360 Hellissandi
S: 433 6900 - snb.is

STAR-ODDI HF.
Skeiðarás 12, 210 Garðabær
S: 533 6060 - star-oddi.com

STEINULL HF
Skarðseyri 5, 550 Sauðárkróki
S: 455 3000 - steinull.is

TOYOTA AKUREYRI
Baldursnesi 1, 603 Akureyri
S: 460 4300 - toyotaakureyri.is

STRACTA HÓTEL
Rangárflötum 4, 850 Hellu
S: 531 8010 - stractahotels.is

STRANDABYGGÐ
Hafnarbraut 25, 510 Hólmavík
S: 451 3510 - strandabyggd.is

SUÐURNESJABÆR
Sunnubraut 4, 250 Suðurnesjabæ
S: 425 3000 - sudurnesjabaer.is

TERRA
Berghellu 1, 221 Hafnarfirði
S: 535 2500 - terra.is

THG ARKITEKTAR EHF
Faxafeni 9, 108 Reykjavík
S: 545 1600 - thg.is

TIMBERLAND
Kringlunni 8-12, 103 Reykjavík
S: 533 2290 - timberland.is

TPZ TEIKNISTOFA
Kirkjuvegi 23, 900 Vestmannaeyjum
S: 481 2711 - teiknistofa.is

ÚTGERÐARFÉLAG REYKJAVÍKUR
Fiskislóð 14, 101 Reykjavík
S: 580 4200 - urseafood.is

VATNSBORUN EHF
Seljabrekku, 271 Mosfellsbæ
S: 618 4499 - vatnsborun.is

VEÐURSTOFA ÍSLANDS
Bústaðavegi 7-9, 105 Reykjavík
S: 522 6000 - vedur.is

VÉLAR OG SKIP EHF
Hólmaslóð 4, 101 Reykjavík
S: 562 0095 - spares@vos.is

VÉLSMIÐJA ORMS OG VÍGLUNDAR EHF
Vesturhrauni 1, 210 Garðabæ

VÉLVÍK HF
Höfðabakka 1, 110 Reykjavík
S: 587 9960 - velvik.is

VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG BOLUNGARVÍKUR

VERKALÝÐS- OG SJÓMANNAFÉLAG KEFLAVÍKUR OG NÁGRENNIS


VERKFÆRASALAN EHF
Síðumúla 9, 108 Reykjavík
S: 560 8888 - vfs.is

VERKFRÆÐISTOFAN SKIPASÝN EHF
Grandagarði 14, 101 Reykjavík

VHE VÉLAVERKSTÆÐI
Melabraut 21-27, 220 Hafnarfirði
S: 575 9700 - vhe.is

VM, FÉLAG VÉLSTJÓRA OG MÁLMTÆKNIMANNA
Stórhöfða 29, 110 Reykjavík

Texti / Björgvin Gunnarsson



Gæskur/Gæskan

Ég er Austfirðingur í húð og hár. Það er að segja í móðurætt, en föðurættin er dreifðari. En mestan part ævinnar hef ég búið á Austurlandi og er stoltur af fjórðungnum mínum, þótt ég hafi flutt þaðan í borgina fyrir þó nokkrum árum. Þar á ég enn systkini, móður og fjölda ættingja og vina. Allt sem austfirskt er þykir mér vænt um, flámælskuna, sem því miður er allt að því útdauð, hógværðina (séu Borgfirðingar teknir út fyrir svigann), veðrið, fólkið Austfjarðaþokuna og orð eins og gæskur og gæskan.

Ég tala við mömmu mína nokkrum sinnum í viku, en hún býr í Fellabæ fyrir austan en er Eskfirðingur í grunninn. Hún kveður mig alltaf með orðinu gæskur: „Við heyrumst, gæskur“. Það þykir mér afar vænt um. Þegar ég kom heim í sumarfrí þegar Covid-faraldurinn var í rénun og fór í sund á Egilsstöðum blasti við mér afar austfirsk sjón. Á gólfinu við afgreiðsluna og við heita pottana stóð innan í hjarta: „Tveir metrar gæskur“ og „Tveir metrar gæskan“. Þá fannst mér ég virkilega vera kominn heim. Þegar ég skrifa afmæliskveðjur á Facebook skrifa ég alltaf gæskur eða gæskan, ef ég þekki afmælisbarnið vel. Mér finnst orðið svo hlýlegt. En það eru ekki allir sammála því.

Á dögunum benti ég lesanda Mannlífs, sem hneykslaðist í athugasemdum á frétt, en greinilegt var að lesandinn hafði ekki lesið meira en fyrirsögnina. Ég benti lesandanum kurteisislega á að lesa fréttina: „Lestu fréttina, gæskan“. Reykvískur vinnufélagi minn sagðist hafa verið nálægt því að hringja í mig þegar hann sá þessi orð mín því honum þótti þau svo dónaleg. Það kom á mig fát, enda var ekki ætlun mín að tala niður til konunnar, þvert á móti. Eftir að ég gerði hávísindalega skoðanakönnun á Facebook, komst ég að því, mér til undrunar, að talsverður fjöldi fólks telur það geta verið niðrandi að kalla fólk gæskur eða gæskan. Af þeim 137 Facebook-vinum mínum sem tóku þátt í könnuninni voru 22 sem töldu að orðin gætu verið niðrandi, 111 töldu svo ekki vera og fjórum var drullusama. Þau sem fannst orðið geta verið niðrandi voru langflest ekki frá Austurlandi og oftar en ekki frá Reykjavík og hin flest að austan.

Í raun er hægt að nota hvaða orð á niðurlægjandi hátt, það fer eftir blæbrigðum í rödinni, aðstæðum og fleiru, en það er algjör óþarfi fyrir Reykvíkinga að vera hræddir við orðin gæskur og gæskan. Orðin eru falleg og með hlýja merkingu, en slái maður inn orðinu gæska á orðanetsíðu Árnastofnunar koma upp orð eins og góðmennska, blíða, ástúð og bróðurþel svo eitthvað sé nefnt. Segi ég því við þig lesandi góður, hafðu það gott gæskur/gæskan.

VIÐ SENDUM BESTU KVEÐJUR
Á SJÓMENN OG FJÖLSKYLDUR MEÐ ÓSK UM

Gleðilegan Sjómannadag



Arnarlax



Björgunarvesti með ljósi og neyðarsendi bjarga mannslífum.
Venjum okkur á að vera alltaf í vestunum við vinnu okkar á sjó.

Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið
Siglingaráð

Samgöngustofa